

NÁMSVÍSAR

2020-2021

Yfirlit

Efnisyfirlit

1. bekkur	3
2. bekkur	19
3. bekkur	40
4. bekkur	64
5. bekkur	91
6. bekkur	125
7. bekkur	157
8. bekkur	188
9. bekkur	215
10. bekkur	241

1.bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 10-12 kennslustundir á viku

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í íslensku notum við fjölbreyttar kennsluaðferðir og þá helst Byrjendalæsi og Hljóðaaðferð. Einnig eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Lögð er áhersla á að börn nái góðum árangri í lestri og lesskilning við vinnu á gæðatexta og að lesa bækur. Nemendur læra hlið við hlið en um leið fá þeir ögrandi verkefni við hæfi hvers og eins.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur velja bækur innan þess flokks sem hentar til að æfa lestar Mikilvægt að nemendur fái verkefni við hæfi miðað við getu
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Unnið er með læsi í víðum skilningi Lögð er áhersla á lesskilning Nemendur þjálast í umskráningu bókstafa og hljóða þeirra Orðaforði þjálfaður út frá lestri bóka og með myndum
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Unnið með endurvinnslu og flokkun
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Myndsköpun og föndur Verkefnum skilað á fjölbreyttan hátt t.d. teikna, skrifa, gera hugtakakort, segja frá, klippimyndir ofl.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Hópavinna, paraverkefni fjölbreytt Gæta að fjölbreytni þegar skipt er í hópa þ.e. hafa hópa kynjaskipta, blandaða hópa, getuskipt eða börnin fái að velja sjálf
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Fjallað um mikilvægi heilbrigðis og velferðar í gegnum texta í bókum

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Talað mál og hlustun	Unnið með gæðatexta, bækur, vísur, ljóð og söngva.	<ul style="list-style-type: none"> - þekkir alla stafina og hljóð þeirra - þekkir hrynjanda og rím - hefur skýran og áheyrilegan framburð - getur fylgt fyrirmælum - er fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu - getur endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir - getur sagt frá eftirminnilegum atburðum 	<p>Áhersla er á símat í öllum þáttum íslenskunnar ásamt mats- og skimunarprófum, stuðst er við Lesferil - lesskimun fyrir 1. bekk, stafakönnun, lesfimipróf og teikniprófið Tove-Krogh.</p> <p>Munnleg frammistaða nemenda í tímum metin sem hluti af símati.</p>
Ritun	Vinnubækur og gæðatextar. Í stílabækurnar sínar skrifa nemendur af töflu, frá eigin brjósti og eftir fyrirmælum kennara. Vinnubækur eru Lestrarlandið 1 og 2. Einnig er unnið með fjörlitað námsefni sem þjálfar lestur og ritun.	<ul style="list-style-type: none"> - þekkir hugtökin hljóð, stafur, orð, mólsgrein og punktur - getur skrifað orð - þekkir mikilvægi þess að vanda sig - kann að halda "rétt" á blýanti - sýnir sjálfstæði í vinnubrögðum - þekkir einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum. - þekkir hugtökin sérhljóði/samhljóði rauðir og grænir stafir - getur tjáð hugmyndir sínar og reynslu - getur skrifað skýrt og læsilega 	<p>Áhersla er á símat í öllum þáttum íslenskunnar ásamt mats- og skimunarprófum, stuðst er við Lesferil - lesskimun fyrir 1. bekk, stafakönnun, lesfimipróf og teikniprófið Tove-Krogh.</p> <p>Virkni nemenda í kennslustundum metin sem hluti af símati. Ýmsar vinnubækur í ritun metnar sem hluti af símati, vandvirkni, iðjusemi, frumleiki.</p>
Bókmenntir	Unnið með gæðatexta, bækur, ljóð og söngva. Börn lesa heima í bókum við hæfi og eins velja þau	<ul style="list-style-type: none"> - þekkir lestraráttina - efla lestrarfærni og hraða - efla hlustunar- og lesskilning - geti lesið 55 orð á mínuðu að vori - þekkir hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap 	<p>Áhersla er á símat í öllum þáttum íslenskunnar ásamt mats- og skimunarprófum, stuðst er við Lesferil - lesskimun fyrir 1. bekk, stafakönnun, lesfimipróf og teikniprófið Tove-Krogh.</p>

	bækur að eigin vali á bókasafni.	<ul style="list-style-type: none">- getur lesið úr myndrænu efni, svo sem kvíkmyndum fyrir börn, einföldum skýringarmyndum og kortum- kann nokkur ljóð og getur flutt þau fyrir aðra- getur lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði- getur valið sér bækur eftir áhugasviði	Mat á frammistöðu í tínum
--	----------------------------------	--	---------------------------

1. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6 kennslustundir

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í stærðfræði er lögð á hersla á að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, þjálfist í að nota tungumál og verkfæri hennar.

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, s.s brautalausnir, verkleg kennsla, námsleikir, útikennsla, sýnikennsla. Mikil á hersla er lögð á hlutbundna og skapandi vinnu. Nemendur vinna á fjölbreyttan hátt, einslega sem og í tvenndar eða hópavinnu þar sem þeir fá verkefni við hæfi.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi á herslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum.
Læsi	Unnið að því að hjálpa nemendum við að öðlast stærðfræðilæsi á nánasta umhverfi sitt þannig að þeir séu sjálfbjarga í daglegu lífi. T.d. talnalæsi, hugtakalæsi og peninga- og mælingalæsi.
Sjálfbærni	Þjálfist í að nota peninga. Þjálfist í að meta hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti, mæla, skrá og meta hvort niðurstöður mælinga séu réttar. Noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum og draga skynsamlegar ályktanir.
Sköpun	Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Hlutbundin nálgun í hávegi höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér stærðfræði í þáttum sem snúa t.d. að mataræði, matseld, hreyfingu, hvíld og svefn o.s.fr.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Stærðfræði og tungumál. Tölur og talnaskilningur. Reikniaðgerðir. Mynstur. Rúmfræði og mælingar Tölfræði og flokkun.	Sproti - Nemendabók 1a Nemendabók 1b ÆFingabók 1a ÆFingabók 1b	<ul style="list-style-type: none"> • kann tölurnar upp í 10 • þekkir rúmfræðileg form, hring, ferhyrning og þríhyrning • þekkir einföld talnamynstur • getur flokkað hluti eða myndir eftir eiginleikum • getur mælt og borið saman stærðir og lengdir hluta • kann að telja, raða, lesa og skrifa tölur upp í 20 • getur nýtt sér ýmis hjálparbögn t.d. kubba og talnagrind • getur nýtt sér talnalínu • þekkir einingu og tugi 	Símat Könnun að vori

1. bekkur

Námsgrein: Náttúru- og samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: Kennt í lotum reglulega yfir veturinn

Kennsluaðferðir og skipulag:

Náttúru- og samfélagsfræði er ýmist unnið sem stutt verkefni, sambærting við aðrar námsgreinar eða þemaverkefni. Stundum er þessu fléttað saman við bækur tengdar byrjendalæsi og þannig unnið út frá gæðatexta.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúru- og samfélagsfræði

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Réttindi hvers einstaklings
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi Að lesa mismunandi texta t.d. bækur, kort og myndir
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Umhverfismennt
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Verkefni unnin með sköpun að leiðarljósi Hópavinna, paravinna, einstaklingsvinna
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Allir eiga sama rétt
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Líkamsvitund Heilbrigði Mikilvægi hreinlætis, hreyfingar og hollrar fæðu

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Náttúru- og samfélagsgreinar	Bækur, gæðatextar, ljóð og vísur.	<ul style="list-style-type: none"> - þekkir mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hópi - þekkir skólabygginguna, skólalóðina og nánasta umhverfi skólans - þekkir nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar í heimabyggð - þekkir hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er og að við eignum þjóðsöng - þekkir að við höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn - þekkir að til eru margar þjóðir og mörg tungumál í heiminum - þekkir árstíðirnar fjarar - kann söngva um mánuðina og vikudagana - þekkir hvaða breytingar árstíðaskipti hafa í för með sér fyrir daglegt líf, s.s. á klæðnað og leiki - veit um mikilvægi hreyfingar - veit um mikilvægi þess að borða hollan mat - þekkir íslensku húsdýrin - þekkir nöfn karldýra, kvendýra og afkvæma dýra 	Áhersla er á leiðsagnarmat. Kennari metur hvernig nemandinn stendur og upplýsingarnar notaðar til að skipuleggja áframhaldandi vinnu Vinnubók metin

1. bekkur

Námsgrein: Ensku

Tímafjöldi á viku: Kennt í lotum.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Skapaðar verða aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfi sig í að tala saman á ensku og læri í gegnum hlustun, leik og söng.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur kynnist siðum og venjum enskumælandi þjóða.
Læsi	Að nemandi geti sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi og átti sig á ólíkri menningu þjóða.
Sjálfbærni	Að nemendur geti nýtt sér enskukunnáttu sína í daglegu lífi.
Sköpun	Að nemendur geti búið til einfaldar setningar á ensku.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér ensku til að stuðla að auknu heilbrigði í daglegu lífi.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hlustun og talað mál	Ýmis verkefni.	<p>Skilji einföld fyrirmæli kennara. Geti fylgst með í einföldu hlustunarefni, t.d. söngvum og þulum.</p> <p>Skilji helstu kveðjur og kurteisisorð í samskiptum. Skilji einföld orð og setningar í tengslum við viðfangsefni sem eru kunnugleg.</p> <p>Geti fylgt eftir einföldum texta með hljóði eða mynd til stuðnings.</p> <p>Geti gefið einfaldar upplýsingar um sjálfan sig. Geti tekið undir í söng og farið með þulur.</p> <p>Geti tekið þátt í einföldum samskiptum, t.d. kynnt sig og heilsað.</p>	Frammistöðumat: mat á virkni nemenda í kennslustundum..

1. bekkur

Námsgrein: List- og verkgreinar

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Að nemendur kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum og fái að kynnast ýmsum gerðum efna og áhalda sem hægt er að nota í sambandi við myndlist. Í vetur verður lögð áhersla á tengingu við Byrjendalæsi og taka verkefnin mið af því.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Reynt verður að tengja viðfangsefnin við nánasta umhverfi og hugarheim barnanna
Læsi	Að nemendur læri að lýsa myndverki og skoðun sinni á því
Sjálfbærni	Að nemendur skilji mikilvægi þess að ganga frá verkefnum, eftirnum og áhöldum.
Sköpun	Að nemandi geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki
Jafnrétti	Hópavinna, paraverkefni fjölbreytt Gæta að fjölbreytni þegar skipt er í hópa þ.e. hafa hópa kynjaskipta, blandaða hópa, getuskipt eða börnin fái að velja sjálf
Heilbrigði og velferð	Að nemendur læri almennt um hreinlæti og meðferð þeirra efna og áhalda sem notuð eru.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Verkefnin tengjast bók eða mynd vikunnar Þar sem unnið er með sköpun og að þjálfa finhreyfingar nemenda með að klippa, teikna, mála, líma og sauma í hin ýmsu efni ásamt því að vinna með grunnformin og grunnlitina og geti beitt þeim í myndgerð.	Unnið er með sköpun og að þjálfa finhreyfingar nemenda með að klippa, teikna, mála, líma og sauma í hin ýmsu efni ásamt því að vinna með grunnformin og grunnlitina og geti beitt þeim í myndgerð.	Vinnusemi og vinnubrögð í verkefnum metin jafnt og þétt.

líma og sauma í hin ýmsu efni ásamt því að vinna með grunnformin og grunnlitina og geti teitt þeim í myndgerð.

1. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem mikil er notað á yngsta stigi.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjánning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir - göngur/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur klætt sig í og úr íþróttafötum. • Getur farið eftir fyrirmælum kennara • Getur gripið bolta • Getur kastað bolta • Þekkir og skilur einfalda leiki og íþróttagreinar • Getur gert æfingar sem að þjálfa liðleika • Getur gert styrktaræfingar • Getur gengið á leikfimibekk • Getur klifrað í rimlum. 	<p>Námsmarkmið, þrep 1.</p> <p>Hluti af stöðvabjálfun.</p>

1. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennslan fer fram einu sinni í viku og hver kennslustund er 30 mín. Árgangnum er skipt upp í 4 hópa og eru ca 12-13 nemendur í hverjum hóp. Tímarnir fara þannig fram að yfirleitt er byrjað á leikjum og síðan leggur kennari fram áhersluatrið sem að nemendur eiga að æfa sig í og svo taka við æfingar. Ef tími gefst til fá nemendur frjálsan tíma í c.a. 5 mín.

Kennslan fer fram í innilaug við Sundlaug Akureyrar. Kennari er á bakknum og ofan í sundlauginni til skiptis. Kennari mun nota áhöld sér til aðstoðar við sundkennsluna. Sundkennsla byggist upp á miklum fjölda endurtekninga.

Áhersla verður lögð á að nemendum líði vel í vatninu og að þeir öðlist öryggi í því í gegnum ýmsa leiki og æfingar. Sérstök áhersla verður á flot á bringu og baki. Við leggjum áherslu á að börn tileinki sér hreyfingar sem eru þeim tamar í vatninu þ.e. skrið-og baksundshreyfingar. Við munum leitast að fremsta megni að koma til móts við þarfir einstaklings.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og velmenntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og sundæfingar		<ul style="list-style-type: none"> Þekkir umgengnis- og öryggisreglur á sundstöðum Getur farið með andlit í kaf og andað frá sér Getur flotið á bringu eða baki með/án hjálpartækja Getur gengið með andlit í kafi a.m.k. 2,5m Getur tekið skriðsundsfótatök með/án hjálpartækja 	Námsmarkmið í mentor. Þrep 1.

1. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og samskiptatækni

Tímafjöldi á viku: Breytilegur, kennt í stuttum námskeiðum yfir veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennt í stuttum námskeiðum yfir veturinn.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þekki umgengnisreglur sem gilda um spjaldtölver í skólanum Kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur geti tekið myndir á spjaldtölву Að nemendur þjálfist í að lesa bæði myndrænt og á texta í þeim verkefnum sem þau vinna í Að nemendur þjálfist í að nota hlustun við vinnu sína í spjaldtölvum nýtir gagnvirkta námsefni
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> nýti tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þjálfist í að skiptast á og taka tillit til hvers annars þegar unnið er í spjaldtölvum. Sýni hvert öðru þolinmæði og hjálpsemi

	<ul style="list-style-type: none"> nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til ánægju og gagns
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri til að vinna út frá eigin styrkleikum sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Opna og loka spjaldtölву	spjaldtölvur		Munnleg endurgjöf
Opna og loka forritum í spjaldtölvum	ýmissforrit fyrir spjaldtölvur	Geti opnað þau forrit sem beðið er um	Munnleg endurgjöf
Taka myndir á spjaldtölву	myndavél í spjaldtölву	Kunni að fara í myndarvélina og smella af	Munnleg endurgjöf

2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 8

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í lestri verður unnið eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi. Byrjendalæsi felur í sér nálgun með gæðatexta sem nær til allra þáttar móðurmálsins þannig að tal, hlustun og ritun er fellt saman í eina heild. Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið. Mikil áhersla er lögð á að auka færni sérhvers nemanda í öllum þáttum lestrarar, lestrarlagi, lestrarhraða, lesskilningi og ritun.

Áhersla er lögð á sambærtingu við aðrar námsgreinar s.s. samfélags- og náttúrugreinar, tónlist, leikræna tjáningu, myndmennt og handmennt. Námsþættir eru lagðir inn í misstórum hópum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Þema tengt inn í samfélagsfræði þar sem við vinnum með land og þjóð og hvað það þýðir að búa í lýðræðissamfélagi. Unnið verður með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nemendur eru hvattir til að vera virkir og taka þátt í umræðum í beknum.
Læsi	Fjallað verður um læsi í víðum skilningi, lestar og lesskilningur þjálfraður. Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfraður út frá myndum.
Sjálfbærni	Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið.
Sköpun	Ýmis skapandi verkefni eru unnin út frá námsefninu (tengt BL).
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Talað mál og hlustun	Unnið með ýmsa gæðatexta, bækur, ljóð og söngva.	<p>Getur tjáð sig með framsögn.</p> <p>Getur nýtt sér inntak texta sem lesinn er.</p> <p>Getur miðlað innihaldi texta til annarra.</p>	<p>Með áherslu á leiðsagnarmat metur kennari hvernig barnið stendur, til að skipuleggja áframhaldandi vinnu. Stöðluð skimunarpróf.</p> <p>Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.</p>
Ritun	Unnið út frá ýmsum gæðatextum, bókum, ljóðum og söngvum. Unnið er með ýmsar vinnubækur eins og Ritrún, Lestrarlandið, Sín ögnin af hverju. Ítalíuskrift 1A, forskriftarbækur og blöð.	<p>Getur skrifað málsgreinar með hæfilegu bili á milli orða.</p> <p>Getur skrifað frásögn sem er að minnsta kosti fjórar málsgreinar.</p> <p>Getur látið stafi sitja rétt á línu.</p> <p>Getur tjáð sig með texta.</p>	<p>Stöðluð skimunarpróf og stöðupróf.</p> <p>Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.</p>
Lestur og bókmenntir	<p>Unnið með ýmsa gæðatexta, bækur, ljóð og söngva. Ýmsar léttlestrarbækur, lestrarlisti námsgagnastofnunar og aðrar þyngri bækur af bókasafni skólans.</p> <p>Annað námsefni: Gagnvirkt efni á nams.is Smábókaskápurinn Lestrarlandið, lestrar- og vinnubók Ritrún 1 Sitt af hverju Bókakistan</p>	<p>Getur lesið upphátt og í hljóði.</p> <p>Getur lesið auðveldan texta sér til gagns og ánægju.</p> <p>Þekkir uppbyggingu sögu, s.s. söguþráður, sögupersónur og boðskapur.</p> <p>Getur greint á milli fræði- og sögubóka.</p> <p>Getur lesið 85 orð á mínútu að vori.</p>	<p>Hraðlestrarpróf og lesskilningspróf. Lesfimipróf MMS í sept, jan og maí. Áhersla er á leiðsagnarmat þar sem kennari lætur nemendur vita jafnt og þétt í orðum hvernig verkefni ganga og hvernig nemandinn vinnur verkefnin.</p> <p>Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.</p>

	<p>Orðabækur Kortabækur</p> <p>Fjörlitað námsefni sem miðast við alla undirþætti lesturs ásamt öðru aðlöguðu námsefni.</p>	<p>Þekkir uppbyggingu sögu, upphaf, miðja, endir.</p> <p>Getur leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.</p>	
Málfræði	<p>Ritrún 1, Lestrarlandið, vinnubók 2</p> <p>Sín ögnin af hverju</p> <p>Fjölbreytt fjörlitað námsefni og ýmsir námsvefir.</p>	<p>Þekkir hugtakið málsgrein.</p> <p>Þekkir hástafi og lágstafi.</p> <p>Þekkir hugtakið samsett orð.</p> <p>Þekkir hugtökin sérnafn og samnafn.</p> <p>Þekkir regluna um þ og ð í ritun orða.</p> <p>Getur unnið með stafrófið.</p>	<p>Stöðluð skimunarpróf og stöðupróf.</p> <p>Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.</p>

2. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag:

Leitast verður við að nota sem fjölbreyttastar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verklega kennslu, námsleiki, útikennslu, sýnikennslu og fl. Mikið verður lagt upp úr hlutbundinni vinnu.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá námsefni og kennslu miðað við persónulega stöðu í námi. Nemendur þjálfaðir í að rökræða niðurstöður og leggja mat á rökstuðning frá öðrum.
Læsi	Talnalæsi, fjármálalæsi, hugtakalæsi.
Sjálfbærni	Reynt að stuðla að sjálfbærni með því að þjálfa nemendur í að draga ályktanir og taka skynsamlegar ákvarðanir um neyslu til dæmis.
Sköpun	Verkefni unnin og sett fram á skapandi og listrænan hátt. Hlutbundin nálgun í hávegi höfð og ýtt undir skapandi hugsanir nemenda eins og kostur er.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér stærðfræði í þáttum sem snúa t.d. að mataræði, matseld, hreyfingu, hvíld og svefni o.s.frv.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<p>Stærðfræði og tungumál. Tölur og talnaskilningur. Reikniaðgerðir, algebra og mynstur.</p> <p>Rúmfræði og mælingar Tölfræði og flokkun.</p>	<p>Sproti 2a og b nemenda og æfingahefti. Aðlagað námsefni eftir þörfum hvers og eins.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur unnið með öðrum að lausn þrauta. • Getur útskýrt lausnaferli sitt fyrir öðrum. • Kann að lesa úr einföldum myndrænum niðurstöðum. • Getur mælt með mismunandi mælieiningum. • Þekkir hugtökin plús og mínus og kann að nota þau. • Þekkir tímatal, daga, vikur, mánuði, ár og árstíðir. • Getur notað mismunandi hjálparögn. • Kann að nota talnalínu. • Þekkir einingu, tug og hundrað. • Þekkir peninga að 500 kr. og getur unnið með þá. • Þekkir hugtökin tvöfalt meira og helmingi minna. • Kann sléttar tölur og oddatölur. • Þekkir hugtökin samhverfa og spegilás. • Getur lagt saman með töluunum frá 0 - 100. • Getur dregið frá með töluum frá 0 - 100. • Þekkir algeng rúmfræðiform. • Þekkir hugtakið flatarmál. • Getur nýtt sér einingu og tug við reiknisaðgerðir. 	<p>Símat í formi kaflaprófa í Sprota 2a og 2b auk mats á vinnusemi í tínum. Próf í lok hverrar annar. Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.</p>

2. bekkur

Námsgrein: Ensku

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Skapaðar verða aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt og tengt við daglegt líf. Lögð áhersla á að nemendur geti tekið þátt í einföldum samskiptum og samskiptaleikjum, geti skrifað einföld orð og setningar á ensku. Sungið á ensku og hlustað á tónlist til gagns og gamans. Samþætting við byrjendalæsi þar sem unnin eru enskuverkefni sem tengjast þeirri vinnu.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Að nemendur kynnist siðum og venjum enskumælandi þjóða.
Læsi	Að nemandi geti sýnt fram á að hann kunni skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi og átti sig á ólíkri menningu þjóða.
Sjálfbærni	Að nemendur geti nýtt sér enskukunnáttu sína í daglegu lífi.
Sköpun	Að nemendur geti búið til einföld orð og setningar á ensku.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér ensku til að stuðla að auknu heilbrigði í daglegu lífi.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hlustun Lestur Ritun Talað mál og samskipti	Námsefni útbúið af kennara og kennsluefni af veraldarvef sem tengist viðfangsefni hverju sinni.	<p>Getur tekið undir í söng og farið með þulur.</p> <p>Getur unnið með einföld orð.</p> <p>Getur tekið þátt í einföldum samskiptum t.d. kynnt sig og heilsað.</p> <p>Getur skrifað einföld orð af töflu.</p>	Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.

2. bekkur

Námsgrein: Samfélags- og náttúrugreinar

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag:

Þemanám: Ýmist unnið sem stutt verkefni eða út frá ákveðnu þema s.s. Komdu og skoðaðu líkamann, ...fjöllin, ...land og þjóð, ...bílinn. Áhersla er á fjölbreytt vinnubrögð þar sem reynir á mismunandi færniþætti og vinnan sampætt móðurmálskennslu.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar:

Grunnþáttur	Áherslupættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verði meðvitaðir um réttindi sín og skyldur í lýðræðissamfélagi og læri að taka ábyrgð á eigin lífi.
Læsi	Nemendur læri að lesa á sitt nærumhverfi. Nemendur þjálfast í myndlæsi, orðaforði þjálfaður út frá myndum.
Sjálfbærni	Fjallað er um endurvinnslu, flokkun og umhverfið. Nemendur verði meðvitaðir um mikilvægi þess að hvort samfélag verði sjálfu sér nægt um sem flesta hluti og skilji nauðsyn þess að skila umhverfinu ekki í verra horfi en þeir tóku við því.
Sköpun	Ýmis skapandi verkefni eru unnin og sett fram á ólíkan hátt. Nemendur fá tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og ímyndunarafl.
Jafnrétti	Nemendur geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.
Heilbrigði og velferð	Nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Samfélags- og náttúrufræði	Komdu og skoðaðu líkamann		Kennrar notast við námsmarkmið við námsmat. Kennrar meta nemendur jafnt og þétt yfir veturinn í formi símats.
Samfélags- og náttúrufræði	<ul style="list-style-type: none"> • Komdu og skoðaðu land og þjóð • Komdu og skoðaðu fjöllin • Komdu og skoðaðu bílinn • Könum kortin 1 • Veraldarvefurinn notaður til að afla nánari upplýsinga. • Ýmsar fræðibækur 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir íslenska fánann og hvað litir hans tákna. • Þekkir skjaldarmerki Íslands og söguna af landvættunum. • Þekkir nokkur dæmi um störf til sjávar og sveita. • Þekkir mismunandi fjölskyldugerðir í íslensku samfélagi. • Þekkir nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði og sögulegar byggingar í heimabyggð. • Þekkir valdar persónur úr Íslendingasögunum. • Kann að í einu ári eru 12 mánuðir, í mánuði eru 28 - 31 dagur og í sólarhring eru 24 klukkustundir. • Þekkir að flest heimili eru hluti þéttbýlis sem er mismunandi að stærð og lögun t.d. þorp, bærir og borgir. • Þekkir nokkur örnefni, kennileiti, sögustaði í nánasta umhverfi. 	

2. bekkur

Námsgrein: Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Lífsleikni er fléttuð inn í allar kennslugreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá leiðsögn í lýðræðislegum vinnubrögðum t.d. í hópastarfi
Læsi	Nemendur öðlist færni í samskiptum og lesi í þarfir samnemenda sinna.
Sjálfbærni	Nemendur fást við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið. Unnið með þarfir hvers og eins.
Sköpun	Nemendur styrki sjálfsmynnd sína.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni við hæfi sem byggir upp jákvæða sjálfsmynnd.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynnd og efla þannig heilbrigði.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Bekkjarsáttmáli	Uppbyggingarstefnan	Stundvísí	Kennrar notast við námsmarkmið við námsmat.
Bekkjarfundir þarfirnar Mitt og þitt hlutverk: T-spjöld- Er og er ekki Y-spjöld-sjáum, heyrum, finnum	Olweus Og allt annað námsefni sem við fléttum lífsleikni saman við.	Sjálfsgagnrýni og sjálfsmat Litahegðun og þarfir Virðing fyrir bekkjarsáttmála Þátttaka á bekkjarfundum og í hópvinnu	Kennrar meta nemendur jafnt og þétt yfir veturinn í formi símats.

2. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og samskiptatækni

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sem krefjast ígrundunar, frumkvæðis og aðferða sem opna sífellt á nýja möguleika. Nemendur kynnast þjálfunarforritum sem gagnast þeim við nám. Sýnikennsla með skjávarpa.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemandi fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og hefur áhrif á útkomu. Nemandi vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar. Nemandi kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð.
Læsi	Nemandi tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu og nýtir gagnvirkt námsefni.
Sjálfbærni	Nemandi tekur þátt og nýtir sér notkunarmöguleika hug- og tækjabúnaðar og gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt.
Sköpun	Nemandi nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt og hæfileika sína og skapar afurð.
Jafnrétti	Nemandi nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til gagns og gamans, tekur tillit til skoðana annarra.
Heilbrigði og velferð	Nemandi beitir réttum vinnustellingum og vinnubrögðum.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Upplýsinga og samskiptatækni.	<ul style="list-style-type: none"> • Upplýsingatækni fyrir yngsta stig. • Fingrafimi. • Ýmis kennsluforrit og leikir. • Ritvinnsluforritið Word. • Teikniforritið Paint. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir réttar vinnustellingar við tölvur og snjalltæki og nýtir sér þær. • Þekkir umgegnisreglur sem gilda um tölvubúnað í skólanum. • Getur kveikt á tölvu, skjá og tengt heyrnartól. • Getur skráð sig inn í tölvukerfi skólans með notendanafn og lykilorði. • Getur opnað vafra og farið inn á nams.is • Getur opnað og lokað forritum. 	Munnleg endurgjöf sem inniheldur umsögn um það sem vel hefur verið gert og það sem þarf að bæta ásamt því að gefa leiðbeiningar um leiðir að úrbótum.

2. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Kennsluaðferðir og skipulag:

Myndmennt er sambætt við aðrar námsgreinar. Kennari leggur inn og sýnir nýja verkþætti. Sýnikennsla, sköpun, verklegar æfingar.

Áhersla lögð á sköpunargleði, meðhöndlun verkfæra og fjölbreytt vinnubrögð.

Nemendur læra að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og útfæra verkefni á sinn hátt. Viðfangsefnin tengd við nánasta umhverfi og hugarheim barnanna.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.
Læsi	Nemendur læra myndlæsi og að skapa sögu í myndsköpun.
Sjálfbærni	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með efni til myndsköpunar.
Sköpun	Nemendur nái að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túlka í myndsköpun og í umræðum. Farið í grunnþætti myndsköpunar, lítafræði og formfræði.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í myndmennt til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til listsköpunar og handverks.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<p>Grunnþættir myndmennta svo sem frumlitirnir og grunnformin.</p> <p>Verkefni tengd þeim bókum sem verið er að vinna með hverju sinni í Byrjendalæsi.</p> <p>Þemategnd verkefni svo sem haust-, jóla-, páskao og vorverkefni.</p>	<p>Hin ýmsu verkfæri myndmenntar svo sem, blýhantar, litir, penslar, þekjulitir, vatnslitir o.fl.</p>	<p>Að nemendur geti unnið myndverk á fjölbreytilegan hátt í ýmis efni með margvíslegum áhöldum í gegnum teiknun, málun, mótu, klippimyndir, þrykk.</p> <p>Að nemendur geti á einfaldan hátt tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim í myndverki.</p> <p>Að nemendur getir sett fram á sjónrænan hátt eigin upplifun eða ímyndun.</p> <p>Að nemendur þekki grunnlitina, einfaldar litablöndur og litatóna.</p> <p>Að nemendur hafi tamið sér vönduð vinnubrögð.</p>	<p>Símat í framförum, sjálfstæði, frumkvæði, ástundun, vinnubrögðum og samstarfshæfni.</p>

2. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Kennsluaðferðir og skipulag:

Textílmennt er sambætt við aðrar námsgreinar. Nemendur vinna einstaklingslega eða í hóp að verkefnum. Kennari leggur inn og sýnir nýja verkþætti.

Lögð er áhersla á að hver nemandi vinni út frá eigin hugmyndum og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Nemendur aðstoða hver annan eftir getu hvers og eins.

Verkefni í textílmennt eru tengd við aðra vinnu í 2. bekk s.s. verkefni í byrjendalæsi, Erasmus+ o.fl.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læra að hugmyndir allra eru jafn réttháar og að allir fái að skapa sín verk út frá eigin getu og hæfileikum.
Læsi	Nemendur skoða mismunandi textílverk og læra hvernig er hægt að vinna textílverk tengd ákveðnum sögum og atburðum
Sjálfbærni	Unnið er með endurnýtanlegan efnivið og þann efnivið sem til er. Lögð er áhersla á að hægt sé að nota handverk til útbúa fallega hluti til nytja og skreytinga.
Sköpun	Nemendur vinna út frá eigin hugmyndum og útfæra á persónulegan hátt
Jafnrétti	Námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig að allir njóti sín. Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins.
Heilbrigði og velferð	Rólegt og öruggt námsumhverfi þar sem nemendur kynnast þeirri ró sem fylgir textílvinnu. Áhersla er lögð á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> Teiknaðar myndir og form, klippt út og notað til skreytinga á mynd eða ákveðinn hlut. Þæfður hlutur s.s mús, bolti, blóm. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur klippt pappír eftir línum. Getur klippt pappír eftir grófum formum. Getur þæft einfaldan hlut. 	Námsframvindumarkmið metin í mentor í lok hverrar annar.
<ul style="list-style-type: none"> Teiknuð mynd á stífan pappír, þræðispor saumað í kring. Saumaður hlutur úr filti s.s. tré, hjarta, perlur saumaðar á hvorn helming hlutarins. Saumað saman með þræðispori. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur saumað þræðispor í efni. 	
<ul style="list-style-type: none"> Saumuð mynd sem notuð eru nokkur mismunandi útsaumsspor við. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur saumað hálf krosssaumsspor. Getur gengið frá endum í útsaum. 	
<ul style="list-style-type: none"> Prjónaðar lengjur með puttaprjóni. 	<ul style="list-style-type: none"> Getur prjónað puttaprjón. 	

2. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur og leikir er kennsluform sem mikið er notað á yngsta stigi.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjánning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p><u>Útiíþróttir -</u> göngur/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p><u>Inniíþróttir-</u> áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> Getur farið eftir flóknari fyrirmælum kennara Getur gengið eftir leikfimibekk á hvolfi Getur rekið handbolta Hanga í rimlum Getur tileinkað sér reglur og þekkir framkvæmd íþróttagreina og leikja Kann að taka tillit til ólíkra þarfa skólasystkina Getur komist yfir litla fimleikakistu með hoppi/klifri Kann að fara kollhnís Getur rekið fótbolta 	<p>Námsmarkmið, þrep 3. Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

2. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennslan fer fram einu sinni í viku og hver kennslustund er 30 mín. Árgangnum er skipt upp í 4 hópa og eru ca 12-13 nemendur í hverjum hópum. Tímarnir fara þannig fram að yfirleitt er byrjað á leikjum og síðan leggur kennari fram áhersluatriði sem að nemendur eiga að æfa sig í og svo taka við æfingar. Ef tími gefst til fá nemendur frjálsan tíma í c.a. 5 mín.

Kennslan fer fram í innilaug við Sundlaug Akureyrar. Kennari er á bakkanum og ofan í sundlauginni þegar færi gefst. Kennari mun nota áhöld sér til aðstoðar við sundkennsluna. Sundkennsla byggist upp á miklum fjölda endurtekninga.

Áhersla verður lögð á að nemendum líði vel í vatninu og að þeir öðlist öryggi í því í gegnum ýmsa leiki og æfingar. Sérstök áhersla verður á flot á bringu og baki. Við leggjum áherslu á að börn tileinki sér hreyfingar sem eru þeim tamar í vatninu þ.e. skrið-og baksundshreyfingar. Við munum leitast að fremsta megni að koma til móts við þarfir einstaklings.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm millinemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og sundæfingar.		<ul style="list-style-type: none"> • getur synt 12 m. skriðsund með/án hjálpartækja • getur synt 6 m. skriðsund • getur framkvæmt marglyttuflot • getur sprynt sér frá bakka með andlit í kafi • getur tekið bringusundsfótatök með/án hjálpartækja • getur synt 12 m. baksundsfótatök með/án hjálpartækja • getur hoppað af bakka 	Námsmarkmið í mentor. Þrep 2.

3. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 8-10

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið verður út frá ramma Byrjendalæsis í íslensku kennslunni og leitast verður við að sambætta kennsluna öðrum námsgreinum eins og kostur er t.d. samfélags- og náttúrfræðigreinum. Áhersla er á að nálgast alla hluta læsis á sem fjölbreyttastan hátt og leitast við að mæta hverju barni á forsendum þess. Vinnan tekur til allra þátta móðurmálsins s.s. tal, hlustun, ritun og málfræði. Unnið er bæði einstaklingslega og í hópum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir og taki þátt í umræðum í bekknum t.d. á bekkjafundum. Unnið er með verkefni tengd samféluginu og bókin Komdu og skoðaðu land og þjóð lögð til grundvallar.
Læsi	Unnið er með læsi í víðum skilningi, þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Unnið með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðarforða og málskilningi.
Sjálfbærni	Sjálfbærni er kennd í daglegri umgengni í skólanum og tekur til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt.
Sköpun	Fjölbreytt verkefni unnin og sett fram á skapandi hátt og nemendur styrktir í að nota eigið frumkvæði og sköpunarkraft.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér móðurmálið í þáttum sem snúa t.d. að mataræði, matseld, hreyfingu, hvíld og svefni o.s.frv.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Talað mál og hlustun	Ýmsar sögu- og lestrarbækur, spil og önnur gögn sem örva málhotkun, skilning og tjáningu.	Getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum skýrt og áheyrilega. Getur sungið algenga íslenska söngva og tekið þátt í fjöldasöng. Getur endursagt og/eða lesið sögur og ljóð upphátt.	Með áherslu á leiðsagnarmat metur kennari hvernig barnið stendur, til að skipuleggja áframhaldandi vinnu.
Ritun	Skriftarbækur, Ritrún, Ás, Twistur og Þristur o.fl.	Getur lýst hlutum og athöfnum í nánasta umhverfi í rituðu máli. Getur samið sögur og ljóð. Getur skrifað einfaldan texta eftir upplestri. Getur farið eftir nokkrum stafsetningarreglum.	Stöðluð skimunarpróf og stöðupróf.
Bókmenntir	Ýmsar bækur fengnar að láni á skólasafni.	Getur rætt um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á. Gerir sér grein fyrir hugtökum eins og söguþráður og sögulok. Getur tekið þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta	Áhersla er á leiðsagnarmat þar sem kennari lætur nemendur vita jafnt og þétt í orðum hvernig verkefni ganga og hvernig nemandinn vinnur verkefnin.
Lestur	Lestrarþjálfunlestrar- bækur við hæfi hvers og eins.	Eykur lestrarhraða sinn og eflir lesskilning með fjölbreyttum verkefnum. Les 100 orð á mínútu að vori. Getur gert munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið. Þjálfí daglega lestur heima.	Hraðlestrarpróf og lesskilningspróf. Lesfimipróf MMS í sept, jan og maí.
Málfræði	Ritrún, Ás, Twistur og Þristur ásamt ýmsum málfræðiverkefni.	Þekkir hugtökin bókstafur, orð og málsgrein. Áttar sig á mun sérljóða og samhljóða. Áttar sig á fallbeygingu nafnorða. Kannast við hvaða orðmynd er uppfleitt mynd nafnorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka. Þekkir og getur greint samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn. Gerir sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.	Stöðluð skimunarpróf og stöðupróf.

		Áttar sig á því hvernig orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum. Þekkir hugtökin bókstafur, orð og málsgrein. Þekkir mun á sérhljóða og samhljóða.	
--	--	---	--

3. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5

Kennsluaðferðir og skipulag:

Notaðar verða fjölbreyttar aðferðir við kennsluna s.s. þrautalausnir, verkleg kennsla, námsleikir, útikennsla, sýnikennsla og fl. Lögð verður áhersla á hlutbundna vinnu og unnið jafnt einstaklingslega og í misstórum hópum með tilliti til stöðu einstaklingsins og eðli hvers viðfangsefnis.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Lögð er áhersla á að nemendur séu virkir og taki þátt í umræðum í bekknum, rökstyðji og leggi mat á stærðfræðilegt efni t.d. þar sem stærðfræði og tölur koma við sögu.
Læsi	Unnið að því að hjálpa nemendum við að öðlast stærðfræðilæsi á nánasta umhverfi sitt þannig að þeir séu sjálfbjarga í daglegu lífi. T.d. talnalæsi, hugtakalæsi og peninga- og mælingalæsi.
Sjálfbærni	Þjálfist í að lesa á tölvuklukku og klukku og vinni með tímareikninga og tímaáætlanir. Þjálfist í að nota peninga. Þjálfist í að meta hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti, mæla, skrá og meta hvort niðurstöður mælinga séu réttar. Noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum og draga skynsamlegar ályktanir.
Sköpun	Nemendur tjái sig í mynd, formi, máli eða á annan skapandi þátt sem þeim kemur í hug í vinnu sinni við verkefnum tengdum stærðfræði.
Jafnrétti	Nemendur fá námsefni og kennslu við hæfi hvers og eins og reynt að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti þannig allir fái notið sín.
Heilbrigði og velferð	Nemendur nýti sér stærðfræði í þáttum sem snúa t.d. að mataræði, matseld, hreyfingu, hvíld og svefni o.s.fr.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> Stærðfræði og tungumál. Tölur og talnaskilningur. Reikniaðgerðir. Algebra og mynstur. Rúmfræði og mælingar Tölfræði og flokkur. 	<ul style="list-style-type: none"> Námsbækurnar Sproti 3a og 3b, nemenda- og æfingahefti Í undirdjúp-unum: frádráttur margföldun deiling Sproti 3a og 3b, nemenda- og æfingahefti Aðrar bækur og ítarefni eftir þörfum s.s. rökþrautir, stærðfræðispil og þrautir. 	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur geti útskýrt hugsun sína fyrir öðrum með því að beita stærðfræði hugtökum og við lausnaleit, auk þess að nota hentug verkfæri, og hlutbundin gögn s.s. kubba, talnalínu, mælitæki og vasareikna. Að nemendur bjálfist í talnaskilningi. Nemendur bjálfist í að nota hundruð, tugi og einingar. Að nemendur bjálfist í að nota samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Nemendur kynnast endurtekinni samlagningu og margföldun svo og endurteknum frádrætti. Að nemendur geti kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum og talnamynstrum á fjölbreyttan hátt og geti spáð fyrir um framhald þeirra. Að nemendur geti notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. Geti áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða. Að nemendur geti talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit. Umræður og gagnasöfnun um tilviljanir og líkur, að gera einfaldar tilraunir með líkur. 	<p>-Símat í formi kaflaprófa í Sprota 3a og 3 b auk mats á vinnusemi í tínum.</p> <p>Próf í lok hverrar annar</p>

3. bekkur

Námsgrein: Ensku

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Enskukennsla fer fram 40 mínútur á viku. Skapaðar verða aðstæður þar sem nemendur geta notað málið á einfaldan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfi sig í að tala saman á ensku, geti hlustað sér til gagns og gamans á efni sem tengist lífi og menningu enskumælandi þjóða í gegnum leik og söng. Enn fremur að nemendur geti tekið þátt í einföldum samskiptum og samskiptaleikjum og geti skrifað einfaldar setningar á ensku.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Læsi	Nemendur læra myndlæsi og að skapa sögu í myndsköpun
Sjálfbærni	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með efni til myndsköpunar.
Sköpun	Nemendur nái að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túlka í myndsköpun og í umræðum. Farið í grunnþætti myndsköpunar, litafræði og formfræði, auk þess að skoða sögu lista.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með myndsköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í myndmennt til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til listsköpunar og handverks.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþættir myndmennta.	Að horfa á nærumhverfi og túlka í myndsköpun. Notkun ólíkra myndmiðla s.s. málun, teikning, litafræði og móton, skoða sögu lista.	Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar og nýtt sér þá leikni sem hann hefur öðlast í verkefnum. Geta notað þau efni og áhöld sem kynnt hafa verið. Unnið einföld verkefni einn eða í hópi. Gengið frá eftir vinnu sína.	Símat þar sem horft er til hæfni og getu hvers og eins, ástundun og hegðun.

4. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en árganginum skipt í þrjá hópa sem koma í 80 mín. einu sinni í viku yfir önnina.

Kennsluaðferðir og skipulag: Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkefna, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013.

Nemendur læra að umgangast verkfærin og ganga frá þeim eftir notkun

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í hönnun/smíðum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til sköpunar og handverks. Lögð veður áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að umgangast verkfæri og tæki af varkární.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með sköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.

Læsi	Að þekkja eiginleika mismunandi efna og þekkja heiti á mismunandi viðartegundum. Að þekkja helstu verkfæri og hvernig þau eru notuð. Að geta lesið einfalda smíðateikningu.
Sköpun	Hver nemandi læri að útfæra hugmyndir sínar á skapandi hátt.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Sjálfbærni	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með allt efni.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni	Námsefni búið til af kennara. Modeltegninger 1960. The big book of weekend woodworking.	Að nemendur læri að útfæra hugmyndir sínar í mismunandi efni og nota til þess mismunandi verkfæri	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfniþáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, og sköpun einnig ábyrgð, tillitsemi, samskipti og samstarf.
		Að nemandinn: - sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni - leggi sig fram við vinnu sína - sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri - geti virkjað áhugasvið sitt við val verkefna og geri sér grein fyrir hæfileikum sínum í sköpun - sýni öðrum kurteisi og tillitssemi og beri virðingu fyrir vinnunni	
		- þekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og geti flokkað þau til endurvinnslu	
Verktækni		Að nemandinn:	

		<ul style="list-style-type: none"> - þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa - hafi notað einfaldar gerðir samsetninga, s.s. lím og nagla - hafi unnið með mismunandi smíðaefni, s.s. plötuefni, við og band - geti notað laufsög og bakkasög ásamt útsögunarklauf og skerstokk og geti valið verkfæri við hæfi verkefnis - geti skreytt smíðisgripi sína með brennipenna - kunni að umgangast verkfærin, hreinsa og ganga frá þeim eftir notkun - geti valið pensla við hæfi verkefnis og kunni að mála með vatnsleysanlegum litum - kunni að velja og beita sandpappír á réttan hátt 	
Hönnun		<ul style="list-style-type: none"> - þekki grunnformin og geti nýtt sér þau við hönnun verkefna - þekki til hefðbundins vinnuferlis - geti nýtt sér hugmyndir annarra við gerð eigin verkefna - geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni 	

4. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Tímafjöldi á viku: Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en árganginum skipt í þrjá hópa sem koma í 80 mín. einu sinni í viku yfir önnina.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Þriðjungi bekkjar kennt í einu. Nemendur eru mest að vinna að eigin verkefni en í einstaka tilfellum í hóp. Hópkennsla og einstaklingskennsla.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin. -Að nemendur hafi góða vinnuaðstöðu og líði vel. -Að gagnkvæm virðing ríki á milli kennara og nemenda.
Læsi	<p>Umhverfislæsi: Nemendur læri á umhverfi sitt og að nýta sér þau tæki og tól sem nauðsynleg eru í þeirri vinnu sem þau eru hverju sinni.</p> <ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur geti lesið uppskriftir og leiðbeiningar.
Sjálfbærni	<p>Að nemendur læri að endurnýta sem mest, sauma og prjóna úr gömlum efnum, gardínum, rúmfötum, flíkum ofl. Við göngum vel um skólastofuna og flokkum plast, pappír og lífrænt.</p> <p>Nemendur þekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og flokki þau til endurvinnslu.</p>
Sköpun	Nemendur hafi ákveðið val um td. efni, liti, form eða annað. Nemandi skapar þá sitt eigið verk, gerir það að sínu og enginn annar á eins.
Jafnrétti	-Áhersla á að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin.
Heilbrigði og velferð	Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni	Námsefni búið til af kennara. Bókin hannyrðir í 3.-6. bekk. og ýmsar bækur og blöð ásamt efni af netinu.	Að nemendur læri að útfæra sína hugmynd í mismunandi efni og noti til þess rétt verkfæri. Að nemendur nái að útbúa hlut, bæði eftir eigin hugmynd og eftir leiðbeiningum kennara.	Lykilhæfnibættir metnir og skráðir. Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt. Lokamat er byggist á þessu símati.
Nemendur læri að prjóna garðaprjón og geti prjónað lítinn einfaldan hlut og gengið frá honum.			
Að nemendur læri að nota saumavélina, sauma beint og sikk sakk spor, bakka og beygja.		Að nemendur læri einföldustu atríði við saumaskap í vél. Að nemendur geti saumað beinan saum í vél, bakkað og snúið.	
Eitt einfalt verkefni gert í saumavél þ.e.bangsi. Nemendur fá frjálsar hendur með að hanna og sauma bangsafót eftir eigin höfði. Nemendur vinni með mismunandi efni.		Að nemendur saumi einfaldan hlut eftir eigin hönnun.	

4. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem mikið er notað á yngsta stigi.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir: Göngur/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir: Áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kann skil á helstu reglum í knattspyrnu • Kann reglur í flóknari leikjum • Getur staðið á höfði við vegg • Kann að sippa • Getur stokkið af stökkbretti á kistu • Kann að fara í handahlaup • Getur skotið af gólfí í handbolta • Getur dripplað handbolta fram hjá einföldum hindrunum. 	<p>Námsmarkmið:</p> <p>Þrep 4.</p> <p>Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

4. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennslan fer fram einu sinni í viku og hver kennslustund er 40 mín. Hóparnir eru bekkjarskiptir. Tímarnir fara þannig fram að yfirleitt er byrjað á leikjum og síðan leggur kennari fram áhersluatrið sem nemendur eiga að æfa sig í og svo taka við æfingar. Ef tími gefst til fá nemendur frjálsan tíma í c.a. 5 mín.

Kennslan fer fram í innilaug og útilaug við Sundlaug Akureyrar. Kennari er á bakknum og fer ofan í ef þess þarf. Kennari mun nota áhöld sér til aðstoðar við sundkennsluna. Sundkennsla byggist upp á miklum fjölda endurtekninga.

Áhersla lögð á að nemendum líði vel í vatninu og að þeir öðlist öryggi í því í gegnum ýmsa leiki og æfingar. Við munum leitast að fremsta megni að koma til móts við þarfir einstaklings.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm millinemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og sundæfingar		<ul style="list-style-type: none"> • getur stungið sér úr kropstöðu • getur synt 25m skriðsund • getur synt 15m skólabaksund • getur synt 25m bringusund • getur synt 15m baksund • getur synt með flugsundsfótatökum 	Námsmarkmið í mentor. Þrep 4.

5. bekkur

5. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hafa skal í huga að nám í móðurmáli er heildstætt og hver þáttur námsins styður annan.

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er. Áhersla lögð á sampættingu við aðrar námsgreinar. Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs málstuðlar að betra valdi á málinu. Þjálfun í stafsetningu er sampætt við aðrar námsgreinar.

Nemendur fái tækifæri á að skrifa margvíslegan texta og tjáð sig skriflega. Lestur og ritun verður þjálfað samhliða. Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta. Fjölbreytt ritunarverkefni eru unnin og ritun sampætt við aðrar greinar. Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta. Verkefni unnin með textum þar sem hvatt er til ritunar og munnlegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.

Málfraði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfraði og þjálfast í notkun þeirra. Málfraðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðipekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi. Málfraðinám á ekki að vera einangrað fyrirbæri í kennslunni. Mikil áhersla verður lögð á metnað og vönduð vinnubrögð.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í tengslum við verkefnavinnu í íslensku. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.
Læsi	Nemendur ná tækni í lestri og ritun. Yndislestur, PALS, gagnvirkur lestur.
Sjálfbærni	Nemendur fást við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

Sköpun	Nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Skapa sín verk með ritun og umræðum. Skapa myndverk við texta sem lesinn er. Semja sögur og ljóð.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti. Ritun unnin með jafnrétti í huga. Fundið hugtök sem tengjast jafnrétti.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í íslensku til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Lestur og lesskilningur	Bækur, hljóðbækur, bókmennatextar, fræðitextar, ljóð og blaðagreinar. PALS	<ul style="list-style-type: none"> Getur lesið margs konar texta og gerir það bæði í skóla og heima. Getur kynnt áhugaverðar bækur og glætt þannig áhuga og forvitni annarra nemenda á bókum. Getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað, lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann, greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. Les 140 orð á mínútu að vori. 	<ul style="list-style-type: none"> Lestrarpróf verða nokkrum sinnum yfir veturninn. Lesfimipróf MMS í sept, jan og maí. Lesskilningspróf verða lögð fyrir í október og mars.
Ritun	Ritunaræfingar	<ul style="list-style-type: none"> Nemandi á að geta: - samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, skrifaðtexta með ákveðinn lesanda íhuga, á blað eða tölvu. 	Umsögn þar sem framfarir og vinna vetrarins er metin.

Bókmenntir og ljóð	Orðspor 1 Smellur 1 Ýmsir textar sem tengjast íslenskum þjóðsögum. Ljóðaverkefni.	<ul style="list-style-type: none"> • Nemandinn á að geta: - lesið gamlar og nýjar bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum, • beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap, • - aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. 	Vandvirkni og vinnisemi metin jafnt og þétt yfir skólaárið. Vinnubækur metnar.
Skrift	Skriftarhefti	<ul style="list-style-type: none"> • Áhersla er lögð á að nemendur vandi stafdrætti og almenn vinnubrögð í öllum námsgreinum og verkefnum . • Getur dregið rétt til stafs 	Sjálfsmat á vinnubrögðum í öllum námsgreinum. Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin.
Stafsetning	Mál til komið Textar sem verið er að vinna með hverju sinni.	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur vinna verkefni sem þjálfa stafsetningarreglur. • Áhersla er lögð á rétta stafsetningu við alla ritun. 	Endurgjöf frá kennara í kennlustundum. Stafsetning metin í textum sem nemendur skrif. Próf í des og maí.
Málfræði	Orðspor 1 Málrækt 1 Valin verkefni og bækur. Unnið verður með andheiti, samheiti,	<p>Nemandi á að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og haft skilning á gildi þess að bæta það. • beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. • beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað. 	Leiðsagnarmat þar sem farið er yfir efnispætti með nemendum. Sjálfsmat.

	<p>rím, orðtök, málshætti, nafnorð, lýsingarorð og sagnorð í tengslum við texta sem eru lesnir.</p>	<ul style="list-style-type: none">• nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta,• gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.	<p>Munnlegar og/eða skriflegar kannanir í lok efnispáttar.</p> <p>Skriflegt próf í lok hvernarr annar.</p>
--	---	--	--

5. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag:

Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir til auka gæði náms, s.s. bein kennsla, kannanir, rökþrautir, samvinnunám, spil, sýnikennsla, utanbókarnám, verklegar æfingar, viðfangsefni tengd daglegu lífi og þjálfunarforrit

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áherslupáettir
Lýðræði og mannréttindi	Réttur allra er virtur og tekna lýðræðislegar ákvarðanir í hópum eða bekk þegar við á. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstýðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar. Virkar samræður um námsþætti hverju sinni.
Læsi	Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadænum og textaverkefnum. Læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin. Verkefni fundin þar sem nemendur læri að lesa tölfraðigögn.
Sjálfbærni	Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. Verkefni sem unnið er í samfélagsfræði sett upp með vinnuaðferðum stærðfræðinnar.
Sköpun	Í stærðfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit.
Jafnrétti	Nemendur fá að þrokskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í stærðfræði. Unnið verður að því að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til stærðfræðináms.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<u>Heilar tölur</u>	Stika 1a nemendabók bls. 4-45. Ýmis verkefni eftir þörfum tengd efnispætti.	<p>Nemendur eiga að:</p> <ul style="list-style-type: none"> -þekkja sætiskerfið, geta skipt tölum í einingar, tugi, hundruð o.s.frv. og skilja hvernig kerfið er víkkað út til að ná yfir tíundu hluta og hundraðhluta; geta borið saman tölur og staðsett þær á talnalínunni. -Þekkja negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna og geta reiknað einföld dæmi með negatífum tölum. -geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með þriggja stafa fjögurra stafa tölum í huganum og skriflega, m.a. með hefðbundnum reikniaðgerðum. -getað námundað tölur að næsta tug og hundraði og notað það í slumpreikningi. -geta notað þekkingarátriði, sem þeir hafa á valdi sínu, í reikningsaðgerðunum fjórum. -geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar við hversdagslegar aðstæður. -þekkja tengsl margföldunar og deilingar og jafnframt tengsl þessara reikningsaðgerða við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt. -þekkja margföldun sem endurtekna samlagningu og margföldun í rúðuneti og þekkja deilingu bæði sem jafna skiptingu og endurtekinn frádrátt. -geta þróað og notað einfaldar reikningsaðferðir í margföldun, deilingu með heilum þriggja og fjögurra stöfum. 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.
<u>Tölfræði</u>	Stika 1a nemendabók bls. 46-61	<ul style="list-style-type: none"> -geta gert ýmsar kannanir sem byggjast á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu - geta flokkað og sett fram upplýsingar, sem safnað hefur verið á skipulegan hátt og kynnt þær í myndritum - geta notað stafræn hjálpartæki við tölfræðilegar kannanir - geta lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðastagildi. 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.
<u>Tugabrot</u>	Stika 1a nemendabók bls. 62-93	<ul style="list-style-type: none"> - geta leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tugabrotum á talnalínu, í huganum og skriflega - geta fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn - geta lýst tengslum milli tíundu hluta sem tugabrota 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.

<u>Rúmfræði</u>	Stika 1a nemendabók bls. 94-128	<ul style="list-style-type: none"> - geta þekkt helstu þríhyrninga og ferhyrninga, kannað eiginleika og einkenni þessara forma m.a. horn, lengdir og hornasummu mismunandi marghyrninga - geta gefið dæmi um hvernig rúmfræðiform birtast við ýmsar aðstæður hins daglega lífs og í tengslum við margvísleg menningarfyrirbæri - þekkja hugtök eins og línu, strik og kúrfu - geta hliðrað, speglað og snúið myndum - geta notað gráðuboga til að mæla horn - þekkja helstu horn og geta sýnt fram á að um slík horn sé að ræða, geta notað hugtök eins og hvöss, rétt og gleið horn - geta lýst einföldum mynstrum og búið þau til með því að hliðra eða snúa formi eða mynd 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.
<u>Mælingar</u>	Stika 1b nemendabók bls. 3-33	<ul style="list-style-type: none"> -geta mælt og reiknað ummál marghyrninga -geta valið viðeigandi mælieiningar og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d. mm, cm, dm, m og km, svo og dl og l -geta skilið hvað flatarmál er og hvernig það er fundið, skilið tengsl milli lengdar, breiddar og flatarmál þríhyrninga -geta notað mælitæki til að reikna út stærðir, til að stækka myndir og minnka 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.
<u>Almenn brot</u>	Stika 1b nemendabók bls. 34-65	<ul style="list-style-type: none"> - þekkja almenn brot og vita að þau tákna hluta af heild þar sem heildin er ýmist safn, lengd eða mynd. - þekkja hugtökin teljari og nefnari og gera borið saman almenn brot þar sem nefnarinn er eins stafs tala. - geta fundið hluta þegar heildin er gefin og geta fundið heildina þegar hluti er gefinn. - geta borið saman almenn brot og fundið jafn stór brot. - geta lýst tengslum milli tíunda hluta sem tugabrota og sem almenndra brota. - geta lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum. 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð og vinnusemi í tímum metin.
<u>Margföldun og deiling</u>	Stika 1b nemendabók bls. 66-97	<ul style="list-style-type: none"> -kunna margföldunartöfluna -þekkja tengsl margföldunar og deilingar og vita hvernig þessar reikningsaðferðir eiga sér stoð í endurtekinni samlagningu og endurteknum frádrætti -geta leyst dæmi með því að hoppa á talanalínu og nota rúðunet 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.

		<ul style="list-style-type: none"> -geta rannsakað, lýst og haldið áfram með einföld talnamynstur, þannig að hver tala í talnaröðinni hækki og lækki jafn mikið í senn -geta leyst einföld orðadæmi úr daglegu lífi með margföldun og deilingu -geta margfaldað með 10 og 100 -geta þróað og notað einfaldar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu með heilum þriggja og fjögurra stafa tölum -geta áttað sig á tengsl margföldunar og deilingar 	
<u>Mynstur</u>	Stika 1b nemendabók bls. 98-128	<ul style="list-style-type: none"> -geta búið til og lýst samhverfum mynstrum með því að endurtaka og hliðra formi í rúðuneti eða hnítakerfi -geta áttað sig á hvort um speglun er að ræða, fundið spegilása, einnig í myndum þar sem eru fleir en einn slíkur, og búið til og rannsakað samhverf mynstur -geta snúið mynd um algengustu hornastærðirnar, þ.e. 90°, 180°, 270° og 360° -geta fundið út hvort mynstur (mynd) sé hliðrað, snúið eða speglað -geta borið kennsl á, skrifað upp og haldið áfram með rúmfræðileg mynstur - geta lýst mynstri, sem endurtekur sig með hliðsjón af margvíslegum auðkennum -getað kannað, lýst og þannig ályktað út frá einföldum talnamynstrum, m.a. talnarunum þar sem tölurnar ýmist hækka eða lækka um jafn mikið með hverri tölu, talnarunum með ferningstöllum, þríhyrningstöllum og öðrum slíkum tölum 	Kaflakönnun við lok kaflans þar sem hæfni í efni kaflans er metin. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin.

5. bekkur

Námsgrein: Enská

Tímafjöldi á viku: 2-3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Lögð áhersla á að efla orðaforðann í gegnum fjölbreytt verkefni. Aðaláhersla í 5. bekk er á talað mál og hlustun en einnig er byrjað á að þjálfa lestur og ritun með einföldum textum og verkefnum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í ensku:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Verkefni unnin í hópavinnu þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru í fyrirrúmi. Réttindi allra til að tjá sig og koma með hugmyndir.
Læsi	Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfa læsi og auka orðaforða í ensku.
Sjálfbærni	Unnið að því að nemendur geti tjáð sig, lesið og veitt einfaldar leiðbeiningar og farið eftir þeim sjálfir.
Sköpun	Myndverk unnin í tengslum við þjálfun nýrra orða, setninga og orðasambanda á ensku. Áhersla á að nemandi fái að uppgjötra og njóta þess að læra nýtt tungumál.
Jafnrétti	Allir fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í beknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun.
Heilbrigði og velferð	Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín. Verkefni unnin með líkamann og sjúkdómum.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Orðaforði, hlustun , lesskilningur -Hlustun -Lesskilningur -Samskipti -Frásögn -Ritun	Unnið er með Build Up 1 og ýmis önnur verkefni.	<p><u>Nemandi á að geta:</u></p> <ul style="list-style-type: none"> - skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og nánasta umhverfi þegar talað er skýrt. - skilið það mál sem talað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum og athöfnum. - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum. - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. - tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. - sagt frá á einföldu máli og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins. - endursagt og lýst atburðum eða reynslu á einfaldan hátt með stuðningi hluta, mynda, tónlistar o.s.frv. - skrifað stuttan samfelldan texta um efni sem tengist honum persónulega, tengt saman einfaldar setningar og stafsett flest algengustu orðin. 	Orðaforði kannaður reglulega yfir veturinn. Framfarir og vinnusemi metin. Sjálfsmat.

5. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Samfélagsgreinar skiptast í prentt þ.e. saga, landafræði og trúarbragðafræði

Fjölbreyttar kennsluaðferðir eru mikilvægar vegna þess að nemendum henta ólíkar leiðir við nám, mikilvægt er að koma til móts við ólíkan nármstíl nemenda. Á sama hátt er mikilvægt að nemendur kynnist og nái tökum á mismunandi aðferðum til að geta valið á milli þeirra og beitt þeim. Mikið verður unnið í hópum, hópavinnna eikur samræður og eflir samkennd. Einnig verður einstaklingsvinna og paravinna. Þar verður m.a. notast við umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfa gagnrýna hugsun og leitaraðferð þar sem nemendur afla sér upplýsinga og vinna úr þeim. Nemendur skrifa stutta ritgerð um uppáhalds staðinn sinn á Íslandi í þeirri vinnu er lögð áhersla á að nemendur nái grunnþekkingu á uppsetningu í ritgerðarsmíði. Hver efnispáttur er kenndur í lotu og er mismunandi hvað hver lota tekur langan tíma.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum:

Grunnþáttur	Áherslupáttir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögjum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu.
Læsi	Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi.
Sjálfbærni	Í samfélagsgreinum læra nemendur að skilja veruleikann og umhverfið. Þau læra að þekkja söguna og menninguna. Skoðað hvort samfélög fyrri tíma t.d. í Róm eða á Íslandi á ákveðum tímabilum hafi verið sjáfbærni. Í trúarbragðafræði fræðast nemendur um ólik trúarbrögð. Þau læra að þekkja önnur trúarbrögð og menninguna þeirra.
Sköpun	Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun.
Jafnrétti	Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhersla á að skapa

	samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum. Í sögu er farið yfir jafnrétti og mannréttindi á hverjum tíma fyrir sig sem er skoðaður.
Heilbrigði og velferð	Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra. Verkefni unnin í sögu þar sem heilbrigð fyrr á tímum er borið saman við okkar tíma.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<u>Trúarbraggðafræði:</u> Islam, múslimar, saga Múhameðs er rakin og skoðaðar verða venjur, hátiðir og helgisiðir í islam Kristintrú, Biblían. Sagan rakin um Jesú frá Nasaret. Farið verður í upphaf kirkjunnar, sögu hennar, siðum og hátiðum.	Islam- að lúta vilja Guðs	Nemandi á að geta: - lýst margbreitileika helstu trúabragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks. - Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs. - Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátiðum, siðum og táknum í Islam og í kristnitru. - Nefnt dæmi um áhrif helgirita helstu trúarbraggða á menningu og samfélög. - Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífsháttar. -Gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátiðum, siðum og táknum í kristni.	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda.
<u>Landafræði:</u> Landafræði Íslands og jarðsaga. Kort og kortalestur. Jörðin og innviðir hennar.	Ísland-Hér búum við (vinnu- og lesbók) ásamt ítarefni sem fengið er með upplýsingaöflun sem við á hverju sinni.	Nemandi á að: -geta gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og stöðu landsins -geta notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga -geta aflað sér upplýsingar um íslenskar náttúruauðlyndir og hvernig þær eru nýttar -þekkja helstu auðlyndir og atvinnulíf í heimabyggð	Sjálfsmat, hópamat og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfarir nemenda.

Íslandi er skipt í níu landshluta og unnið er sérstaklega með hvern og einn.		-geta áttað sig á því að náttúruöfl eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna	
<u>Saga:</u> Róm og kristni Víkingar í norðri Frá landnámi til kristni	Frá Róm til Þingvalla	Nemandi á að: -hafa gert sér nokkra mynd af Rómaveldi, umfangi þess, kennileitum og borgarlífi - gera sér grein fyrir uppruna og útbreiðslu kristni í Rómaveldi og hvernig hún barst norður á bóginn - þekkja helstu drætti í fornsögu norrænna þjóða - þekkja ýmsa þætti víkingatímans - kunna sögur af landnámi Íslands - hafa nokkra þekkingu á gæðum lands við landnám, enn fremur trú og siðum, atvinnuháttum og stjórnskipan fyrstu aldir Íslandsbyggðar - vita hvernig kristni festi rætur á Íslandi	Kannanir þar sem þekking á efnispáttum eru kannaðar, leiðsagnarmat yfir önnina þar sem vinnubrögð eru metin, sjálfsmat og hópamat. Nemendur safna saman vinnublöðum í gegnum þemað sem sett eru saman í vinnubók. Vinnubókin er metin til námsmats.

5. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Tímafjöldi á viku:

Kennsluaðferðir og skipulag:

Notast verður við kennslubókina Líf á landi og Auðvitað-Á ferð og flugi. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar til að auka gæði námsins, s.s leitaraðferðir, einstaklingsvinna, paravinna, hópavinna, útikennsla. Námsefnið verður kennt í lotu á vetrinum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í náttúrugreinum:

Grunnþáttur	Áherslupættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu.
Læsi	Nemendur læra að lesa í umhverfið í kringum sig. Lögð áhersla á miðlamennt þar sem ýmsir miðlar eru notaðir við námið. Upplýsingalæsi þar sem nemendur lesa fræðilega texta tengdum námsefni og vinna úr þeim á ýmsan hátt. Vinnsla og upplýsingaöflun í tölvum (prentmál og myndmál) Lögð áhersla á stafrænt læsi og miðlalæsi.
Sjálfbærni	Nemandi lærir að umgangast náttúruna, lærir á nýtingu hennar og náttúruvernd.
Sköpun	Hópavinna og kynningar þar sem nemendur hafa sköpun að leiðarljósi. Nemendur skila niðurstöðum úr upplýsingaöflun að eigin vali þar sem lögð er áhersla á sköpun í framsetningu og hugsun. Samvinna og samræður efla skapandi og gagnrýna hugsun.
Jafnrétti	Að allir nemendur hafa sama rétt til náms. Að nemendur læri að taka tillit til lífvera í umhverfinu.

	Í hópavinnu fer fram mikil umræða þar sem nemendur auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra og læra því að taka tillit til annarra og átta sig á að allir hafa jafnan rétt. Nemendur eiga að skiptast á skoðunum og rökræða. Áhersla á að skapa samábyrgt samfélag í bekk með lýðræðislegum vinnubrögðum.
Heilbrigði og velferð	Mikið unnið í hópavinnu til að efla sjálfsmynd og auka samkennd milli nemenda. Unnið er að því að skapa jákvæðan skólabrag til að stuðla að vellíðan allra.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hraun	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Átti sig á að hraun eru verðmæt búsvæði lífvera og viðkvæm en jafnframt mikilvæg fyrir fólk að njóta. - Vita að hraun kemur upp í eldgosum á eldvirkum svæðum. - Kynnist burknum og einkennum þeirra. - Læri að þekkja skófir (fléttur) á steinum og átti sig á hvernig samlíf tvenns konar lífvera gerir þeim kleift að lifa við erfiðar aðstæður. - Læra hvað gerist við ljóstillífun. - Kynnist aðferðum köngulúa við öflun fæðu og þá einkum gerð vefs. - Kynnist mosum og sérstöðu þeirra meðal plantna. 	<p>Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn.</p> <p>Mat lagt á hæfni og framfari nemenda.</p>
Skógur	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Kynnist helstu fuglum skógarins og hvernig þeir eru aðlagaðir búsvæðinu. - Þekki einkenni spörfugla. - Átti sig á hugtökunum skógur og kjarr. - Læri um byggingu trjáa, hvernig þau æxlast, flokkun þeirra í lauftré og barrtré. - Fái vitneskju um skógrækt og tilgangi hennar. - Læri um rotnun lífrænna leifa og þekki hugtakið sundrendur. - Kynnist sveppum og byggingarlagi þeirra. - Læri um lifnaðarhætti hagamúsa. 	<p>Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn.</p> <p>Mat lagt á hæfni og framfari nemenda</p>

Jarðvegur	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Geri sér grein fyrir mikilvægi jarðvegs í lífheiminum. - Þekki úr hverju jarðvegur er samsettur og að mismunandi samsetning (hlutföll) geri hann ólíkan að gerð og eiginleikum. - Átti sig á sambandi gróðurs og jarðvegs. - Kynnist jarðvegssdýrum og mikilvægi þeirra við myndun gróðurmoldar 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Valllendi	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Kynnist landsniglum, helstu sérkennum og hvað þeir þurfa að hafa í umhverfinu til að lifa. - Þekki einkenni vallendis og viti að það einkennist ýmist af blómplöntum eða grapsplöntum. - Læri hvað einkennir gras - Skilji hugtakið frævun og átti sig á hvað er blóm og hvert hlutverk þess er. - Þekki orðin fræva, frævill, frjókorn og fræni. - Kynnist belgjurtum og hæfileikum þeirra. - Geri sér grein fyrir að plöntur lifa mislengi og þær eru ýmist ein-, tví-eða fjölærar. - Þekki hrossagauk og hnegg hans 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Votlendi	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Kynnist helstu fuglum votlendis og einkenum þeirra. - Skilji hugtökin einkvænisfugl og geldfugl - Geti útskýrt hvað er votlendi og nefnt dæmi um mismunandi gerðir þess. - Kynnist því hvernig votlendisplöntur eru aðlagðar miklu vatni í umhverfinu sínu. - Geri sér grein fyrir mikilvægi votlendis fyrir margar tegundir fugla og vatnsbúskap náttúrunnar. - Læri um hrossaflugu og tengsl hennar við votlendi. - Skilji hvað felst í myndbreytingu og átti sig á mikilli fjölbreytni skordýra og aðlögun þeirra að ólíkum aðstæðum. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Mói	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Læri um spóa og lóu. - Einkenni móa. - Viti hvað eru þúfur og hafi hugmynd um hvernig þær myndast. - Þekki skordýr sem finnast í móa. - Læri um plöntur móans, bæði jurtir, lyng og læri að þekkja þær. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn.

		<ul style="list-style-type: none"> - Geri sér grein fyrir hvað felst í sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. - Kynnist hreindýramosa og viti að hann telst til fléttna. 	Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Melar og berangur	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Geri sér grein fyrir aðlögun plantna á melum og berangri að þurrki, vindi of oft næringarsnauðum jarðvegi. - Læri að þekkja nokkrar algengar jurtir þessara búsvæða. - Geti útskýrt hugtökin uppblástur og rofabarð - Kynnist minki, lifnarháttum hans og stöðu í lífríkinu. - Læri um hrafn, smyril og fálka. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Upp til fjalla	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Geri sér grein fyrir kulda hálandis og hvaða áhrif hann hefur á t.d. plöntur. - Þekki helstu tegundir plantna sem vaxa á hálandinu - Fraðist um heiðgæs og hreindýr. - Þekki fjallagrös. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Manngert umhverfi	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki atferli mariuerlu - Geti sagt frá lífsferil húslugunnar - Geti sett sig spor landnámsmanna og getir sagt frá hvað skiptir máli þegar valið sér er landsvæði. - Geti sagt frá nokkrum plöntum sem fylgja búsetur í manngerðu umhverfi. - Geti sagt frá stara og lífsferli starafloárinna. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Við sjó	Líf á landi	<ul style="list-style-type: none"> - Geti sagt frá refnum, aðlögun hans að erfiðum aðstæðum og lífshættum. - Geti sagt frá helsta gróðri sem vex við Íslandsstrendur. - Geti aflað sér upplýsingar um melgresi og eiginleika þess til að mynda sandhóla. - Getir sagt frá helstu fuglategundum sem búa við sjóinn/ströndina. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn. Mat lagt á hæfni og framfari nemenda
Vísindi í fortíð, nútíð og framtíð. Ljós, linsur og speglar. Segull	Auðvitað - á ferð og flugi	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemendur geti lýst bylgjuhreyfingum og rætt nýtingu hljóðs og ljóss í tækni og atvinnulífi. - Lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna. Einnig að nemendur átti sig samspili ólíkra krafta. - Sett fram og rætt niðurstöður athuganna á skýran og skipulegan hátt. 	Sjálfsmat, hópamat, og leiðsagnarmat yfir veturinn.

<p>og áttaviti. Kraftar. Samgöngur og orka. Leyndardómar flugsins. Á floti. Vélar. Mælingar. Hljóð..</p>		<ul style="list-style-type: none"> - Nemendur þekki sögu vísindanna. - Nemendur fræðist um tímatal okkar og á hverju það byggist - Þekki munin á dreifilinsum, safnlinsum, holspeglum og sléttum speglum - Þekki munin á lýsandi hlutum og upplýstum hlutum - Kann að nota margvísleg mælitæki og velja rétt miðað við viðfangsefni - Geri sér grein fyrir mikilvægi nákvæmni í tilraunum 	<p>Mat lagt á hæfni og framfari nemenda.</p>
--	--	---	--

5. bekkur

Námsgrein: Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nám og kennsla í lífsleikni hefur mótað verulega á stefnu Brekkuskóla, en Brekkuskóli starfar samkvæmt uppbyggilegum Olweusi. Þar er jöfnum höndum lögð áhersla á hvers konar forvarnir, þjálfun í uppbyggilegum samskiptum, virka þáttöku í umræðum og gagnrýnið hugarfar. Bekkjarfundur eru að minnsta kosti einu sinni í viku. Bekkjarfundir er opinna umræðufundur þar sem ákveðin mállefni eru rædd. Hópstjóri (kennari) leggur fram spurningar tengdar umræðuefnin sem liggur fyrir hvert sinn (það eru engin rétt eða röng svör). Spurningar hvetja til umræðna, sjálfskoðunar, skoðanaskipta og vandamálalausna.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni:

Grunnþáttur	Áherslupáttir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur fá kennslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur læra um réttindi sín og skyldur þegar fjölbreyttar kennsluaðferðir eru notaðar t.d. þar sem nemendur þurfa að ræða saman við gerð verkefna og framsetningu.
Læsi	Nemendur fá tækifæri á að kynnast þeiri tækni sem þeir geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun, í þágu sjálfra sín og samfélagsins.
Sjálfbærni	Nemendur fást við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið. Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir. Mikið er unnið með þarfir hvers og eins.
Sköpun	Nemendur vinna í því að finna styrk- og hæfileika sinn farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga, byggja upp jákvæða sjálfsmynd og efla þannig heilbrigði.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið
Bekkjarfundir Þarfirnar Bekkjarsáttmáli Mitt og þitt hlutverk: T-spjöld- Er og er ekki Y-spjöld-sjáum, heyrum, finnum	Heftið Bekkjarfundir er haft til tilsjónar.	<ul style="list-style-type: none"> • Bekkjarfundir sem haldnir eru a.m.k. 1x í viku þar sem ákveðin málefni eru rædd • Bekkjarsáttmáli unnin í samráði við nemendur og þeir virði og tileinki sér þau gildi sem bekkurinn velur sér • T-spjöld og Y-spjöld unnin út frá bekkjarsáttmála • Nemendur þekki grunnþarfirnar og geri sér grein fyrir því hvaða grunnþörf er sterkust hjá þeim. • geti mátað sig inn í eineltishriginn (Olweus) • Nemendur sýni ábyrga hegðun s.s. stundvísí, ganga vel um eигur sínar og annarra, mæta með þau gögn sem til þarf, taka virkan þátt í hópvinnu, nýta tímann vel við nám, fara eftir fyrirmælum kennara og annars starfsfólks og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum • Nemendur þekki leiðir til að leysa ágreiningsefni af skynsemi

5. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Sýnd verða tiltekin vinnubrögð og aðferðir. Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sem krefjast ígrundunar, frumkvæðis og aðferða sem opna sífellt á nýja möguleika. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Verkefni verða unnin í tölvu, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra nemendur. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tæknin og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga sem gagnast þeim við annað nám. Krakkasíður Námsgagnastofnunar, Code og Friv notað þegar við á.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsinga-og samskiptatækni:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi og hefur áhrif á útkomu. • vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar. • kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð.
Læsi	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu. • nýtir gagnvirkta námsefni.
Sjálfbærni	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt og nýtir sér notkunarmöguleika hug- og tækjabúnaðar. • gengur af virðingu og ábyrgð um vinnusvæði sitt.
Sköpun	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nýti tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt • nýti hæfileika sína og skapar afurð.
Jafnrétti	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt sér til ánægju og gagns.

	<ul style="list-style-type: none"> • tekur tillit til skoðana annarra. • tekur þátt án fordóma.
Heilbrigði og velferð	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitir réttum vinnustellingum og vinnubrögðum. • fær tækifæri til að vinna út frá eigin styrkleikum. • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulegum hætti Kann að búa til möppur og nota möppur í tölvum	Windows-umhverfið, minnislyklar og verkefni nemenda	Kann að vista skjal skipulega.	Gátlisti, munnleg endurgjöf - metið er skipulag á möppum
Þekkja helstu leitarmöguleika á Netinu	Verkefni frá kennara Brekkuskoli.is og ja.is	Getur notað vefsíðu skólans og ja.is til að afla sér hagnýtra upplýsinga. Þekkir GoogleMaps.	Gátlisti
Kunna á leitar-og útlánskerfi safnsins	Verkefni frá kennara Gegrnir.is/ Leitir.is Skólasafnið: sjálfsafgreiðsla og gögnum raðað í hillur.	Þekkir leitar-og útlánskerfi skólasafnsins.	Gátlisti
Getur sett saman eigin stiklutexta með viðeigandi efnisskipan og tengingum	Microsoft Office Ritvinnslá Word	Getur nýtt sér hugarkort við verkefnavinnu.	Munnleg endurgjöf
Hafa kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans	Microsoft Office Word, PowerPoint og Málun	Getur sett upp fjölbreytt skjöl við verkefnavinnu. Getur búið til einfalda slæðukynningu með texta og mynd. Þekkir hvernig unnið er með myndir í myndvinnsluforriti.	Munnleg endurgjöf Skrifleg endurgjöf Munnleg endurgjöf

Þjálfist í réttri fingrasetningu og líkamsbeitingu	Fingrafimi 1 og 2 og Fingraleikir	Kann blindskrift og beitir henni. Getur náð hraðaviðmiði í blindskrift sem er 100 slög á mínútu eða 20 orð á mínútu.	10fastfingers Stöðupróf verða tvívar á skólaárinu
Hafa kynnst mismunandi hugbúnaði og gert sér grein fyrir notagildi hans	Ýmis forrit	Kann að vinna hreyfimynd og gerir sér grein fyrir að hún er saman sett úr mörgum myndum.	Munnleg endurgjöf

5. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsluaðferðir eru bæði verklegar og í formi innlagnar. Nemendur fá verkefni sem stuðla að færni í notkun mismunandi aðferða, grunnþjálfun í litablöndun og annarra þátta sem heyra undir myndmennt. Verkefni tengd náttúru og mannlífi, sjálfsmýnd, þemavinna og fleira. Hópastarf og einstaklingsverkefni. Hópaskipting í 4 hluta, 2 fyrir áramót og 2 eftir, og fær hver hópur tvær kennslustundir á viku.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Læsi	Nemendur læra myndlæsi, lesa sér til um sögu og aðferðir og að skapa eigin sögu með myndsköpun.
Sjálfbærni	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með efni til myndsköpunar.
Sköpun	Nemendur nái að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túnka í myndsköpun og í umræðu. Farið í grunnþætti myndsköpunar, litafræði og formfræði, auk þess að skoða sögu lista.
Jafnrétti	Nemendur fá að broskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með myndsköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í myndmennt til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til listsköpunar og handverks.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþættir myndmennta.	Unnið verður með litafræði og litablöndun, teikningar, form, geomatrík og abstrakt. umhverfi og samfélag í listum. Einstaka listamenn kynntir og verk unnin í þeirra anda. Safnakennsla.	Nemandi þarf að geta: Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar, Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir, Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina, Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.	Símat þar sem horft er til hæfni og getu hvers og eins, ástundun og hegðun. Samvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum.

5. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá, en árganginum skipt í fjóra hópa sem koma í 80 mín. einu sinni í viku yfir önnina

Kennsluaðferðir og skipulag: Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkefna, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Nemendur læra umgangast verkfærin og ganga frá þeim eftir notkun.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í hönnun/smíðum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til sköpunar og handverks. Lögð veður áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að umgangast verkfæri og tæki af varkární.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með sköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Læsi	Að þekkja eiginleika mismunandi efna og þekkja heiti á mismunandi viðartegundum. Að þekkja helstu verkfæri og hvernig þau eru notuð. Að geta lesið einfalda smíðateikningu.
Sköpun	Hver nemandi læri að utfæra hugmyndir sínar á skapandi hátt.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Sjálfbærni	

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni	Námsefni búið til af kennara.	<p>Að nemendur læri að útfæra hugmyndir sínar í mismunandi efni og nota til þess mismunandi verkfæri</p> <ul style="list-style-type: none"> - sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni og leggi sig fram við vinnu sína -sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri - geti virkjað áhugasvið sitt við val verkefna og geri sér grein fyrir hæfileikum sínum í sköpun -sýni öðrum kurteisi og tillitsemi og beri virðingu fyrir vinnunni -þekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og geti flokkað þau til endurvinnslu 	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, og sköpun einnig ábyrgð, tillitsemi, samskipti og samstarf.
Hönnun		<ul style="list-style-type: none"> -þekki grunnformin og geti nýtt sér þau við hönnun verkefna -þekki til hefðbundins vinnuferlis -geti nýtt sér hugmyndir annarra við gerð eigin verkefna -geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni 	
		<ul style="list-style-type: none"> - þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa -hafi notað einfaldar gerðir samsetninga, s.s. lím og nagla -hafi unnið með mismunandi smíðaefni, s.s. plötuefn, við og band -geti notað laufsög og bakkasög ásamt útsögunarklauf og skerstokk og geti valið verkfæri við hæfi verkefnis -geti skreytt smíðisgripsi sína með brennipenna -kunni að umgangast verkfærin, hreinsa og ganga frá þeim eftir notkun -geti valið pensla við hæfi verkefnis og kunni að mála með vatnsleysanlegum litum -kunni að velja og beita sandpappír á réttan hátt 	

5. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nemendur eru í heimilisfræði hálfan veturinn og er bekknum skipt í 2 hópa. Kennslustundir eru að mestu verklegar en fræðsla um aðferðir við matargerð, helstu eldhúsähöld og hættur við eldhússtörf eru tengd við þau viðfangsefni sem eru hverju sinni. Stundum er tekinn hluti af tíma í umræður og skrifleg verkefni tengd hollstu og heilbrigði, hreinlæti, umhverfismálum, matarmenningu og fleira. Nemendur vinna saman í hópum, oftast 2-3 saman. Kennari raðar í hópa eða nemendur draga um hverjir vinna saman svo að fjölbreytni í samvinnu verði sem mest. Námsgögn eru uppskriftir Námsgagnastofnunar og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 1 sem samanstendur af verkefnum og uppskriftum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur skipta með sér verkum þannig að allir aðilar séu sáttir.
Læsi	Að geta lesið uppskrift og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikið af hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni.
Sjálfbærni	Fara vel með matvæli og ræða fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig maturinn er borinn fram.
Jafnrétti	Allir í hópnum vinna saman, ekki er gerður greinamunur á kynjum þegar raðað er í hópa.
Heilbrigði og velferð	Fræðsla og umræður um næringarfræði, hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins eru mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, gerdeig og hnoðað deig. Nemendur læri að breiða út deig, brytja grænmeti, sjóða og steikja á eldavél.	Uppskriftir frá Námsgagnastofnun og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 1 (lesbók og vinnubók)	Nemendur geti unnið eftir uppskriftum og farið eftir aðferðum við bakstur og matargerð. Læri að nota hnífa og rafmagnstæki á réttan hátt svo að ekki skapist hætta. Jafnframt því að læra á helstu áhöld og mælitæki í eldhúsi. Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnibáttum. Horft er sérstaklega á þættina, frumkvæði, ábyrgð, samskipti og samstarf.
Nemendur vinna eftir uppskriftum og temja sér sjálfstæði og skipulag.			

5. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 tímar á viku, hálfan veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hálfum bekknum kennt í einu, hálfan veturinn. Nemendur eru mest að vinna að eigin verkefni en í einstaka tilfellum í hóp. Hópkennsla og einstaklingskennsla.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin. -Að nemendur hafi góða vinnuaðstöðu og líði vel. -Að gagnkvæm virðing ríki á milli kennara og nemanda. -Að nemendur geti lesið uppskriftir og leiðbeiningar.
Læsi	Umhverfislæsi: Nemendur læri á umhverfi sitt og að nýta sér þau tæki og tól sem nauðsynleg eru í þeirri vinnu sem þau eru hverju sinni.
Sjálfbærni	Við reynum að endurnýta sem mest, sauma og prjóna úr gömlum efnunum, gardínnum, rúmfötum, flíkum ofl. Við göngum
Sköpun	Nemendur hafi ákveðið val um td. efni, liti, form eða annað. Nemandi skapar þá sitt eigið verk, gerir það að sínu og enginn annar á eins.
Jafnrétti	-Áhersla á að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin.
Heilbrigði og velferð	Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> -Nemendur nota gamla/staka sokka og geri úr þeim eftir eigin hönnun og teikningu. -Nemendur teikni upp krossaumsmynstur, spegli það, saumi út og geri úr því nálapúða. -Nemendur læra að fitja upp á prjón, rifji upp prjónakunnáttu og prjóni einfaldan hlut að eigin vali. Nemendur læri að nota rétta prjóna og prjónastærð. -Nemendur kynnast ullinni lítillega og þæfa úr henni einfaldan hlut. 	<p>Námsefni búið til af kennara. Bókin hannyrðir í 3.-6. bekk. og ýmsar bækur og blöð ásamt efni af netinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur læri að útfæra sína hugmynd í mismunandi efni og noti til þess rétt verkfæri. -Að nemendur læri að endurnýta hluti og útfæra í eigin hönnun. -Að nemendur læri að sauma krosssaum og rifja upp fleiri einföld spor. -Að nemandi geti klippt í gegn um tvöfalt efni. -Að nemendur kynnist ullinni. -Að nemendur læri að fitja upp og bæti við sig kunnáttu í prjóni. 	<p>Lykilhæfniþættir metnir og skráðir. Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt. Lokamat er byggist á þessu símati.</p>

5. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur og fjöltímar er kennsluform sem mikið er notað.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir - göngur/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kann helstu reglur í handbolta • Getur stokkið utanfótar yfir kubb af bretti • Getur farið langstökk án atrennu • Getur framkvæmt skot með uppstökki með handbolta • Getur skallað fótbalta 	<p>Námsmarkmið:</p> <p>Þrep 5.</p> <p>Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

5. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líakmsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund og marvaði. Stunga og leikur í vatni		<ul style="list-style-type: none"> Getur synt 25 m skólabaksund Getur synt 50 m skriðsund Getur kafað eftir hlut á 1 - 2 m dýpi Getur synt 75 m bringusund Getur stungið sér af bakka Getur troðið marvaða / haldið sér á floti í 20 - 30 sek 	Námsmarkmið í mentor. Þrep 5

6. bekkur

Námsgrein: Leiklist

Tímafjöldi á viku: Leiklist er kennd í lotum yfir veturinn. Árganginum skipt í hópa.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur læra leiki og æfingar sem miða m.a. að aukinni hópméðvitund, og þjálfist í að fylgja fyrirmælum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Heilbrigði og velferð	Að nemandi eflí samábyrgð, virðingu og góðvild gagnvart hvort öðru.
Jafnrétti	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Læsi	Að nemandi sé læs á leiklist.
Sköpun	Að nemandi fái að uppgötva, njóta og virkja ímyndunaraflíð í gegnum leiklist.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Sjálfbærni	Að nemandi öðlist andlega, líkamlega og félagslega vellíðan með vinnu í gegnum leiklist.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Sköpun Tjáning Söngur Hreyfing, Lestur, upplestur og ritun Líkams- og raddbeiting	Ýmis bókmenntaverk og leikverk.	<ul style="list-style-type: none"> Flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. Skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum) Skapað skýra persónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeiting. 	Matsblað, gátlisti, sýnismappa Leiðsagnarmat

Hlustun Áhorf		<ul style="list-style-type: none">● Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar.● Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína.	
------------------	--	--	--

6. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7

Kennsluaðferðir og skipulag:

Nemendur eru æfðir í að lesa upphátt, fyltja ljóð, endursega ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er ásamt því að hlusta á fyrirmæli frá kennara og fara eftir þeim. Nemendur æfast í að velja sér bækur og texta við hæfi. Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta. Nemendur læri að þekkja og vinna með upphaf, miðju og endi í frásögn. Bókmenntatextar verða lesnir og ætlast til þess að nemendur nýti þá til fróðleiks og skemmtunar. Rýnt verður í efni og innihald mismunandi texta og unnið í lesskilningi. Unnið með texta þar sem hvatt er til ritunar og munnegrar tjáningar af ýmsu tagi t.d. frásagnar og rökræðu.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Unnið er með algeng orðtök og málshætti. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og samþættingu við aðrar námsgreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín.
Læsi	Nemendur nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almennan texta.
Sjálfbærni	Nemendur takist á við ýmiss álitamál og ágreiningsefni í lesnum textum.
Sköpun	Nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur og ljóð. Skapa sín verk með ritun og umræðum.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Talað mál og hlustun		<ul style="list-style-type: none"> - geta tekið virkan þátt í umræðum og tjáð skoðanir sínar. - geta unnið úr þeim upplýsingum sem miðlað er með ýmisskonar hljóð-, mynd- og margmiðlun og túlkað þær með gagnrýni í huga. 	<ul style="list-style-type: none"> - Símat. Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin
<u>Læsi:</u> Nemendur þjálfa lestrarlag og lesskilning með jafningjamiðaðri nálgun.	Lestrarbækur, yndislestrarbækur, ýmislegt efni úr bókum, tímaritum og af netinu Annar smellur PALS	<ul style="list-style-type: none"> - Geta lesið texta sér til gagns og unnið verkefni tengd textanum - Geta túlkað boðskap í texta - Geta lesið texta með góðri tjáningu 	<ul style="list-style-type: none"> - Lesfimipróf MMS - Orðarún - Kannanir - Lestrarhefti
<u>Ritun:</u> <ul style="list-style-type: none"> - Ritun er hægt að skipta í two meginþætti. Annars vegar er textinn sjálfur, s.s. textagerð, efnispættir, málsmið, mál og stíll. - Hins vegar eru það tæknileg atriði eins og skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. 	Ritunarvinna tengist viðfangsefnum margra námssviða Fjölbreytt námsefnisval t.d. Orðspor 2 Annar smellur Málrækt 2	<ul style="list-style-type: none"> - Nemendur læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta. - læra að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni og nýti sér hana til að bæta ritun sína. - geti skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, - geti beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur - þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun - þekki hugtökin inngang, meginmál og lokaorð og geti nýtt sér þau við ritgerðasmíð - geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim - læri að fara eftir flestum stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý - geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði 	<ul style="list-style-type: none"> - Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin. - Kannanir - Frammistöðumat - Leiðsagnarmat - Símat

<u>Bókmenntir og ljóð:</u>	Orðspor 2 yndislestrarbækur, ýmislegt efni úr bókum, tímaritum og af netinu Ljóðabækur	<ul style="list-style-type: none"> - þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna og geri sér grein fyrir mun þeirra - geti lesið fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrargetu og áhuga - þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok - þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap - þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð 	<ul style="list-style-type: none"> - Umsögn þar sem vinna vetrarins er metin - Kannanir - Fylgst með vinnuframlagi nemenda í tímum þemaverkefni
<u>Málfræði:</u>	Málrækt 2 Orðspor 2	<ul style="list-style-type: none"> - Að nemandi kunni að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum. - Að nemandi skilji hvernig orð skiptast í atkvæði og hvernig þau skiptast milli lína. - Að nemandi þekki stofn orða og geti nýtt sér þá málfræðikunnáttu við orðmyndun og stafsetningu. - Að nemandi þekki orðflokkana nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og helstu einkenni þeirra, þ.e. kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt 	<ul style="list-style-type: none"> - Kannanir - Ritunarverkefni - Verkefnabækur og verkefni

6. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 7

Kennsluaðferðir og skipulag:

Áhersla er lögð á samræður í stærðfræði og vinna sé hlutbundin. Unnið er í hópum og í einstaklingsvinnu. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og sambættingu við aðrar námsgreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áherslupættir
Lýðræði og mannréttindi	Geti unnið með öðrum nemendum í hóp, virt skoðanir annarra og leyft öllum að njóta sín burtséð frá getu þeirra
Læsi	Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni eins og í orðadæmum og textaverkefnum Læra að lesa stærðfræðileg tákni þ.e. tölustafina og vita hvernig þeir eru settir saman og þekkja aðgerðartáknin.
Sjálfbærni	
Sköpun	Í vinnu í stærðfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit.
Jafnrétti	Allir nemendur hafa jafnrétti til náms. Leitast við að nám miðist við einstaklings þarfir hvers og eins. Nemendur hafa ólíkar forsendur til náms og virða ber alla með því að hlusta á allar hugmyndir sem nemendur hafa fram að færa
Heilbrigði og velferð	

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<u>Tölur og reikningur:</u> Tugakerfið Námundun og slumpreikningur Samlagning og frádráttur Margföldun og deiling Negatívar tölur Talnarunur	-Stika 2a nemendabók bls. 441 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni	-Geta raðað tölum eftir stærð og staðsett þær á talnalínu -þekkja skilgreiningu á frumtölum og geta sagt til um hvort ákveðin tala undir 100 sé frumtala eða ekki -geta lagt saman og dregið frá með negatífum töllum og tugabrotum; -geta leyst dæmi í huganum og ráða við að reikna með skriflegum aðferðum eins og hinum hefðbundnu reikningsaðferðum -geta þróað með sér og notað aðferðir til að margfalda og deila; skilja hina hefðbundnu reikningsaðferð í margföldun og geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrot	Kónnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.
<u>Líkur:</u> Tilviljanir, óvissa, möguleiki Miklar eða litlar líkur	-Stika 2a nemendabók bls: 42-59 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni - Ýmis spil	Geta metið líkur við mismunandi aðstæður, hvort miklar eða litlar líkur eru á að ákveðinn atburður verði, t.d. hvort hann komi fyrir í meira eða minna en helmingi tilvika Geti reiknað út líkur út frá einföldum tilraunum Geta notað reynslu sína og gert tilraunir til að segja til um með tölu hversu líklegt sé að ákveðin atburður verði Geta notað úrtak úr safni til að segja til um samsetningu þess, t.d. um fjölda kúlna í mismunandi litum í poka með því að skoða nokkrar kúlnanna	Kónnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.
<u>Tugabrot:</u> Tíunduhlutar, hundraðshlutar, þúsundustuhlutar Talnamynstur með tugabrotum	-Stika 2a nemendabók bls 60 - 93 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni	Geta lagt saman og dregið frá með tugabrotum Geta margfaldað saman heilar tölur og tugabrot Geta áætlað svar við dæmi, námundað og notað slumpreikning einnig með tugabrotum Geta kannað og lýst talnamynstrum í tengslum við tugabrot	Kónnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.

<p>Samlagning, frádrattur og margföldun með tugabrotum Að giska á svör, reikna með slumpreikningi og námunda tölur</p>		<p>Skilja sætiskerfið hvað varðar heilar tölur og tugabrot, allt frá þúsundstu hlutum</p>	
<p>Rúmfræði: Búa til þrívíða hluti Teikna form og aðrar myndir í þrívidd Eiginleikar og einkenni tvívíðra og þrívíðra forma Þekkja mismunandi rúmfræðiform</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Stika 2a nemendabók bls 94 - 128 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni 	<p>Geta greint eiginleika og einkenni tví-og þrívíðra forma, t.d með því að athuga hornalínur ýmissa tvívíða forma og kanna hvað er líkt og hvað er ólíkt með mismunandi formum eins og strendingum og pýramídum.</p> <p>Geta lýst áþreifanlegum hlutum sem tengjast tækni, hönnun og hinu daglega lífi með því að nota rúmfræðileg hugtök</p> <p>Geta búið til þrívíða hluti og teiknað þá frá mismunandi sjónarhornum</p> <p>Geta notað gráðuboga til að mæla horn</p> <p>Geta skilið á hverju flatarmál byggist, geta reiknað flatarmál réttþyrninga og þríhyrninga og finna þannig yfirborðsflatarmál strendinga</p> <p>Geta notað mælikvarða til að reikna út stærðir og til að stækka og minnka myndir</p>	<p>Könnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.</p>
<p>Mælingar: Þyngd og mælieiningar eins og gr, hg, kg og tonn Um rúmmál og mælieiningar eins og ml, cl, dl og l Að reikna rúmmál ferstrendinga Að reikna tíma</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Stika 2b nemendabók bls 4 - 33 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni 	<p>Geta áætlað mál, valið viðeigandi mælingatæki og framkvæmt mælingar, sem tengjast dagleg lífi og tækni, og geta metið niðurstöður með hliðsjón af ónákvæmni mælinga og kröfum um nákvæmni</p> <p>Geta valið viðeigandi mælieiningu og breytt einni mælieiningu í aðra, t.d þessum mm, cm, dm, m og km, ml, cl, dl, l g, hg, kg og tonn</p> <p>Geta skilið á hverju rúmmál byggist og reiknað rúmmál strendinga</p>	<p>Könnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.</p>

		Geta reiknað tíma, t.d. fundið tímann milli tveggja ártala og milli tveggja tímasetninga	
<u>Almenn brot:</u> Almenn brot sem hluti af heild og sem hluti af safni Almenn brot sem eru jafngild Stytting og lenging almennra brota Samlagning, frádráttur og margföldun almennra brota	-Stika 2b nemendabók bls 34 - 65 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni	Skilja almenn brot sem hluta af heild og safni sem hlutföll og sem tölur á talnalínu Geta lengt og stytt brot, fundið jafn stór, jafngild brot og raðað brotum eftir stærð Geta lagt saman og dregið frá með ósamnefndum brotum og margfaldað saman heila tölu og brot Geta táknað afgang í deilingu með almennu broti eða tugabroti Geta breytt prósentum í almenn brot og öfugt	Könnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.
<u>Margföldun og deiling:</u> Skriflegar reikningsaðferðir í margföldun og deilingu Reikna dæmi úr daglegu lífi Margfalda tugabrot Að nota vasareikni Margföldunartöflurnar Geta nota hugareikning	-Stika 2b nemendabók bls 66 - 97 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni	Geta notað reikningsaðgerðirnar fjórar til að leysa verkefni úr daglegu lífi með því að velja rétta reikningsaðgerð bæði með hefðbundnum skriflegum aðferðum, með hugarreikningi og með vasareikni Geta sett upp dæmi og geta útskýrt útreikninga, og aðferðir og rökstutt lausnaleiðir	Könnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.
<u>Hnitakerfi og hlutföll:</u> Staðsetning, speglun og hreyfing í hnitakerfi Hlutfallareikningur, t.d um mælikvarða, vegalengd og hraða, kaup og sölu og erlenden gjaldeyri, uppskriftir	-Stika 2b nemendabók bls 98 - 128 og æfingahefti - Námsleikir í tölvum og spjaldtölvum - Annað valið efni	Geta notað hnit til að lýsa staðsetningu og hreyfingu í hnitakerfi, bæði á blaði og með stafrænum tækjum Geta notað hnit til að reikna út fjarlægðir sem eru samsíða ásum í hnitakerfinu Geta notað mælikvarða til að reikna út fjarlægðir og búa til einföld kort og vinnuteikningar og til að stækka og minnka rúmfraeðileg form og myndir Skilja hlutföll/hlutfallareikning í daglegu lífi	Könnun við lok kaflans. Vinnubrögð, framfarir og vinnusemi í tímum metin. Þemaverkefni. Önnur minni verkefni. Samræðuverkefni.

6. bekkur

Námsgrein: Enská

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið með lestar texta, uppbyggingu orðaforða, hlustun og tjáningu. Unnið er með ýmsar bækur ásamt hlustunarverkefnum og ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Unnið er einstaklingslega og í para- eða hópavinnu.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín
Læsi	Valdir verða ýmsir miðlar og lesnir einfaldir textar til að þjálfa læsi og auka orðaforða í ensku
Sjálfbærni	Unnið að því að nemendur geti tjáð sig, lesið og veitt einfaldar leiðbeiningar og farið eftir þeim sjálfir.
Sköpun	Nemendur vinna fjölbreytt verkefni þar sem þau nýta hin ýmsu tjáningarför. Áhersla á að nemandi fái að uppgötva og njóta þess að læra nýtt tungumál.
Jafnrétti	Allir fái að taka virkan þátt í náminu með því að fá að tjá sig á sínum forsendum. Nemendur þjálfast í að hlusta á alla í beknum tjá sig á ensku þar sem áhersla er lögð á talað mál og hlustun
Heilbrigði og velferð	Unnið að því að skapa jákvæðan skólabrag með fjölbreyttum verkefnum þar sem hver og einn nemandi fær að njóta sín. Verkefni unnin með líkamann.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Unnið með málskilning og grunnorðaforða.	Ýmsar bækur, verkefni og hlustun úr ýmsum áttum	<ul style="list-style-type: none"> • Skilningur – skilur einföld fyrirmæli og fer eftir þeim, getur lesið texta og unnið út frá honum. • Samtal- getur haldið uppi samræðum, t.d við bekkjarfélaga • Getur kynnt sig, heilsað, kvatt, boðið góðan dag og góða nótta á ensku. • Getur sagt frá sjálfum sér og fjölskyldu sinni • Getur lýst hlut, persónu og útsýni. • Getur gert innkaupalista • Getur safnað orðum í orðasafn, s.s; matur, föt, líkamspartar, skólastofan, áhugamál, fjölskyldan, tölustafir, • Getur sagt til vegar, s.s áfram, til baka, á bak við, fyrir framan, hærra, lægra 	Símat í formi verkefnavinnu, vinnubókar og þemavinnu

6. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið er með Íslandssögu með áherslu á Sturlungaöld annars vegar og landafræði með áherslu á norðurlönd hins vegar. Notast er við fjölbreytt efni úr bókum, af vef og annarsstaðar frá. Unnið er einstaklingslega og í para- eða hópavinnu. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og sambærtingu við aðrar námsgreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum

Grunnþáttur	Áherslupættir
Lýðræði og mannréttindi	Skoðum sögu okkar og þá þróun sem orðið hefur í lýðræði og mannréttindum til dagsins í dag. Kynnum okkur hvernig lýðræði og mannréttindum er háttáð hjá nágrannaþjóðum okkar.
Læsi	Áhersla verður á að efla samfélags-, umhverfis- og kortalæsi nemenda.
Sjálfbærni	Að ræða ágreining út frá atburðum í sögu okkar og leggja áherslu á að þessir atburðir og ákvarðanir þeim tengdum móti framtíðarsýn okkar.
Sköpun	Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl.
Jafnrétti	Skoðum sögu okkar og þá þróun sem orðið hefur í jafnrétti til dagsins í dag. Kynnum okkur hvernig jafnrétti er háttáð hjá nágrannaþjóðum okkar.
Heilbrigði og velferð	

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<u>Trúarbraqðafræði:</u> Hindúatrú og kristni.	Unnið er með fjölbreytt efni úr bókum, af vef og annarsstaðar frá sem tengist hindúatrú og kristni.	Að nemendur þekki uppruna hindúatrúar, helstu guði, siði, helgirit og hátíðir. Að nemendur þekki helstu hátíðir, tákn, frásagnir og siði í kristni.	Símat yfir önnina og fjölbreytt verkefni og kannanir.
<u>Saga:</u> Unnið með Sturlungu eða/og Snorra-sögu, farið í ættfræði og helstu atburði Sturlungu.	Efni tengt Sturlungaöld, t.d. Snorra saga, lesið og unnin verkefni út frá helstu atburðum sögunnar. Skoðaðar eru samgöngur og ferðalög víkinga.	Að nemendur kannist við Íslandssöguna og kannist við helstu höfðingjaættir og atburði á Sturlungaöld Að nemendur kannist við lífshætti Íslendinga á miðöldum og geti sett sig í spor þeirra.	Símat yfir önnina og fjölbreytt verkefni og kannanir
<u>Landafræði:</u> Meginviðfangsefni námssviðsins eru Norðurlöndin; Noregur, Svíþjóð, Finnland, Álandseyjar, Danmörk, Færeyjar og Grænland. Fjallað verður um landshætti, veðurfar, atvinnuvegi og fleiri þætti sem tengjast hverju landi. Unnið verður með kort og loftmyndir, loftslag o.fl.	Unnið er með fjölbreytt efni úr bókum, af vef og annarsstaðar frá sem tengist Norðurlöndunum	Að nemendur læri að lesa legu staðar á heimskorti út frá lengdar- og breiddargráðum og læri að lesa af hefðbundnu þemakorti helstu upplýsingar um landslag, landnotkun, búsetu og samgöngukerfi. Að nemendur þekki á Evrópukorti nöfn og legu Norðurlandanna, stærstu borgir, ár, vötn, eyjar og fjallgarða. Að nemendur þekki landslag, náttúrufar, auðlindir, gróðurfar og loftslag Norðurlandanna. Að nemendur kynnist dæmum um ólik lífsskilyrði fólks á Norðurlöndum Að nemendur átti sig á hvað er líkt og hvað ólíkt í atvinnulífi, búsetumynstri og lífsháttum Norðurlandabúa Að nemendur þekki helstu menningareinkenni Norðurlandabúa eins og tungumál, trúarbrögð, lífskjör, menntamál og félagsmál og á hvaða sviðum Norðurlandabjóðirnar eiga með sér samstarf og í hverju það felst.	Símat yfir önnina og fjölbreytt verkefni og kannanir.

		<p>Að nemendur þekki helstu atvinnuvegi Norðurlandabúa og framleiðslu þeirra Að nemendur kunni dæmi um hvernig náttúran hefur haft áhrif á lifnaðarhætti fólks og hvernig framleiðsla íbúanna og neysla þeirra hefur áhrif á náttúruna Að nemendur þekki dæmi um hvað íbúar Norðurlanda hafa gert til að ráða bót á því sem miður hefur farið í umhverfi þeirra.</p>	
--	--	--	--

6. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar – líf-, jarð- og stjarnfræði

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Notast er við fjölbreytt efni úr bókum, af vef og annarsstaðar frá. Unnið er einstaklingslega og í para- eða hópavinnu. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og sambættingu við aðrar námsgreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti náttúrugreina.

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	
Læsi	Lestur námsbóka í náttúrufræði krefst mikillar þjálfunar í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Rýna þarf í textann og skilgreina hugtök.
Sjálfbærni	Farið verður í hvaða þættir skipta sköpum þegar rætt er um sjálfbærni og hvað maðurinn getur gert t.d í sambandi við verndun umhverfis og ósonlagið.
Sköpun	Ýmis verkefni eru unnin þar sem lögð er áhersla á frumleika, frumkvæði og ímyndunarafl.
Jafnrétti	
Heilbrigði og velferð	

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<u>Líffræði:</u> Unnið með lífríki í og við sjó og umhverfisvernd.	Fjölbreytt námsefni úr bókum t.d. <i>Lífríki í sjó</i> , efni af vef, fyrirlestrar og námsferð með Húna II.	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þekki mikilvægi hafsins fyrir Ísland og helstu fisktegundir sem eru veiddar við Íslandsstrendur. Að nemendur þekki áhrif mannsins á lífríki hafsins. Að nemendur þekki fæðukeðjur hafsins. Að nemendur geti lýst lífríki hafsins og fjörunnar. 	Símat er yfir önnina, vinnubrögð og virkni metin og fjölbreytt verkefni.
<u>Jarð- og stjarnfræði:</u> Unnið með sólkerfið, samspli tungls og jarðar, mótu lands, lofthjúp jarðar, loftslag og umhverfisvernd.	Fjölbreytt námsefni úr bókum t.d. <i>Auðvitað - jörð í alheimi</i> , efni af vef, tímarit, myndbönd og fleira.	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þekki stærð jarðar og reikistjarna og fjarlægð þeirra frá sólu. Að nemendur þekki tengsl tungls og sjávarfalla. Að nemendur þekki mikilvægi lofthjúpsins fyrir lífríki jarðar, loftslag og veðurfar. Að nemendur þekki áhrif mannsins á umhverfið og helstu atriði í umhverfisvernd. Að nemendur þekki innræn og útræn öfl jarðar, breytingar sem verða á yfirborði jarðar við náttúruhamfarir og hvernig landslag og jarðvegur breytist t.d. með veðrun og rofi. Að nemendur þekki einkenni helstu jarðsögutímabila á jörðinni. 	Símat er yfir önnina, vinnubrögð og virkni metin og fjölbreytt verkefni.

6. bekkur

Námsgrein: Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Reglulegir bekkjafundir og verkefni í formi klípusagna og atvika sem upp koma. Unnið er með þarfirnar og uppbyggingu og verkefni því tengd. Notast er við fjölbreytt efni úr bókum, af vef og annarsstaðar frá. Unnið er einstaklingslega og í para- eða hópavinnu. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir, fjölbreytt námsmat og sambærtingu við aðrar námsgreinar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í lífsleikni:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Farið er í grunngildi lýðræðis og lögð áhersla á virðingu fyrir manngildum hvers og eins í lýðræðispjóðfélagi.
Læsi	Að lesa í aðstæður og hegðun hjá öðrum, skoða hvaða reglur - gildi eru til staðar í nærumhverfi okkar.
Sjálfbærni	Fjallað um ólíkar þarfir hvers og eins og hvað þarf að vera til staðar til að sjálfbærni eigi sér stað.
Sköpun	Nemendur útbúa bekkjarsáttmála og hver og einn býr til þarfaspjald fyrir sig og kynnir fyrir öðrum.
Jafnrétti	Allir hafa jafnan rétt á að tjá skoðanir sínar og taka þátt.
Heilbrigði og velferð	Að nemendur vinni í andlegri og líkamlegri heilsu.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Styrking sjálfsmynndar, efla vináttru og skilning á mismunandi þörfum hvers og eins. Unnið skipulega að því að fyrirbyggja einelti.	Fjölbreytt efni úr bókum, efni af vef, myndbönd, fyrirlestrar og fleira	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur geti sett sig í spor annarra og leyst úr eða leitað sér aðstoðar þegar upp kemur ágreiningur eða erfiðar aðstæður. Að nemendur þekki helstu breytingar sem fylgja kynþroskaaldri. 	Símat yfir veturinn, metin er þátttaka í samræðum og vinnusemi í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.
Þátttaka í samfélagi, innan skóla, innan bekkjar, í nærumhverfi og í stærra samhengi.	Fjölbreytt efni úr bókum, efni af vef, myndbönd, fyrirlestrar og fleira.	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur þekki mikilvægi sjálfboðaliðastarfs og góðverka. Að nemendur þekki skaðsemi vímuefna. Að nemendur þekki að siðir og venjur geta verið mismunandi bæði milli samfélaga og innan samfélaga. 	Símat yfir veturinn, metin er þátttaka í samræðum og vinnusemi í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.
Þátttaka og ábyrgð á eigin námi	Fjölbreytt efni úr bókum, efni af vef, myndbönd, fyrirlestrar og fleira.	<ul style="list-style-type: none"> Að nemendur ástundi nám sitt vel og kunni að áætla nám sitt. Að nemendur geti lagt mat á eigin vinnu og annarra. Að nemendur þekki helstu upplýsingamiðla og geti nýtt sér þá á skynsamlegan hátt. 	Símat yfir veturinn, metin er þátttaka í samræðum og vinnusemi í þeim verkefnum sem lögð eru fyrir.

6. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en vetrinum skipt í fimm tímabil og árganginum í fimm hópa sem fara á milli greina.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsluaðferðir eru bæði verklegar og í formi innlagnar. Nemendur fá verkefni sem stuðla að færni í notkun mismunandi aðferða, grunnþjálfun í litablöndun og annarra þátta sem heyra undir myndmennt. Verkefni tengd náttúru og mannlífi, sjálfsmýnd, þemavinna og fleira. Hópastarf og einstaklingsverkefni.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannrétti	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.
Læsi	Nemendur læra myndlæsi, lesa sér til um sögu og aðferðir og að skapa eigin sögu með myndsköpun.
Sjálfbærni	Nemendur eru hvattir til endurnýtingar og að fara vel með efni til myndsköpunar.
Sköpun	Nemendur nái að vinna úr eigin hugmyndum á persónulegan hátt og túnka í myndsköpun og í umræðu. Farið í grunnþætti myndsköpunar, litafræði og formfræði, auk þess að skoða sögu lista.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með myndsköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsuhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í myndmennt til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Skapað jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til listsköpunar og handverks.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþættir myndmennta.	Unnið verður með litafræði og litablöndun, teikningar, form, ljós og skuggar, geomatrík og abstrakt. Skoða umhverfi og samfélag í listum auk þess að tileinka sér grunnatriði fjarvíddar. Einstaka listamenn kynntir og verk unnin í þeirra anda. Safnakennsla.	<p>Nemandi þarf að geta:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, • Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, • Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, • Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir, • Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina, • Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, • Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, • Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 	Símat þar sem horft er til hæfni og getu hvers og eins, ástundun og hegðun. Samvinnu og sjálfstæði í vinnubrögðum.

6. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en vetrinum skipt í fimm tímabil og árganginum í fimm hópa sem fara á milli greina.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkefna, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Nemendur læra að umgangast verkfærin og ganga frá þeim eftir notkun.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í hönnun/smíðum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til sköpunar og handverks. Lögð veður áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að umgangast verkfæri og tæki af varkární.
Jafnrétti	Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með sköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Læsi	Að þekkja eiginleika mismunandi efna og þekkja heiti á mismunandi viðartegundum. Að þekkja helstu verkfæri og hvernig þau eru notuð. Að geta lesið einfalda smíðateikningu.
Sköpun	Hver nemandi læri að útfæra hugmyndir sínar á skapandi hátt.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni	Námsefni búið til af kennara.	<p>Að nemendi: læri að útfæra hugmyndir sínar í mismunandi efni og nota til þess mismunandi verkfæri</p> <ul style="list-style-type: none"> - sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni og leggi sig fram við vinnu sína -sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri - geti virkjað áhugasvið sitt við val verkefna og geri sér grein fyrir hæfileikum sínum í sköpun -sýni öðrum kurteisi og tillitsemi og beri virðingu fyrir vinnunni -bekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og geti flokkað þau til endurvinnslu -bekki grunnformin og geti nýtt sér þau við hönnun verkefna -bekki til hefðbundins vinnuferlis -geti nýtt sér hugmyndir annarra við gerð eigin verkefna -geti gert einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni -bekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa -hafi unnið með mismunandi smíðaefni, s.s. plötuefni, við og band -geti notað laufsög og bakkasög ásamt útsögunarklauf og skerstokk og geti valið verkfæri við hæfi verkefnis -geti skreytt smíðisgripi sína með brennipenna -kunni að umgangast verkfærin, hreinsa og ganga frá þeim eftir notkun -geti valið pensla við hæfi verkefnis og kunni að mála með vatnsleysanlegum litum -kunni að velja og beita sandpappír á réttan hátt -geti gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni -geti útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu -geti lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð -geti valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum -geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum -geti lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélagini -greini þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir 	<p>Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, og sköpun einnig ábyrgð, tillitsemi, samskipti og samstarf.</p>

6. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en vetrinum skipt í fimm tímabil og árganginum í fimm hópa sem fara á milli greina. Heimilisfræði er kennd í lotum yfir veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennslustundir eru að mestu verklegar en fræðsla um aðferðir við matargerð, helstu eldhúsahöld og hættur við eldhússtörf er tengd við þau viðfangsefni sem eru hverju sinni. Stundum er tekinn hluti af tíma í umræður og skrifleg verkefni tengd hollustu og heilbrigði, hreinlæti og umhverfismálum, matarmenningu og fleira.

Nemendur vinna saman í hópum, oftast 2-3 saman. Kennari raðar í hópa og stundum draga nemendur númer til að samvinna verði fjölbreytt. Námsgögn eru uppskriftir Námsgagnastofnunar og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 2 sem samanstendur af verkefnum og uppskriftum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur skipta með sér verkum þannig að allir aðilar séu sáttir.
Læsi	Að geta lesið uppskriftir og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikið af hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni..
Sjálfbærni	Fara vel með matvæli og ræða um fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig matur er borinn fram.
Jafnrétti	Allir í hópnum vinna saman, ekki er gerður greinarmunur á kynjum þegar raðað er í hópa.
Heilbrigði og velferð	Fræðsla og umræður um næringarfræði, hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins eru mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, gerdeig og hnoðað deig. Nemendur læri að breiða út deig, brytja grænmeti, sjóða og steikja á eldavél.	Uppskriftir frá Námsgagnastofnun og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 2 (lesbók og vinnubók)	Nemendur geti unnið eftir uppskriftum og farið eftir aðferðum við bakstur og matargerð. Læri að nota hnífa og rafmagnstæki á réttan hátt svo að ekki skapist hætta af. Jafnframt því að læra á helstu mælitæki og áhöld í eldhúsinu.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnibáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, ábyrgð, samskipti og samstarf.
Nemendur vinni eftir uppskriftum og temji sér sjálfstæði og skipulag.		Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	

6. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Tímafjöldi á viku: Samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en vetrinum skipt í fimm tímabil og árganginum í fimm hópa sem fara á milli greina. Textílmennt er kennd í lotum yfir veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur eru mest að vinna að eigin verkefni en í einstaka tilfellum í hóp. Hópkennsla og einstaklingskennsla.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin. -Að nemendur hafi góða vinnuaðstöðu og líði vel. -Að gagnkvæm virðing ríki á milli kennara og nemanda. -Að nemendur geti lesið uppskriftir og leiðbeiningar.
Læsi	Umhverfislæsi: Nemendur læri á umhverfi sitt og að nýta sér þau tæki og tól sem nauðsynleg eru í þeirri vinnu sem þau eru hverju sinni.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -Nemendur þekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og geti flokkað þau til endurvinnslu. Nemendur reyni að endurnýta sem mest, sauma og prjóna úr gömlum efnunum, gardínnum, rúmfötum, flíkum ofl. sem til fellur. -Nemendur ganga vel um skólastofuna og flokkum plast, pappír og lífrænt.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> -Nemendur hafi ákveðið val um td. efni, liti, form eða annað. _ -Nemendur geti virkjað áhugasvið sitt og hafi ákveðið val í verkefnum sínum. _Nemandi skapar þá sitt eigið verk, gerir það að sínu og enginn annar á eins.
Jafnrétti	-Áhersla á að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt og sýni aðgæslu með notkun þeirra. -Nemendur sýni hverjur öðrum kurteisi og tillitsemi og beri virðingu fyrir verkum annarra.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn hannar sitt eigið mynstur á blað sem hann yfirfærir á efni og saumar út með handsaum (aftursting). -Nemandi velur efni og liti í sinn púða og saumar með handsaum og vélsaum. -Nemendur læra að nota alla búta og afganga í verkið ef mögulegt er. - Nemendur læra að halda á heklunál, hekla loftlykkju og bæta síðan við fastahekli. Nemendur rifja upp prjónakunnáttu ef tími vinnst til. 	<p>Námsefni búið til af kennara. Bókin hannyrrðir í 3.-6. bekk. og ýmsar bækur og blöð ásamt efni af netinu.</p>	<p>Að nemendur hanni og teikni sitt eigið verkefni og geri það að tilbúnum hlut.Nemandi læri að nýta efni vel og ganga vel um tæki og tól skólans. Að nemendur kynnist og læri grunninn í hekli. Að nemendur geti unnið nokkuð sjálfstætt á saumavélar, saumað beint spor, sikksakk, bakkað, snúið og þrætt vél. Að nemendur læri að hekla og gera úr því hlut. Að nemendur nýti sér prjónakunnáttu og rifji upp prjón ef tími vinnst til.</p>	<p>Lykilhæfnipættir metnir og skráðir. Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt. Lokamat er byggist á þessu símati.</p>

6. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringur er kennsluform sem mikið er notað.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldrí og búsetu og líkamsbyggingu
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir - ganga/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kann helstu reglur í körfubolta • Getur rakið körfubolta framhjá hindrunum • Kann grunnhreyfingar í hniti (badminton) • Kann algengar liðleikaæfingar • Getur tekið arabastökk • Getur kastað kúlu í kúluvarpi • Getur haldið fótbalta á lofti 3x - 5x 	<p>Námsmarkmið:</p> <p>Þrep 6.</p> <p>Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

6. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag: Hefðbundin sundkennsla í Akureyrarlaug, reglur, leikir, allar sundaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líakmsbyggingu
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund, bolsund, björgunarsund, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni	<ul style="list-style-type: none"> Getur synt 50 m skólabaksund Getur synt 100 m skriðsund Getur synt 15 m björgunarsund Getur synt 8 m kafsund Getur synt 200 m viðstöðulaust Getur synt 25 m baksund Getur synt 25 m bringusund lágm 40 sek 	Námsmarkmið í mentor. Þrep 6.
--	--	-------------------------------

6. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Tímafjöldi á viku: Samþætt við aðrar greinar

Kennsluaðferðir og skipulag:

Sýnd verða tiltekin vinnubrögð og aðferðir. Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sem krefjast ígrundunar og frumkvæðis í efnistökum og úrvinnslu. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Verkefni verða unnin í tölvu, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra nemendur. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga sem gagnast þeim við annað nám.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemandi: aflar upplýsinga á veraldarvefnum, vegur og metur á gagnrýninn hátt.
Læsi	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> • velur hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem hann er að vinna. • rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu.
Sjálfbærni	Nemandi: sækir sér efni á veraldarvefinn og nýtir í verkefnavinnu.
Sköpun	Nemandi: notar hugmyndaflug við hönnun og skipulag verkefna.
Jafnrétti	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> • fer eftir reglum um ábyrga netnotkun. • tekur tillit til skoðana annarra.
Heilbrigði og velferð	Nemandi: <ul style="list-style-type: none"> • sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefni. • fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum. • beitir réttum vinnustellingum og vinnubrögðurm.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Getur geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulegum hætti. Getur beitt þeim leitaraðferðum sem algengustu tölvukerfi bjóða uppá.	Windows-umhverfið, minnislyklar og verkefni nemenda	Kann að vista skjal skipulega á mismunandi svæðum.	Munnleg endurgjöf, metið er skipulag á möppum
Kann á leitar-og útlánskerfi safnsins. Getur leitað að gögnum eftir flokkunarkerfi skólasafnsins.	Verkefni frá kennara Gegnir.is/ Leitir.is, Skólasafnið: sjálfsafgreiðsla og gögnum raðað í hillur.	Kann að nota leitar-og útlánskerfi skólans til að finna heimildir og fylgjast með eigin útlánum.	Gátlisti
Þekkir helstu leitarmöguleika á Netinu. Hefur mótaða skoðun á gildi tölvutækni við upplýsingaleit og þekkingaröflun.	Verkefni frá kennara, Viskuveitan Vafrar	Þekkir hvernig upplýsingar á veraldarvefnum eru metnar.	Skrifleg endurgjöf
Kann að skipuleggja heimildavinnu, það felur í sér að nemandi geti mótað spurningar út frá efni og skilgreint hvaða upplýsinga er þörf.	Verkefni frá kennara Microsoft Office Publisher og Word	Getur gert bækling	Munnleg og skrifleg endurgjöf
Getur sett inn myndir, gröf og töflur í texta.	Nams.is/ Upplýsingatækni 5.-7. bekkur Microsoft Office Excel	Getur sett upp einfalt dæmi í töflureikni. Getur sett upp dæmi í töflureikni og afritað formúlur og útlit. Kann að breyta últiti texta og hólfra í töflureikni. Getur sett þúsundaskiltákn og aukastafi í töflureikni. Getur breytt últiti síðu og forskoðað prentun í töflureikni.	Gátlisti Sjálfsmat

Getur nýtt sér glærugerðarforrit. Getur sett saman eigin stiklutexta með viðeigandi efnisskipan og tengingum.	Verkefni frá kennara PhotoStory/ PowToon/ PowerPoint	Getur búið til einfalda margmiðlunarkynningu með texta mynd og hljóði.	Skrifleg endurgjöf
Getur notað margmiðlunarefni til að bæta við eigin þekkingu og til skemmtunar.	Verkefni frá kennara Ipad og myndavél Alice/ Code.org	Getur nýtt sér GoogleEarth við verkefnavinnu. Getur nýtt sér spjaldtölву og myndavél við verkefnavinnu. Þekkir forritunarumhverfi.	Munnleg endurgjöf Gátlisti Skrifleg endurgjöf
Þjálfist í réttri fingrasetningu og líkamsbeitingu	Fingrafimi/ Sense-lang.org	Hefur náð hraðaviðmiði í blindskrift sem er 120 slög á mínútu eða 24 orð á mínútu.	10fastfingers.com Stöðupróf verða tvívar á skólaárinu.

7. bekkur

7. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: Sjö kennslustundir.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Miðað er að heildstæðri íslenskukennslu gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem öllum þáttum málsins eru gerð góð skil.

Lögð er áhersla á bæði hljóðlestur og upplestur þar sem áhersla er á fjölbreytt lesefni í lausu og bundnu máli, fornar og nýjar íslenskar bókmenntir og ljóð. Nemendur flytja ljóð, endursegja texta munnlega og á rituðu formi, ræða um innihald texta og gera grein fyrir máli sínu.

Samtímis þjálfast nemendur í að hlusta á upplestur og frásagnir annarra og tileinka sér upplýsingar sem veittar eru á munnlegu formi.

Nemendur eru þjálfaðir í leita að og vinna með upplýsingar úr bókum og margmiðlunarefnini.

Fjölbreytt ritunarvinna þar sem nemendur fást við skapandi skrif í formi sagna, ljóða og leikþátta. Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval við ritun og skýra framsetningu texta.

Málfræði er ætlað að efla skilning og færni nemenda við notkun á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra í þeim tilgangi að verða betri málnotendur.

Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðibekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi.

Áhersla verður lögð á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vönduð vinnubrögð, s.s. skrift og frágang.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Réttur allra til skoðana og tjáningar er virtur. Ýtt er undir ábyrgð nemenda á eigin námi og höfðað til áhugasviðs þeirra eftir fremsta megni.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur efldir sem sjálfstæðir gagnrýnir lesendur. Lesefni valið með þroska og færni nemenda í huga og áhersla lögð á áhuga, skilning og tengingu við eigin þekkingu og reynslu. Fjölbreytni fengin með notkun ólíkra texta og aðferða.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Tjáning í gegnum munnlegt og skriflegt form.

	<ul style="list-style-type: none"> Leikræn tjáning við lestur ljóða og sagna.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Nemendur hafa ólíkar forsendur til námsins og því skal leitast við að það miðist við þarfir hvers og eins.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áhugasviðum nemenda er gefið rými í íslenskunáminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmýnd og heilbrigði eflist.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> Ljóð og sögur úr ýmsum áttum. Efni tengt Stóru upplestrarkeppninni Orðspor 3 	<ul style="list-style-type: none"> getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar getur lesið almennan texta upphátt af öryggi og beitt áherslum getur rætt um lesið efni með sjálfstæðu og gagnrýnu hugarfari getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum getur hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá í aðalatriðum getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt getur hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi 	<p>Símat</p> <ul style="list-style-type: none"> Kennari fylgist með, ræðir við nemendur yfir veturinn um tjáningu nemenda í skipulögðum og óskipulögðum aðstæðum Þátttaka nemenda í samræðum um námið og á bekkjafundum Matslistar notaðir við ákveðin verkefni Sjálfsmat nemenda út frá matslista
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <i>Ritunarbókin</i> <i>Málrækt</i> 	<ul style="list-style-type: none"> getur skrifað læsilega og af öryggi getur beitt helstu atríðum stafsetningar 	<ul style="list-style-type: none"> Ritunarfærni metin út frá unnum verkefnum

	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Orðspor 3</i> • <i>Skerpa 1</i> • <i>Mál er miðill</i> • Ljósritað efni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • getur beitt helstu greinarmerkjum • getur greint hvaða orðmynd er uppfleittimynd fallorðs og nýtt sér það við notkun orðabóka • getur samið texta þar sem beitt er eigin sköpun • getur skrifað heimildaritgerð samkvæmt fyrirmælum • þekkir helstu skammstafanir og getur nýtt í ritun • getur byggt upp röksemdarfærslu í máli sínu • getur notað orðtök og málshætti í rituðu og töluðu máli • kann að lesa og nota raðtölur í texta 	<ul style="list-style-type: none"> • Símat þar sem nemandi og kennari skoða unnið verkefni og velja þætti til að vinna með í næsta verkefni • Ákveðin ritunarverkefni yfir veturinn valin til námsmats • Ritgerð • Stafsetning metin í könnunum - verkefnum og upplestrar-verkefnum
Bókmenntir og lestur	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Orðspor 3</i> • <i>Leyndardómur Íjónsins</i> • Efni úr ýmsum áttum 	<ul style="list-style-type: none"> • getur unnið að heimildaöflun • getur lesið 165 orð á mínútu í raddlestri í lok skólaárs • getur lesið almennan texta upphátt af öryggi • getur lesið 175-300 orð á mínútu í hljóðlestri • kann að greina aðalatriði frá aukaatriðum í texta. • getur rætt um lesið efni með sjálfstæðu og gagnrýnu hugarfari • getur lesið og skilið almennan texta • þekkir hugtökin innri og ytri tími sögu • hefur tileinkað sér nýjan orðaforða • kann að nota raðtölur í texta 	<ul style="list-style-type: none"> • Lesfimipróf MMS í sept, jan og maí • Lesskilningspróf - Orðarún í okt. og mars • Ritgerð • Bókmenntaskýrslur
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Málrækt</i> • <i>Skerpa 1</i> • Ljósritað efni frá kennara 	<ul style="list-style-type: none"> • getur greint nafnorð í texta • þekkir mun á sérnöfnum og samnöfnum • getur fallbeygt nafnorð • getur greint og eða fundið kyn, tölu og fall orða • þekkir mun á beinni og óbeinni ræðu • getur greint nafnorð með viðskeyttum greini • getur greint hlutstæð og óhlutstæð nafnorð 	<ul style="list-style-type: none"> • Kannanir í lok hvers viðfangsefnis • Verkefni og vinnubrögð metin yfir önnina

		<ul style="list-style-type: none">• getur greint lýsingarorð í texta• getur stigbreytt lýsingarorð• þekkir stofn lýsingarorða og getur nýtt sér við réttritun• getur samþeygt lýsingarorð og nafnorð• getur greint sagnorð í texta• þekkir og eða getur fundið nafnhátt og stofn sagnorða• þekkir tíð sagnorða og getur breytt nútíð í þátíð og öfugt• þekkir persónufornöfnin og getur fallþeygt þau• getur greint og eða fundið persónu og tólu persónufornafna• þekkir helstu flokka fornavna• þekkir stofn nafnorða• þekkir aukaföll nafnorða• þekkir kenniföll nafnorða og skráningu þeirra í orðabókum• þekkir sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð• kann að raða í stafrófsröð	
--	--	--	--

7. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: Sjö kennslustundir.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Notast er við kennsluefnið *Stíku 3*. Í námsefninu er megináhersla lögð á fjölbreytni verkefna með notkun margvíslegra hjálpartækja. Áhersla er á vönduð og skipulögð vinnubrögð þar sem nemendur vinna ýmist sem einstaklingar, í pörum eða í hóp og er öll vinna unnin í reikningsbók. Hver nemandi vinnur eftir áætlun sem byggir á markmiðum og tímafjölda og er fyrirkomulag og dagsetning námsmats tilgreint. Nemendur vita því til hvers er ætlast af þeim og bera nokkra ábyrgð á eigin vinnu. Ekki er um eiginlega heimavinnu í stærðfræði að ræða nema þegar nemendur nýta ekki tímann í skólanum til vinnu. Þá er gerð sú krafa að nemendur vinni heima svo þeir dragist ekki aftur úr.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupáttir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Réttur allra er virtur og teknar lýðræðislegar ákvarðanir auk þess sem tekið er tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar þeirra á eigin námi. Mikilvægt að nemendur þrói með sér hæfni til að rökstyðja og leggja mat á rökstuðning annarra með hjálp stærðfræðinnar.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur æfast í læsi á stærðfræðileg hugtök og tákn. Tekin verða fyrir þau hugtök sem verið er að vinna með hverju sinni og farið í merkingu þeirra. Nemendur æfast í að lesa og skilja stærðfræðiverkefni, t.d. orðadæmi.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> Hugað er að eigin velferð og annarra og skapað vinnuumhverfi þar sem nemendur eru samábyrgir.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Í vinnu í stærðfræði eru notaðar ýmsar aðferðir til að tjá sig eins og teikningar, skissur, myndir, töflur og myndrit.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Allir nemendur hafa jafnan rétt til náms. Nemendur hafa ólíkar forsendur til námsins og því skal leitast við að það miðist við þarfir hvers og eins.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áhugasviðum nemenda er gefið rými í stærðfræðináminu og þannig fá þeir tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga. Með þessu byggist upp jákvæð sjálfsmynd og heilbrigði eflist.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi	Mat
Tölur og talnareikningur	Stika 3a og Stika 3b	<ul style="list-style-type: none"> • þekkir reglur sem gilda um röð aðgerða • getur unnið með reikniaðgerðirnar fjórar í heilum tölum, tugabrotum og stórum tölum • getur reiknað dæmi með negatífum tölum • getur fundið fjölda möguleika á að raða hlutum • getur leyst einföld orðadæmi • getur námundað • þekkir mun á samsettum tölum og frumtölum • getur sett upp formúlur í google sheets eða excel til að flýta fyrir reikningi • getur margfaldað og deilt í huganum með 10,100,1000... etur 	<p>Símat:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Leiðsagnarmat: Kennari á í samræðum við nemendur jafnt og þétt, kannar færni þeirra og leiðbeinir áfram • Lotukannanir • Vinnubækur, vinnusemi og sjálfstæði
Rúmfræði og mælingar		<ul style="list-style-type: none"> • kann að reikna rúmmál ferstrendinga • getur reiknað flatarmál og ummál óreglulegra flata • getur reiknað yfirborðsflatarmál þrí- og ferstrendinga • þekkir ýmsar gerðir þríhyrninga og marghyrninga • kann að hliðra, snúa og spegla myndum í hnítakerfi • kann uppbyggingu metrakerfisins • kann að reikna út stærð horna • kann að nota gráðuboga til að finna stærðir horna og teikna horn • getur reiknað út hraða, vegalengd eða tíma ef tvær forsendur eru gefnar • kann að teikna þríhyrninga með ákveðnum lengdum • getur notað mælikvarða og einslögun í tenglsum við teikningar • kann að reikna út tímалengd útfrá gefnum tínum á klukku • kann heiti ýmissa hluta hrings og mismunandi ferhyrninga • getur reiknað flatarmál og ummál marghyrninga • þekkir mismunandi rúmmálsmælieiningar og tengsl þeirra • kann að helminga horn með hringfara og stiku 	

Almenn brot, tugabrot og prósent		<ul style="list-style-type: none"> • getur unnið með reikniaðgerðirnar fíórar í almennum brotum og tugabrotum • kann að gera almenn brot samnefnd • þekkir hvenær tvö almenn brot eru jöfn • getur stytt og lengt almenn brot • þekkir tengsl almennra brota, tugabrota og prósenta • getur reiknað út afslátt sem gefinn er eða hækkan og fundið nýtt verð vöru • skilur prósentureikning, getur fundið prósent, hluta eða heild ef tvær breytur eru gefnar 	
Tölfræði og líkur		<ul style="list-style-type: none"> • kann að lesa úr töflum og myndritum • kann að reikna út meðaltal og finna miögildi og tíðasta gildi • getur fundið og reiknað einfaldar líkur • getur gert einfaldar tölfræðirannsóknir og búið til töflur og myndrit 	
Algebra og jöfnur		<ul style="list-style-type: none"> • kann að vinna með mynstur á skipulegan hátt • getur reiknað út óþekkta stærð (breytu) í jöfnu 	
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar		<ul style="list-style-type: none"> • Kann að nota jafnaðarmerkið rétt • Getur tjáð sig munnlega um lausnir verkefna • Getur tjáð sig skriflega um lausnir verkefna • Getur unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna • Getur undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði • Setur útreikning upp á skipulegan og snyrtilegan hátt 	

7. bekkur

Námsgrein: Enská

Tímafjöldi á viku: Þrjár kennslustundir.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsluaðferðir miða að því að byggja upp fjölbreyttan orðaforða, málþekkingu og skilning í gegnum lestur, hlustun, ritun og talað mál.

Nemendur vinna ýmist í pörum, litlum hópum eða í einstaklingsvinnu og lögð er áhersla á samræður og samvinnu milli nemenda.

Farið er í óreglulegar sagnir og reglulega prófað úr þeim yfir ákveðið tímabil.

Unnið er með kennsluefninum Action, lesbók og vinnubók auk ýmissa annara verkefna frá kennara.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> • sýnir frumkvæði • tekur þátt í samvinnuverkefnum • fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum • fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra • tekur tillit til skoðana annarra
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • kemur fram við samstarfsfólk sitt af tillitssemi • vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt • temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem unnið er með • nýtir ýmis hjálparögogn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans • þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna

- nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
<ul style="list-style-type: none"> • Hlustun Lesskilningur • Samskipti • Frásögn • Ritun 	Action - lesbók og vinnubók Ljósritað efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> • Getur skilið í megindráttum efni, algengar upplýsingar, fyrirmæli og leiðbeiningar tengdar daglegu lífi. • Getur skilið megininntak í einföldum leiðbeiningum og frásögnum fjöldiðla. • Kann að nýta sér einföld orðasöfn. • Getur skrifað samfelldan texta eftir fyrirmælum • Getur tekið þátt í samtölum um daglegt líf og áhugasvið. • Getur hlustað eftir nákvæmnisatriðum þegar þörf krefur. • Getur lesið einfaldar smásögur, skáldsögur, frásagnir og fræðsluefni ætlað börnum og unglungum. • Getur samið stuttan texta t.d. sögur, ljóð, póstkort, myndasögu eða tölvupóst. • Getur lýst í megindráttum því sem hann hefur lesið eða upplifað. • Getur bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum og á ferðalögum. • Getur komið fram í stuttmynd og talað ensku • Þekkir beygingu óreglulegra sagna • Þekkir þátíðarform reglulegra sagna • Getur fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu • Getur notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. • Getur sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum 	<p>Símat:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Kannanir tvívar yfir veturinn þar sem skoðaður er orðaforði og málfræðibekking nemenda • Vinnubók metin • Virkni og vinnulag metið • Stuttmyndaverkefni • Jafningjamat út frá stuttmyndaverkefni • Lesskilningverkefni • Ritunarverkefni • Hlustunarverkefni • Munnleg verkefni

		<ul style="list-style-type: none"> Getur flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. Stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. 	
--	--	---	--

7. bekkur

Námsgrein: Danska

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Helstu viðfangsefni í dönsku í 7. bekk snúa að nemendum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, fót, dagarnir og heimilið eru meðal efnispáttar sem teknir eru fyrir í upphafi námsins. Grunnnámsefnið heitir Start og samanstendur af les- og vinnubók.

Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru verkefni sem nemendur vinna ýmist einir, í pörum eða litlum hópi. Hlustunaræfingar eru fjölmargar í vinnubókinni og margar hugmyndir að munnlegum verkefnum er að finna með námsefninu. Að auki er stuðst við ýmis spil og leiki sem fylgja námsefninu. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni eigin aðferð við að lesa og skilja texta og eru því fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. að lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur. Dönsk tónlist og tónlistarmenn eru kynntir ásamt því að rýnt er í tónlistartexta og horft á danskar kvíkmyndir og þætti.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í erlendum tungumálum:

Grunnþáttur	Áherslupáettir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> sýnir frumkvæði tekur þátt í samvinnuverkefnum fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra tekur tillit til skoðana annarra

Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • kemur fram við samstarfsfólk sitt af tillitssemi • vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli • vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt • temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu • tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem unnið er með • nýtir ýmis hjálparögn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans • þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna • nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
kynningar líkaminn föt litir dagarnir fjölskyldan klukkan árstíðirnar heimilið afmæli tölur matur skóli	Start og Smart, les og vinnubækur, hlustunarefnir kvíkmyndir þættir efni af Netinu	<ul style="list-style-type: none"> • lýkur öllum verkefnum í lotum <p>Hlustun</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni daglegs lífs • getur skilið aðalatriði í einföldum samtöluum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum • getur greint heiti og einstök orð í aðalatriðum, í því efni sem unnið er með hverju sinni <p>Lestur</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem er skrifaður á léttu máli • getur skilið vel innihald stuttra texta sem fjalla um efni sem hann þekkir • getur lesið stutta texta um efni sem hann þekkir <p>Ritun</p>	<p>Símat:</p> <p>Kannanir Hlustunarverkefni Munnleg verkefni Einstaklingsverkefni Hópverkefni Vinnubók og vinnuframlag</p>

	<ul style="list-style-type: none">• getur skrifað stuttar aðalsetningar• getur skrifað stuttan texta, t.d. við myndir, út frá einföldum orðatengslamynum <p>Talað mál</p> <ul style="list-style-type: none">• getur myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með• getur heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig með viðeigandi orðalagi• getur notað orð og orðasambond sem unnið hefur verið með• kann réttan framburð á hv og hj, á og ø• getur unnið samtalsæfingar út frá fyrirmynnum sem unnið hefur verið með• getur sagt frá tilteknu efni með aðstoð mynda eða minnispunkta• þekkir orðaforða í tengslum við kynningar, liti, líkamshluta, sem og tölurnar frá 1 – 10• þekkir orðaforða í tengslum við fót og fylgihluti, fjölskyldu, daga og árstíðir sem og tölurnar frá 11-20• þekkir orðaforða í tengslum við klukkuna og heimili• þekkir og getur notað orðaforða sem tengist mat og skóla• þekkir helstu spurnarfornöfnin	
--	---	--

7. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar

Tímafjöldi á viku: Þrjár kennslustundir

Kennsluaðferðir og skipulag:

Greininni er skipt í two hluta, á fyrri önn er farið í efni sem tengist landafræði Evrópu en á seinni önn er farið í efni tengt gamla samfélaginu og amerísku og frönsku byltingunum. Greinin er samþætt með íslensku og upplýsingamennt. Markmið námsins er að auka hæfni nemenda til að skilja veruleikann og auka hæfni þeirra í að mynda tengsl. Töluberður hluti kennslunnar fer fram í umræðuformi sem og í samskiptum við aðra, bæði samnemendur og kennara.

Nemendur leysa fjölbreytt verkefni sem tengjast markmiðum áfangans. Unnið er í einstaklings-, para-og hópverkefnum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir Nemandi
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi temur sér gagnrýna hugsun og skoðun fræðist um mismun og forrétindi fólks í víðum skilningi
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi tekur tillit til skoðana annarra kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð fær tækifæri til að læra um lýðræði
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> öðlast þekkingu á menningarlæsi, t.d. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök tengd viðfangsefninu nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> notar kennslubækur og önnur hjálparögogn við vinnu sína sækir sér efni á veraldarverfinn tekur þátt í samvinnu

Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • nýtir tæknina á skapandi hátt • virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.
--------	---

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi	Mat
Evrópa -lönd -landslag -loftslag -auðlindir -samgöngur -atvinnuhættir	<ul style="list-style-type: none"> • Evrópa • Lýðræði og tækni • Veraldarverfurinn 	<ul style="list-style-type: none"> • getur lesið og notfært sér kort, loftmyndir og önnur landfræðileg gögn • gerir sér grein fyrir mismunandi einkennum svæða svo sem landslagi, gróðri, auðlindum, búsetu og menningu • þekkir til helstu náttúruauðlinda, atvinnuvega, búsetumynsturs og lifnaðarháttar • þekkir helstu gerðir orkulinda sem eru nýttar í Evrópu, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast • þekkir nöfn, legu ríkja og stærstu ár í Evrópu á Evrópukorti • getur kynnt verkefni í tengslum við land í Evrópu • getur sagt frá hugmyndum og öflum sem leiddu til amerísku stjórnarbyltingarinnar • getur sagt frá frönsku stjórnarbyltingunni, hverjar orsakir hennar og afleiðingar voru • Getur áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði • Getur lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður • Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og sér og í samstarfi við aðra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Mat á frammistöðu í tímum • Nemendur fá endurgjöf um aðferðir sem beita má til að ná settu marki. • Heimildaverkefni, nemendur vinna heimildaverkefni um ákveðið efni tengt áfanganum • Sjálfsmat • Vinnubók, endurgjöf vinnu við ritunarverkefni á meðan ferlinu stendur • Jafningjamat fyrir ferðakynningu um Evrópuland
Saga og samfélag -gamla samfélagið -Byltingar á 17.-18. öld: ameríkska frelsisbyltingin franska stjórnarbyltingin			

7. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Sýnd verða tiltekin vinnubrögð og aðferðir. Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni sem krefjast frumkvæðis í efnistökum og úrvinnslu.

Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Verkefni verða unnin í tölvu, ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við aðra nemendur. Áhersla er lögð á að kynna nemendum tækni og aðferðir við öflun, úrvinnslu, sköpun og miðlun upplýsinga sem gagnast þeim við annað nám.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> aflar upplýsinga á veraldarvefnum, vegur og metur á gagnrýnnin hátt.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> velur hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem hann er að vinna. rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> sækir sér efni á veraldarvefinn og nýtir í verkefnavinnu. tekur þátt í samvinnu.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> nýtir tæknina á skapandi hátt. virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> fer eftir reglum um ábyrga netnotkun. tekur tillit til skoðana annarra. temur sér gagnrýna hugsun og skoðun.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp. fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum. beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Upplýsingaöflun á Netinu.	Netið. Google-umhverfið. Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> Þekkir helstu leitarmöguleika á Netinu. Kann að nota leitar- og útlánskerfi til að finna heimildir og fylgjast með eigin útlánum. Getur sett upp dæmi í töflureikni og afritað formúlur og úllit. Getur unnið með heimildir og útbúið heimildaskrá. Þekkir höfundarrétt efnis. Getur útbúið rafrænt hugtakakort t.d. með mindmup á google.is Getur sett upp töflu og búið til myndrit í töflureikni t.d með Sheets á google.is Getur skráð sig inn á Mentor og fylgst með upplýsingum. Getur sett inn myndir, gróf og töflur í texta. Getur búið til skyggusýningu með texta og myndum t.d. með Slides inn á google.is. Kann að deila efni með öðrum t.d. Docs skjölum inn á google.is. Getur átt í tölvusamskiptum við kennara og aðra. Kann að skila verkefnum rafrænt t.d. inn á Classroom á google.is Þekkir forritunarumhverfi. Getur farið eftir reglum um ábyrga netnotkun 	Leiðsagnarmat 10fastingers.com Stöðupróf verða tvísvar á skólaárinu.
Leitar- og útlánskerfi safna, eftir flokkunarkerfi þeirra. .	Gegnir.is Leitir.is Viskuveitan 10fastingers.com Tiping.com Code.org		

7. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Náttúrufræðigreinum er skipt í tvær lotur og er áhersla á lífvísindi á fyrri önn þar sem fjallað er um mannslíkamann og á þeirri seinni unnið með grunnhugtök eðlisvísinda. Aukalega er notast við Umfjöllunarefnið á haustönn er mannslíkaminn. Leitast er við að auka skilning nemenda á eigin líkama og líffærum, uppbyggingu þeirra og virkni og fjallað er um þroskaferli líkamans og kynþroskaskeiðið. Á vorönn kynnast nemendur nokkrum grunnhugtökum í eðlis- og efnafræði og vísindaleg vinnubrögð.

Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir yfir veturinn á borð við útlistunarkennslu, verkefnavinnu, hópavinnu og umræður auk þess sem nemendur framkvæma tilraunir og tileinka sér vísindaleg vinnubrögð í kennslustofunni.

Kennari metur lykilhæfni nemanda jafnt og þétt yfir veturinn. Nemendur leysa tímaverkefni með aðstoð námsbóka, vinna verkefni á sjálfstæðan hátt og í samvinnu við aðra og eru virkir þátttakendur í umræðu og athugunum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar:

Grunnþáttur	Áherslupþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> • fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi • tekur tillit til skoðana annarra • kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> • Öðlast þekkingu á starfsemi eigin líkama og mikilvægi heilbrigðra lífsháttá. • Tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök tengd viðfangsefninu • Leysir verkefni sem stuðla að hugtakaskilningi og merkingu hugtaka.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> • notar kennslubækur og önnur hjálparögogn við vinnu sína • sækir sér efni á veraldarverefinn • Tekur þátt í samvinnu
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> • Nemendur nýta sköpunargáfu sína til að útfæra verkefni eftir eigin hugmyndum.

Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi Fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum. sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Lærir hvernig eigi að hlúa að líkamanum og hvernig sé best að lifa heilbrigðu lífi í sátt og samlyndi. -vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Megin viðfangsefni er uppbygging líkamans og hvernig allir hlutar hans starfa saman.	<ul style="list-style-type: none"> <i>Maðurinn - hugur og heilsa</i> Námsvefir Líffræðiöpp Námsvefir t.d. kvisti.is og Flipp.is Myndbönd af youtube Fjörlritað efni 	<ul style="list-style-type: none"> Lýkur öllum verkefnum lotunnar og getur haldið utan um námsgögn sín í vinnubók á skipulegan hátt Getur unnið vel og farið eftir fyrirmælum Getur framkvæmt og sagt frá einföldum athugunum og niðurstöðum þeirra Getur fyllt út skýrslu rafrænt eftir tilraun og unnið með niðurstöður Þekkir mismunandi gerðir frumna og hvað verður um dauðar frumur Getur lýst helstu líffærum og líffærakerfum mannsins Gert grein fyrir þeim breytingum sem verða á líkama mannsins við kynþroskann Þekkir breytingar sem verða á líkama manna þegar þeir eldast Þekkir helstu bein líkamans Þekkir dæmi um vöðvagerðir í líkama manna 	<ul style="list-style-type: none"> Vinnubækur Virkni í tímum og þátttaka í umræðum Rafrænt hugtakakort Tilraunir Rafræn skýrsla Kannanir

		<ul style="list-style-type: none"> • Þekkir hvernig vöðvar vinna saman • Þekkir helstu hluta blóðsins • Þekkir helstu hluta hjartans og leið blóðsins í gegnum þá • Þekkir öndunarfærin og starfsemi þeirra • Þekkir hvernig blóðið breytist við að fara í gegnum lungun • Þekkir leið fæðunnar í gegnum meltingarveginn og starfsemi hans • Þekkir helstu hreinsistöðvar líkamans og starfsemi þeirra • Þekkir lög húðarinnar og hlutverk hennar 	
Fjallað um grunnhugtök eðlisfræði, efnafræði, vísindi í nútíð og framtíð og umhverfisvernd.	<ul style="list-style-type: none"> • Auðvitað-Heimilið • Námsvefir • Fjörlitað efni 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur gert grein fyrir merkingu einfaldra hugtaka úr eðlis- og efnafræði • Getur unnið vel og á sjálfstæðan hátt og farið eftir fyrirmælum • Getur unnið í hóp við að framkvæma einfalda tilraun og útskýrt hana • Getur fyllt út skýrslu rafrænt eftir tilraun og unnið með niðurstöður • Kann að nota vog til að finna massa • Þekkir sambandið á milli mælieininganna millilítra og rúmsentimetra • Þekkir mælieiningar fyrir rúmmál, massa, lengd og hitastig • Kann aðferðir til að finna rúmmál vökva og fastra efna með reglulega og óreglulega lögun • Þekkir hugtökin frumeind, sameind, frumefni, efnasamband og efnablanda • Þekkir hugtökin bræðslu-, storknunar- og suðumark og getur notað línurit til að finna fasaskiptin 	<ul style="list-style-type: none"> • Virkni í tínum og þátttaka í umræðum • Tilraunir • Rafrænar skýrslur • Vinnubók • Rafrænar kannanir

7. bekkur

Námsgrein: Lífsleikni

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Brekkuskóli starfar í anda Uppbyggingarstefnu og vinnur skv. áætlun gegn einelti. Þetta tvennt er stór hluti af lífsleiknikennslu í skólanum. Lífsleiknitímar eru vikulega og nýtast til bekkjarfunda og annarrar umræðu. Á bekkjarfundum er rætt um samskipti, jafnrétti, skyldur og líðan auk ýmissa málefna sem brýnust eru hverju sinni. Nemendur vinna í verkefnabók sinni *Ertu* - vinnubók í lífsleikni og þar er áhersla á sjálfsþekkingu og tilfinninggalæsi. Einnig fá nemendur fræðsluerindi frá skólahjúkunarfræðingi, námsráðgjafa, forvarnarfulltrúa og fleirum. Þá eru skólabúðirnar að Reykjunum og vettvangsferðir þættir í lífsleikni.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Að fá tækifæri til að koma eigin skoðunum á framfæri gegnum umræður. Að taka þátt í að móta reglur og viðmið í bekkjarstofu
Læsi	Að öðlast skilning á sjálfum sér og öðrum í kringum sig. Að setja sig í spor annarra. Að læra að stjórna skapi sínu og hegðun.
Sjálfbærni	Að leysa verkefni á eigin forsendum
Sköpun	Að nálgast málefni með gagnrýnni og skapandi hugsun. Að nota lausnaleit í umræðum
Jafnrétti	Að sýna umburðarlyndi Að læra að bera virðingu fyrir skoðunum og sýn annarra. Að hlusta á virkan hátt þegar aðrir tjá sig. Að fara eftir reglum í samskiptum við aðra. Að gefast kostur á að láta skoðanir í ljós
Heilbrigði og velferð	Að efla sjálfsmynnd samhliða auknum sjálfskilningi Að vinna að bættum samskiptum

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Sjálfsþekking Sjálfsvirðing Tilfinningalæsi Samskipti Jafnrétti Réttindi og skyldur Samfélagsmálefni Umhverfismál og umhverfisvernd	Þarfa- hringurinn Eineltis- hringurinn Fréttu- og fjölmíðlar Ýmsir fyrirlestrar Málefni líðandi stundar <i>Maðurinn - Hugur og heilsa</i> Efni frá kennara	<ul style="list-style-type: none"> • þekkir grunnþarfirnar og gerir sér grein fyrir hvaða þörf er sterkust hjá sér (tilheyra, áhrif, gleði, frelsi, öryggi) • getur áætlað nám sitt • getur leyst ágreining af skynsemi • getur tekið afstöðu og hefur sjálfstæða skoðun á bekkjarfundum • kann bekkjarsáttmálann, virðir hann og trúnað við aðra • þekkir helstu breytingar sem fylgja kynþroskaaldri • getur sett sig í spor annarra • getur unnið með öðrum • getur lagt mat á eigin vinnu og annarra • getur skilið samhengið á milli orsakar og afleiðingar • þekkir að siðir og venjur geta verið mismunandi • þekkir skaðsemi vímuefna • þekkir áhrifamátt auglýsinga • Þekkir áhrif andlegra og líkamlegra breytinga á samskiptum kynjanna á unglingsárum • getur gert grein fyrir mikilvægi vináttu og góðra samskipta 	Virkni í umræðum og verkefnnavinnu

7. bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Bein kennsla í Hönnun og smíði, undirbúningur verkefna, úrvinnsla hugmynda og verklegar æfingar í verkfærabeitingu samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla 2013. Nemendur læra umgangast verkfærin og ganga frá þeim eftir notkun

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Heilbrigði og velferð	Tekið verður mið að þörfum allra hvað varðar nám í hönnun/smíðum til að skapa líkamlega og andlega vellíðan. Lögð áhersla á jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til sköpunar og handverks. Lögð veður áhersla á rétta líkamsstöðu við vinnu og að umgangast verkfæri og tæki af varkárni.
Jafnrétti	Nemendur fá að broskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fá því verkefni við hæfi hvers og eins. Unnið verður með sköpun sem henta báðum kynjum og ólíkum einstaklingum. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti handa öllum.
Læsi	Að þekkja eiginleika mismunandi efna og þekkja heiti á mismunandi viðartegundum. Að þekkja helstu verkfæri og hvernig þau eru notuð. Að geta lesið einfalda smíðateikningu.
Sköpun	Hver nemandi læri að útfæra hugmyndir sínar á skapandi hátt.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur verða þjálfaðir í gagnrýnni hugsun í verkefnavinnu í myndmennt. Lýðræðisleg vinnubrögð verða æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra fá að njóta sín. Lærum að virða hvert annað og koma í veg fyrir alla mismunun.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni	Námsefni búið til af kennara.	<p>Að nemendur læri að útfæra hugmyndir sínar í mismunandi efni og nota til þess mismunandi verkfæri</p> <ul style="list-style-type: none"> -bekki og geti notað verkfæri eins og hamra, sagir og raspa hafi unnið með mismunandi smíðaefni, s.s. plötuefni, við og band -geti notað laufsög og bakkasög ásamt útsögunarklauf og skerstokk og geti valið verkfæri við hæfi verkefnis -geti skreytt smíðisgripi sína með brennipenna -kunni að umgangast verkfærin, hreinsa og ganga frá þeim eftir notkun -geti valið pensla við hæfi verkefnis og kunni að mála með vatnsleysanlegum litum -kunni að velja og beita sandpappír á réttan hátt -geti gert grein fyrir uppruna og notagildi þess efniviðar sem notaður er í smíðastofunni -útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu -lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð - valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum -hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum -lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélagini -greint þarfir í umhverfi sínu og rætt mögulegar lausnir -sé meðvitaður um góða umgengni í smíðastofunni -leggi sig fram við vinnu sína -sýni aðgæslu í umgengni við verkfæri -geti virkjað áhugasvið sitt við val verkefna og geri sér grein fyrir hæfileikum sínum í sköpun -sýni öðrum kurteisi og tillitsemi og beri virðingu fyrir vinnunni -bekki endurvinnanleg efni sem unnið er með og geti flokkað þau til endurvinnslu 	<p>Símat er í tínum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, og sköpun einnig ábyrgð, tillitsemi, samskipti og samstarf.</p>

7. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennslustundir eru að mestu verklegar en fræðsla um aðferðir við matargerð, helstu eldhúsahöld og hættur við eldhússtörf er tengd við þau viðfangsefni sem eru hverju sinni. Stundum er tekinn hluti af tíma í umræður og skrifleg verkefni tengd hollstu og heilbrigði, hreinlæti og umhverfismálum, matarmenningu og fleira. Nemendur vinna í hópum oftast 2-3 saman. Kennari raðar í hópa eða nemendur draga um hverjir vinna saman svo að fjölbreytni í samvinnu verði sem mest. Námsgögn eru uppskriftir Námsgagnastofnunar og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 3 sem samanstendur af verkefnum og uppskriftum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur skipta með sér verkum þannig að allir aðilar séu sáttir.
Læsi	Að geta lesið uppskriftir og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikiof hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni..
Sjálfbærni	Fara vel með matvæli og ræða um fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig matur er borinn fram.
Jafnrétti	Allir í hópnum vinna saman, ekki er gerður greinamunur á kynjum þegar raðað er í hópa.
Heilbrigði og velferð	Fræðsla og umræður um næringarfræði, hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins eru mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, gerdeig og hnoðað deig. Einfaldir kjöt, fisk og pastaréttir eldaðir.	Uppskriftir frá Námsgagnastofnun og kennara. Kennslubókin Gott og gagnlegt 3 (lesbók og vinnubók)	Nemendur geti unnið eftir uppskriftum og farið eftir aðferðum við bakstur og matargerð. Læri að nota hnífa og rafmagnstæki á réttan hátt svo ekki skapist hætta af. Jafnframt því að læra á helstu mælitæki og áhöld í eldhúsinu.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, ábyrgð, samskipti og samstarf.
Nemendur vinna eftir uppskriftum og temja sér sjálfstæði og skipulag.		Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	

7. bekkur

Námsgrein: Leiklist

Tímaþjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur læra leiki og æfingar sem miða m.a. að aukinni hópméðvitund, og þjálfist í að fylgja fyrirmælum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Heilbrigði og velferð	Að nemandi eflí samábyrgð, virðingu og góðvild gagnvart hvort öðru.
Jafnrétti	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Læsi	Að nemandi sé læs á leiklist.
Sköpun	Að nemandi fái að uppgötva, njóta og virkja ímyndunaraflíð í gegnum leiklist.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Sjálfbærni	Að nemandi öðlist andlega, líkamlega og félagslega vellíðan með vinnu í gegnum leiklist.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Sköpun Tjáning Söngur Hreyfing, Lestur, upplestur og ritun Líkams- og raddbeiting	Ýmis bókmenntaverk og leikverk.	<ul style="list-style-type: none"> Flutt leiktæxta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur. Beitt fleiri en einu formi leiklistar (s.s. Skuggaleikhúsi, látbragðsleik, kyrrmyndum) Skapað skýra persónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd og líkamsbeiting. 	Matsblað, gátlisti, sýnismappa Leiðsagnarmat

Hlustun Áhorf		<ul style="list-style-type: none"> • Nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþáttar. • Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína. 	
------------------	--	---	--

Námsgrein: Textílmennt

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur eru mest að vinna að eigin verkefni en í einstaka tilfellum í hóp. Hópkennsla og einstaklingskennsla.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin. -Að nemendur hafi góða vinnuáðstöðu og líði vel. -Að gagnkvæm virðing ríki á milli kennara og nemanda. -Að nemendur geti lesið uppskriftir og leiðbeiningar.
Læsi	<p>Umhverfislæsi: Nemendur læri á umhverfi sitt og að nýta sér þau tæki og tól sem nauðsynleg eru í þeirri vinnu sem þau eru hverju sinni.</p> <ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur séu meðvitaðir um góða umgengni í stofunni og beri virðingu fyrir eigum skólans sem og annarra.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -Nemendur þekki endurvinnanleg efni og geti flokkað þau til endurvinnslu. -Nemendur læri að endurnýta sem mest, sauma og prjóna úr gömlum efnunum, gardínnum, rúmfötum, flíkum ofl. Við göngum vel um skólastofuna og flokkum plast, pappír og lifrænt.
Sköpun	Að nemandi geti virkjað áhugasvið sitt og hafi val við ákveðna hluti í sköpun td. efni, liti, form eða annað. Nemandi skapar þá sitt eigið verk, gerir það að sínu og enginn annar á eins.
Jafnrétti	-Áhersla á að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin.

Heilbrigði og velferð	Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt og nemendur sýni aðgæslu í umgengni við þau. Að nemendur beri virðingu fyrir verkum annarra.
-----------------------	--

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<p>Nemendur geri prjónaverkefni að eigin vali þar sem þeir rifja upp uppfitjun, slétt, slétt og brugðið prjón og að fella af.</p> <p>Náttbuxur sniðnar og saumaðar upp úr ömlum sængurverum þar sem nemendur ráða eigin efni, sídd og últli verkefnisins.</p> <p>Ef tími vinnst til geta nemendur valið á milli þæfingar eða að hekla.</p>	<p>Námsefni búið til af kennara.</p> <p>og ýmsar bækur og blöð ásamt efni af netinu.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Að nemandi rifji upp prjónakunnáttu og prjóni sér hlut að eigin vali. -Að nemendur læri að útfæra sína hugmynd í mismunandi efni og noti til þess rétt verkfæri. -Að nemendur rifji upp saumavélakunnáttu og geti bjargað sér sjálfir á vélina. -Að nemendur læri að nýta efni og sauma upp úr gömlu sem nýju. -Að nemendur geti sniðið eftir einföldu sniði og saumað sína eigin einföldu flík. 	<p>Lykilhæfnipættir metnir og skráðir.</p> <p>Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt.</p> <p>Lokamat er byggist á þessu símati.</p>

7. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháðkyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líakmsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir - ganga/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Kann helstu reglur í bandý • Getur farið hástökk • Getur klifrað í kaðli • Getur stokkið af trampolíni á kistu • Getur staðið á höndum með aðstoð félaga • Kann leikreglur í hniti (badmintoni) • Getur tekið sniðskot í körfubolta 	<p>Námsmarkmið:</p> <p>Þrep 13 og 14</p> <p>Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

7. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldrí, búsetu og líakmsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund, þolsund, björgunarsund með jafningja, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni	Námsmarkmið þrep 13 þrep 14	<ul style="list-style-type: none"> Getur synt 300 m bringusund lágm. 10 mín Getur synt 15 m björgunarsund með jafningja Getur synt 25 m skriðsund lágm 35 sek Getur synt 25 m flugsund með eða án hjálpartækja 	Námsmarkmið í mentor

8. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: Sex og hálf kennslustund á viku

Kennsluaðferðir og skipulag:

Íslensku kennslunni er skipt niður í átta mismunandi lotur. Í öllum lotum er mikil áhersla lögð á lestur, lesskilning og ritun. Unnið er með málfræði og stafsetningu í fyrrgreindum viðfangsefnum en einnig í sérstökum þjálfunarverkefnum. Hlustun og tjáning er tekin fyrir í hverri lotu en þeir þættir eru mikið þjálfarðir og metnir í öðrum viðfangsefnum svo sem samræðum í litlum og stórum hópum, kynningum og uppákomum ýmiskonar. Nemendur fá áætlanir fyrir hverja námslotu og eru áherslurnar í þeim tengdar námsframvindumarkmiðunum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áherslubættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> - tileinki sér jákvætt siðferði í samskiptum og orðræðu í kennslustundum og utan þeirra - geri sér grein fyrir heimi netmiðlanna og þeim hættum sem þar búa ef þeir hafa ekki varan á sér í samskiptum og skrifum á netinu - segir reglulega frá eigin reynslu og upplifun - vinnur við að efla sína eigin styrkleika
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> - vinnur með námsefni og geri verkefni sem höfða jafnt til beggja kynja og mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, kynhneigðar, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu - tekur tillit til skoðana annarra
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> - sýnir samskiptahæfni, vinnur með öðrum af fullri virðingu og umburðarlyndi og skilur gildi lýðræðislegra vinnubragða - tekur þátt í samstarfi í hópi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt - fær tækifæri til að hafa skoðun á því námsefni og áherslum sem unnið er með í skólasamfélaginu
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> - vinnur verkefni sem reyna á umhverfislæsi, upplýsingalæsi, miðlalæsi og auglýsingalæsi á fjölbreyttan hátt - getur lagt mat á trúverðugleika þeirra gagna sem hann vinnur með - sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýnni hugsun

Sjálfbærni	- skilur að það eru mismunandi þjóðfélagshópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli - þjálfast í gagnrýnni hugsun á sjálfan sig og samfélagið
Sköpun	- velur sér réttan miðil og aðferð við að koma hugsunum sínum, skoðunum og vinnu til skila á fjölbreyttan hátt - fær að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með fjölbreytta útfærslu verkefna

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Talað mál og hlustun	-Skerpa -Hrafnkelssaga Freysgoða - Mályrkja - Málfinnur - Skrifinnur - Kveikjur - Orðabækur - Þjóðsögur - Ýmisskonar ítarefní	- getur tekið þátt í samræðum um tiltekin málefni og komist að niðurstöðu - getur tjáð sig frjálslega frammi fyrir skólafelögum sínum og öðrum hópum, t.d. við kynningu á hótverkefnum - getur hlustað af þolinmæði, með athygli og skilningi á samræður annarra - getur nýtt sér fjölmíðla og tekið afstöðu til þess sem birt er - getur gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær	Leiðsagnarmat í formi símats yfir veturninn. Metið við mismunandi aðstæður. Nemendum gefin endurgjöf um styrkleika sína hvað varðar talað mál og hlustun og rætt við þá um hvað þeir þurfi að leggja áherslu á að að þjálfa.
Ritun		- getur skrifað útdráetti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni - getur skrifað skilmerkilega um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar - getur notfært sér fall, tölu og kyn orða á leiðbeinandi hátt í frágangi texta	Leiðsagnarmat þar sem ritunarverkefni eru metin af kennara eftir markmiðum hverju sinni til að ákveða áherslur í áframhaldandi vinnu.
Bókmenntir og lestur		- getur lesið og rætt um mismunandi lausamálstexta, s.s. smásögur, þjóðsögur, goðsögur og ævintýri - getur valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi	Kennari metur út frá vali nemenda, samræðum og sjálfsmati, færni og meðvitund nem. um lesefni og eigin færni.

		<ul style="list-style-type: none"> - getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur - getur lesið 180 orð á mínútu í raddlestri að vori - getur lesið 175-300 orð á mínútu í hljóðlestri -getur lesið mismunandi texta sér til skilnings 	<p>Sjálfsmat þar sem nemendur meta hvernig það lesefni sem þeir velja sér henta þeim sem lesendum, falla að þeirra áhuga og stuðla að því að þeir auki þekkingu sína og færni.</p> <p>Lesfimipróf MMS í sept, jan. og maí.</p> <p>Lesskilningskannanir</p>
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> - getur fundið nútíð og þátíð sagnorða og áttað sig á mun reglulegrar beygingar og óreglulegrar - getur fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu og orðmyndun - getur greint forskeyti og viðskeyti og skilið hlutverk þeirra við orðmyndun - getur notað beygingaratriði fallorða á réttan hátt í texta - getur fundið nafnhátt og boðhátt sagna - getur flett upp í orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna, t.d. um kyn orða og beygingu - getur nýtt sér grunnhugtök í umfjöllun um skáldsögur, t.d. boðskapur, aðal- og aukapersónur og umhverfi 	<p>Könnun í lok hverrar lotu út frá markmiðum hennar.</p> <p>Metin er virkni og vinnubrögð í tímum.</p> <p>Metin eru skilaverkefni, hvernig þau eru unnin, hvort öllum verkefnum sé lokið og hvort þeim sé skilað.</p>
		<ul style="list-style-type: none"> -lýkur öllum verkefnum lotunnar -leggur metnað í námið og vandar frágang 	

8. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: Fimm og hálf kennslustund

Kennsluaðferðir og skipulag:

Mikið er lagt uppúr framlagi nemenda og samvinnu. Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og jákvæð viðhorf til stærðfræði eru mikilvægir þættir í stærðfræðináminu svo og samræður um stærðfræðihugtök. Unnið er eftir áætlunum í hverjum kafla fyrir sig og þurfa allir að ljúka áætlun fyrir könnun. Einstaklingsvinna, hópavinna, samvinnunám, teiknilausnir og hugtakakort eru dæmi um vinnufyrirkomulag í stærðfræði.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áherslupáettir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -vinnur í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum og sýnir jákvæðni í samskiptum -nýtir tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum og viðhefur jákvætt viðhorf -beitir rökréttum vinnuaðferðum og sýnir rétt vinnubrögð -skipuleggur, útskýrir vinnu sína og er virkur
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum -temur sér ábyrg og skipulögð vinnubrögð -tekur tillit til skoðana annarra og kemur til móts við þá í vinnu og vali hópverkefna
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -fær tækifæri á að velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu -vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð -vegur og metur stærðfræðilausrnir á gagnrýnnin hátt -getur aflað upplýsinga og notað á rökréttan hátt við lausn stærðfræðiverkefna
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -notar táknmál, hugtök og verkfæri stærðfræðinnar til að setja fram og leysa fræðileg og hversdagsleg vandamál -getur tjáð sig um veruleikann með hjálp stærðfræðinnar og útskýrt hugsun sína -nýtir rétta tækni sem hentar þeim stærðfræðiverkefnum sem verið er að vinna -getur lesið og aflað sér upplýsinga í stærðfræðitextum og leysir stærðfræðiþrautir
Sjálfbærni	-notar kennslubækur og önnur hjálpargögn stærðfræðinnar við verkefnavinnu

	<ul style="list-style-type: none"> -nýtir sér möguleika hug- og tækjabúnaðar á veraldarvefnum tengdum stærðfræði -gerir sér grein fyrir að stærðfræði er ferli sem hann kemur til með að nýta sér í lífi og starfi
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> -nýtir stærðfræði á fjölbreyttan og skapandi hátt -virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleika og sýnir mismunandi stærðfræðiútfærslur -fær að sýna og nýta hæfileika sína og skapa fjölbreyttar lausnir -vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær þá stærra val um lausnir og útfærslu stærðfræðinnar

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Tölur og talnareikningur	Skali 1A Skali 1B	-þekkir frumtölur og þáttun talna í frumþætti -getur reiknað með neikvæðum tölum	Símat sem skiptist á eftirfarandi hátt:
Rúmfraði	Almenn stærðfræði I, II og III.	-getur notað forgangsröð aðgerða -getur notað veldarithátt	Lotukannanir
Almenn brot, tugabrot og prósent	Dæmi á netinu. Smáforrit Ítarefnis.	-þekkir hugtökin ferningsrót og ferningstala og getur unnið með þau -þekkir hugtakið hringur og hugtök honum tengd, s.s. þvermál, geisli, miðstrengur, miðpunktur, ummál og flatarmál -getur notað hringfara til að finna miðju striks, teikna þríhyrninga og línu hornrétt á strik -þekkir hugtökin hornalína, hornasumma, jafnarma þríhyrningur, hæð í þríhyrningi, flatarmál og ummál -getur borið kennsl á og notfært eiginleika og einkenni topphorna, grannhorna, lagshorna, einslægra horna, rétttra horna, hvassra horna og gleiðra horna	Dæmi á Moodle
Tölfræði		-getur reiknað stærð horna í þríhyrningum og ferhyrningum -getur teiknað upp rétthyrt hnítakerfi og merkt inn á það -getur speglað og hliðrað punktum í hnítakerfi	Vinnusemi vinnubrögð sjálfstæði
Algebra og jöfnur		-kann að breyta endanlegum tugabrotum í almenn brot og almennum brotum í tugabrot -getur unnið með prósentureikning -kann að setja fram og túlka tíðnitöflur, súlurit, línurit og skífurit -kann að nota hugtökin tíðni, tíðnidreifing, meðaltal, tíðasta gildi og miðgildi -getur borið kennsl á mynstur mynda og talna -getur einfaldað stæður og fundið gildi þeirra -getur sett fram stæður með tölum, táknum, myndum og orðum	

		-getur einfaldað og leyst jöfnur með einni óþekktri stærð -getur nýtt sér jöfnur við lausn viðfangsefna	
--	--	--	--

8. bekkur

Námsgrein: Enská

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Kennsluaðferðir miða að því að byggja upp fjölbreyttan orðaforða, málþekkingu og skilning í gegnum lestur, hlustun, ritun og talað mál.

Nemendur vinna ýmist í pörum, litlum hópum eða í einstaklingsvinnu og lögð er áhersla á samræður og samvinnu milli nemenda. Unnið er með kennsluefnin Spotlight, lesbók og vinnubók auk ýmiss efnis á borð við málfræðihefti og kennsluefni á veraldarvef, kvíkmyndir, sjónvarpsþætti, tónlist og lesefni af ýmsu tagi. Farið er í óreglulegar sagnir og reglulega prófað úr þeim. Námsmat er eftir hvern kafla þar sem verkefnavinna er metin og könnun lögð fyrir.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í erlendum tungumálum:

Grundþáttur	Áherslupáettir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -stuðlar að jákvæðum skólabrag -sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp -tekur þátt í samvinnuverkefnum -nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum -fer eftir reglum í samskiptum við aðra -tekur tillit til skoðana annarra
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi -vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar -vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt -temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu -tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir -nýtir ýmis hjálpar gögn svo sem orðabækur og netmiðla

Sjálfbærni	-tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans -þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila
Sköpun	-virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna -nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsfram vindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> - Hlustun - Lesskilningur - Samskipti - Frásögn - Ritun 	<ul style="list-style-type: none"> Spotlight 8 lesbók og vinnubók Orðabækur Gagnvirkir námsvefir Ljósritað efni frá kennara Kvikmyndir og þættir Yndislestrar -bækur 	<ul style="list-style-type: none"> - getur leitað sér upplýsinga og leiðbeininga í handbókum og veraldarvef - getur skrifað stuttan samfelldan texta sem tengjast viðfangsefnum í námi; sögur, endursagnir, dagbókarbrot - getur beitt eftirtöldum málfræðiatriðum: nútíð, úrfellingarmerki - getur beitt eftirtöldu málfræðiatriði: reglulegar sagnir í þátíð - getur beitt eftirtöldum málfræðiatriðum: óákveðinn og ákveðinn greinir - getur beitt eftirtöldu málfræðiatriði: persónu- og eignarfornöfn - getur notað algengustu tengiorð til að lýsa atburðarrás; first, then, later - getur flutt einfalda, undirbúna kynningu - getur lesið styttri skáldsögur - getur nýtt sér fyrirmyn dir við að skrifað lengri og flóknari texta - getur talað ensku í kennslustundum - getur beitt eftirtöldum málfræðiatriðum: óreglulegum sögnum í þátíð - getur beitt eftirtöldum málfræðiatriðum: ábendingarfornöfn og tilvísunarorð - getur beitt eftirtöldu málfræðiatriði: fleirtala nafnorða - getur beitt eftirtöldu málfræðiatriði: stigbreyting lýsingarorða - getur skrifað texta sem lýsir tilfinningum og samskiptum - getur sett fram skoðun á skýran hátt - getur rætt um viðfangsefni sem hann hefur kynnt sér 	<p>Kannanir úr orðaforða og málfræðiatriðum í lok hvers kafla viðfangsefnis.</p> <p>Sagnapróf - nemendur læra óreglulegar sagnir yfir ákveðið tímabil</p> <p>Vinnubók metin</p> <p>Ritunarverkefni í vinnubók</p> <p>Virkni og vinnulag yfir veturinn metið</p>

8. bekkur

Námsgrein: Danska

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Helstu viðfangsefni í dönsku í 8. bekk snúa að nemendum og daglegu lífi þeirra, tilfinningum og umhverfi. Unnið er með Smart – lesbók, vinnubók, hlustunarefni og ýmislegt ítarefni, m.a. af netinu. Námsefninu fylgja einnig spil og leikir sem stuðst er við. Námsbækurnar eru byggðar upp þannig að fyrst er farið í texta í lesbókinni þar sem orðaforði er kynntur, bæði í texta og með myndum. Í vinnubókinni eru síðan verkefni sem nemendur vinna ýmist einir, í pörum eða litlum hópi. Auk margra hlustunaræfinga í vinnubókinni er hlustað á tónlist og rýnt í tónlistartexta. Lögð er áhersla á að allir nemendur finni sína aðferð við að lesa og skilja texta og eru því fjölbreyttar leiðir farnar í lestri, t.d. að lesa texta upp á eigin spýtur heima eða í skóla, lesa í litlum hópum/pörum, lesa með stuðningi af glósulista og nota orðabækur. Einnig verður horft á danskar kvíkmyndir og þætti og rýnt í menningu.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í erlendum tungumálum:

Grunnþáttur	Áherslubættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -stuðlar að jákvæðum skólabrag -sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp -tekur þátt í samvinnuverkefnum -nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum -fer eftir reglum í samskiptum við aðra -tekur tillit til skoðana annarra
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi -vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar -vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt -temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu -tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir

	-nýtir ýmis hjálpargögn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	-tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans -þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila
Sköpun	-virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna -nýtir hæfileika sína og skapar afurð

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Orðaforði tengdur eftirfarandi hugtökum: -Skólinn -Matur og matarmenning - Áhugamál -Tilfinningar -Borg og bær -Dýr -Dagbókarskrif	Smart, lesbók og vinnubók Hlustumarefnir Efni af vef Smáforrit Krossgáttur Kvikmyndir/stut tmyndir Spil og annað ítarefni	Hlustun -getur skilið aðalatriði í t.d. tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum -getur skilið venjulegt talað mál sem varðar umgengni og skilaboð í skólastofunni -getur greint lykilorð innan efnisflokkja -getur skilið smáatriði þar sem orðaforðinn tengist lykilorðum í efnisflokkum sem unnið er með Lestur -þekkir merkingu orða út frá samhengi -getur lesið stutta texta sem tengjast því sem unnið er með -getur hraðlesið stuttan texta og skilið aðalatriðin -getur beitt leitarlestri í stuttum textum Ritun -getur skrifað stutt, persónulegt sendibréf til ættingja og vina þar sem orðaforði tengist efnisflokkum sem unnið er með -þekkir forrit á dönsku þar sem stafsetja á einföld orð -getur skrifað persónulega dagbók -getur skrifað stutta þrískipta lykilritun Talað mál -kann réttan framburð á y og æ, Id og nd -getur sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum	Símat sem skiptist á eftirfarandi hátt: -Þrjár stuttar kannanir -Munnleg kynning á verkefni -Myndræn verkefni -Munnleg verkefni -Vinnubækur, virkni, sjálfstæði og vinnusemi

		<ul style="list-style-type: none">-bekkir og getur notað orðaforða sem tengist dýrum-bekkir og getur notað orðaforða sem tengis mat og skóla-bekkir og getur notað orðaforða sem tengist áhugamálum og tómstundum -lýkur öllum verkefnum lotunnar	
--	--	--	--

8. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar ásamt upplýsingamennt

Tímafjöldi á viku: Fjórar kennslustundir á viku

Kennsluaðferðir og skipulag:

Greininni er skipt í two hluta, á fyrri önn er farið í gegnum markmið er tengjast umhverfi og samfélagi á seinni önn er meira fjallað um söguna og menninguna. Greinin er sambætt með íslensku og upplýsinga- og tæknimennt. Kennslustundir eru fjórar á viku og hluti af þeim fer fram í töluveri, nemendur hafa alltaf aðgang að upplýsingaveitum í náminu. Mikilvægt er að nýta sér uppfærðar upplýsingar í þessu fagi. Markmið námsins er að auka hæfni nemenda til að skilja umhverfið. Töluverður hluti kennslunnar fram í umræðuformi. Með sambættingu við upplýsinga- og tæknimennt er verið að auka hæfni nemenda til upplýsinga- og miðlalæsis ásamt því að gera þá að ábyrgum netborgurum.

Nemendur leysa fjölbreytt verkefni er tengjast markmiðum áfangans, hluti af þeim einstaklingsverkefni en önnur para- eða hópverkefni. Með kennslu í samfélagsfræði eru nemendur virkjaðir til þátttöku í samfélagini með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í samfélagsgreinum

Grunnþáttur	Áherslupbættir Nemandi
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> - sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, - fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum, - beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> - fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, - temur sér gagnrýna hugsun og skoðun, - fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi, - tekur tillit til skoðana annarra, - metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausán hátt
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> - fræðist um hvernig lýðræðissamfélagið Ísland var stofnað - noti lýðræði í almennum samskiptum innan hópsins - fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu, - tekur tillit til skoðana annarra, - kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, - lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði.

	<ul style="list-style-type: none"> - tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, - getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausn og gagnrýnan hátt,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> - öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu - nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu og þjálfist í að lesa mismunandi miðla - nýtir gagnvirkta námsefni
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> - notar kennslubækur og önnur hjálpargögn við vinnu sína - er virkur og tekur þátt samvinnu
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> - nýtir tæknina á skapandi hátt - virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum - nýtir hæfileika sína og skapar afurð. - vinnur við evrópsk samstarfsverkefni

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
<ul style="list-style-type: none"> -Tilurð jarðarinnar, uppbygging hennar, náttúra, gróður og loftslag -Landakort -Sjálfbær þróun og þyðing hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf -Menningar- og samfélagsmálefni -Lýðræði -Íslandssaga og sjálfstæðisbaráttu 19. aldar -Samfélagsleg og siðferðileg málefni ýmiskonar Þátttaka í samfélaginu o.s.frv 	<ul style="list-style-type: none"> - Um víða veröld - Jörðin -Jón Sigurðsson -Lýðræði og tækni - Kortabækur - Fjölbreyttar bækur er tengjast efnispáttum hverju sinni - Efni af veraldarvefnum - Ýmis forrit 	<ul style="list-style-type: none"> - þekkir sólkerfið, göngu jarðar og tungls - getur lesið á landakort, þekkir bauganet jarðar og getur nýtt það -þekkir hvað ræður útliti jarðar (innræn og útræn öfl - þekkir hafið og áhrif þess á náttúru jarðar - þekkir náttúru og loftslag jarðar - þekkir húsakosti Íslendinga á 19. og 20. öld - getur sett sig í spor jafnaldra sinna á 19. öld og hvernig hlutverk þeirra hefur breyst - þekkir þróun atvinnuháttar á 19. öld í Evrópu - þekkir sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld og þátt Jóns Sigurðssonar í henni 	<ul style="list-style-type: none"> -Mat á frammistöðu í tínum -Leiðsagnarmat er nýtt til að beina nemendum í rétta átt í náminu. Nemendur fá endurgjöf um aðferðir sem beita má til að ná settu marki. -Jafningjamat -Gátlistar þar sem nemendur meta vinnu bekjkarfélaga sinna. -Sjálfsmat -Gátlistar þar sem nemendur meta vinnu sína og ígrunda hvað betur mætti fara. -Vinnubók.

8. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Náttúrufræði er skipt upp í tvö kennslutímabil og er umfjöllunarefninum einnig tvíþætt. Á haustönn fjöllum við um lífverur og notumst við námsbókina Lífheimurinn. Áhersla er á líffræðilegan fjölbreytileika sem finnst á jörðinni, gagnsemi ólíkra lífvera og hringrás náttúrunnar. Á vorönn er umfjöllunarefninum eðlisfræði og námsbókin Eðlisfræði 1 notuð. Fjallað er um rafmagn, eðli þess og eiginleika, hvernig hljóð myndast og berst og aðra eiginleika þess. Notast er við fjölbreyttar kennsluaðferðir yfir veturninn á borð við útlistunarkennslu, umræður, sjálfstæða verkefnavinnu og hópavinnu þar sem nemendur fræða bekkjarfélaga um tiltekin viðfangsefni.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íslensku:

Grunnþáttur	Áherslupáettir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi -tekur tillit til skoðana annarra -kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -Öðlast þekkingu á fjölbreytni lífríkis og mikilvægi ólíkra tegunda fyrir hringrás náttúrunnar -tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök tengd viðfangsefninu -Leysir verkefni sem stuðla að hugtakaskilningi og merkingu hugtaka.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -notar kennslubækur og önnur hjálparögogn við vinnu sína -sækir sér efni á veraldarvefinn -tekur þátt í samvinnu
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> - Nýtir sköpunargáfu sína til að útfæra verkefni eftir eigin hugmyndum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi -fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum. -sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum -fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -Gerir sér grein fyrir mikilvægi hringrásar náttúru fyrir heilbrigði allra lífvera

	<ul style="list-style-type: none"> -vinnur sjálfstætt og í hóp og sýnir frumkvæði -fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleika -beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum
--	---

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Lífið á jörðinni, fjölbreytileiki og gagnsemi lífvera, hringrás náttúrunnar.	Lífheimurinn, ýmsir námsvefir og efni af vef.	<ul style="list-style-type: none"> -Getur unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum -Getur komið fram við aðra af virðingu og kurteisi -Getur unnið vel og farið eftir fyrirmælum -Getur lesið náttúrufræðitexta og greint aðalatriði hans -Getur beitt algengustu hugtökum varðandi lífverur; dýr og plöntur -Þekkir helstu hópa lífvera og getur greint milli þeirra -Getur greint frá nytjum manna af hinum ýmsu lífverum -Getur nefnt nokkra sjúkdóma sem veirur og bakteríur valda -Getur aflað sér upplýsinga um náttúrvísindi úr heimildum og unnið með þær -Getur áttað sig á að allar lífverur eru mikilvægar í hringrás náttúrunnar 	Tímaverkefni, samvinnu -verkefni, einstaklings -verkefni, þátttaka í umræðum og almenn virkni.
Rafmagn, eðli þess og eiginleikar. Hljóð, myndun þess og eiginleikar. Varmi og veður, myndun varma, ýmis fyrirbæri veðurs og orsakir. Ljós, þróun og eiginleikar.	Eðlisfræði 1, námsvefir og annað efni af vef.	<ul style="list-style-type: none"> -Getur útskýrt einföld hugtök tengd rafmagnsfræði -Getur þekkt og teiknað einfaldar rafrásir sem tengjast notkun rafmagns í daglegu lífi -Þekkir leiðir til að umgangast rafmagn á öruggan hátt og hvernig koma má í veg fyrir óhöpp -Þekkir leiðir til að breyta raforku úr einu orkuformi í önnur 	Könnun, verkefnavinna og virkni.

	<ul style="list-style-type: none">-þekkir hvernig uppgötvanir á sviði rafmagns hafa haft áhrif á samfélagið, umhverfið og lifnaðarhætti manna-þekkir hvernig hljóð myndast og berst-þekkir hvernig hljóð myndast í mismunandi hljóðfærum-þekkir ýmsa eiginleika hljóðs-þekkir hvernig hljóð er mælt og hvaða áhrif það getur haft á heilbrigði fólks-þekkir hvernig orka getur breytt um mynd.- þekkir til varmaflutnings og þátt hans í mótuun veðurs á jörðinni.-þekkir ástæður og afleiðingar ártíðabundis veðurlags og loftlagsbreytinga-þekkir mismundandi gerðir geislunar og notkunar þeirra	
--	---	--

8. bekkur

Námsgrein: Upplýsinga og tæknimennt

Tímafjöldi á viku: Fagið er kennt með þverfaglegri samvinnu með öðrum námsgreinum

Kennsluaðferðir og skipulag:

Námsgreinin er samkennd þverfaglega með öðrum námsgreinum. Nemendur nýta sér tæknina til að skapa og skila af sér fjölbreyttum verkefnum. Unnið er að þróunarverkefnum innan skólans í tengslum við notkun tækni í skólastarfi. Reynt er að vinna með raunveruleg verkefni nemenda er tengjast inn í aðrar greinar og nemendur þjálfaðir markvisst í notkun upplýsingatækni til að auðvelda námið. Notast er við tölvur, spjaldtölvur og farsíma.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í upplýsinga og tæknimennt:

Grunnþáttur	Áhersluþættir Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> - fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga og byggir upp jákvætt viðhorf, - sýnir rétt vinnubrögð og beitir réttum vinnustellingum, - skipuleggur og útskýrir vinnu sína og er virkur
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> - nýtir upplýsingatækni á fjölbreyttan hátt á eigin forsendum, - fer eftir reglum um ábyrga netnotkun og nýtir netsamfélagið, - tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vali hópaverkefna
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> - tækifæri á velja verkefni við hæfi og nýtir það með því að hafa áhrif á framvindu þess og útkomu, - vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og tekur ábyrgð, - vegur og metur upplýsingar á gagnrýnnin hátt, - temur sér siðfræðileg gildi varðandi notkun veraldarvefsins, - aflar upplýsinga/heimilda á veraldarvefnum og sýnir ábyrgð í meðferð þeirra,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> - les og aflar upplýsinga um notkunarmöguleika hugbúnaðar, - velur og nýtir hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna, - tekur afstöðu og rökstyður val á hugbúnaði við verkefnavinnu, - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu,

Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> - öðlist færni til sjálfstæðra samskipta á stafrænum miðlum -notar handbók sér til hjálpar við verkefnavinnu, - gerir sér grein fyrir að upplýsinga- og tæknimennt er ferli sem hann kemur til með að efla alla ævi í lífi og starfi,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> - nýtir tæknina á fjölbreyttan og skapandi hátt, - virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir, leikur sér með möguleikana og sýnir nokkrar útfærslur, - fær að sýna og nýta hæfileikana og skapað afurð, - vinnur samþætt verkefni milli námsgreina og fær stærra val um útfærslu

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið Nemandi:	Mat
Viðfangsefni eru unnin í þverfaglegri samvinnu með íslensku, stærðfræði, dönsku, ensku, samfélagsgreinum og náttúrufræði.	<ul style="list-style-type: none"> -Verkefni frá kennara -þróunarverkefni -Ritvinnsluforrit -Töflureikisforrit -Framsetningarforrit -Umbrotsforrit -Margmiðlunarforrit -Teikniforrit -Ýmis gagnvirk kennsluforrit -Gagnvirk og rafrænt námsefni -Vefskoðrarar. -Póstforrit 	<ul style="list-style-type: none"> -kann að skrá sig inn í Mentor og Moodle og fylgist með upplýsingum -getur notað flokkunarkerfið Dewey til að nálgast efni á skólasafni -getur átt tölvusamskipti við jafnaldra -kann að meta upplýsingar með tilliti til áreiðanleika -kann að setja upp ritgerð: inngangur, meginmál, lokaorð og heimildaskrá -getur sett skjöl í pdf format -kann að vinna með myndir í myndvinnsluforriti -getur notað forritunarumhverfi við verkefnavinnu t.d. þjóðsögu -getur unnið sjálfstætt í spjaldtölву -hefur náð hraðaviðmiði í blindskrift sem er 160 slög á mínútu eða 32 orð á mínútu 	<p>Námsmat í upplýsingatækni er að mestu leiti samtvinnanáð þeim fögum sem unnið er í hverju sinni.</p> <p>-Mat og skipting á námsþáttum kemur fram í verkefnabók nemanda á Mentor</p>
		<ul style="list-style-type: none"> -getur sett upp dæmi í töflureikni og afritað formúlur og útlit -kann að breyta útliti texta og hólfva í töflureikni -getur sett þúsundaskiltákn og aukastafi í töflureikni 	

	<ul style="list-style-type: none"> -getur búið til einfalda margmiðlunarkynningu með texta, mynd og hljóði -getur gert bækling -getur nýtt spjaldtölvu og myndavél við verkefnavinnu -getur náð hraðaviðmiði í blindskrift sem er 140 slög á mínútu eða 28 orð á mínútu -getur reiknað tíma og notað föll i töflureikni -getur útbúið skífurit, punktarit og myndrit í töflureikni -þekkir höfundarétt efnis á netinu -getur sett upp bókmenntaritgerð og heimildaskrá -þekkir forritunarumhverfi og kann að nota það við einfalda forritun 	
--	--	--

8. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Heimilisfræði er einnig valgrein í 8. bekk og miðast við hálfan veturinn. Kennt er í þriðja kennslustundir í senn í stað tveggja og eru nemendur því búnir nokkru áður en önninni líkur. Nemendur velja annars vegar um bakstur eða heimilisfræði. Í bakstursvali er eingöngu bakstur en í heimilisfræðivali er blandað, bakstur og matargerð ýmiskonar.

Kennslustundir eru að mestum hluta verklegar en fræðsla er í upphafi kennslustunda sem tengist viðfangsefninu hverju sinni. Nemendur vinna 2-3 saman og velja oftast vinnufélaga.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur skipta með sér verkum þannig að allir aðilar séu sáttir.

Læsi	Að geta lesið uppskriftir og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikiof hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni.
Sjálfbærni	Fara vel með matvæli og ræða um fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig matur er borinn fram.
Jafnrétti	Sömu verkefni eru fyrir stráka og stelpur og sömu kröfur gerðar til þeirra.
Heilbrigði og velferð	Fræðsla og umræður um næringarfræði, hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins eru mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, hnoðað deig og gerdeig. Þjóðlegur bakstur s.s. kleinur og laufabrauð. Fjölbreytt matargerð bæði einföld og flóknari. Matargerð ýmissa landa.	Námsefni frá Námsgagnastofnun og kennara.	Nemendur geti unnið eftir uppskriftum og farið eftir ólíkum aðferðum við bakstur og matargerð. Þjálfist í að nota eldhúsáhöld og rafmagnstæki.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, ábyrgð, samskipti og samstarf.
Nemendur vinna eftir uppskriftum og temja sér sjálfstæði og skipulag.		Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	

Námsgrein: Leiklist

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur læra leiki og æfingar sem miða m.a. að aukinni hópméðvitund, og þjálfist í að fylgja fyrirmælum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	Að nemandi efli samábyrgð, virðingu og góðvild gagnvart hvort öðru.
Hönnun og verktækni.	Námsefni búið til af kennara, ásamt handbókum og ýmsum tískublöðum. Einnig er notast við efni af netinu.	<ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur læri að hanna og útfæra sína hugmynd og noti til þess rétt verkfæri. -Að nemendur geti tekið upp mál og fundið út rétta fatastærð. -Að nemendur geti verið sjálfbjarga á saumavélina og nýtt sér öll helstu sporin, geti gert hnappagöt og saumað í rennilás. -Að nemendur geti tekið upp snið og saumað einfaldar flíkur með aðstoð og gert við fót. 	<p>Lykilhæfnipættir metnir og skráðir.</p> <p>Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt.</p> <p>Lokamat er byggist á þessu símati.</p>

9. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringir og fjöltímar er kennsluform sem mikið er notað

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttir:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháðkyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiíþróttir - ganga/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniíþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Getur farið í handstöðuveltu á kistu • Getur tekið þrístökk • Getur hlaupið grindahlaup • Kann algengar styrktaræfingar • Kann algenga ratleiki • Getur skokkað í 12 mín 	<p>Námsmarkmið:</p> <p>prep 17 og 18.</p> <p>Hluti af stöðvabjálfun.</p>

9. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm millinemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindu- markmið	Mat
Bringusund,skriðsund,baksund, kafsund,flugsund,polsund, björgunarsund með jafningja, tímataka og marvaði. Stunga og leikur í vatni	Námsmarkmið þrep 17 þrep 18	<ul style="list-style-type: none"> Getur synt 500 m þolsund - 3 sundaðferðir Getur synt 25 m flugsund Getur synt 50 m gatasund, troðið marvaða og afklæðst á sundi Getur synt 100 m bringusund lágm 2:30 Getur synt 50 m skriðsund lágm. 62 sek Getur synt 25 m baksund lágm 34 sek 	Námsmarkmið í mentor

10. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6

Kennsluaðferðir og skipulag:

Góð kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða menntunar í öðrum greinum. Lestur er mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning er ein af grundvallarforsendum fyrir þátttöku í samfélaginu. Markmið íslensku kennslunnar er að gera nemendur hæfa til að tjá sig í ræðu og riti, gera þá að betri málnotendum, auka orðaforða og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Unnið er með lotumiðað námsefni og í hverri lotu er unnið með málfraði, stafsetningu, ritun, bókmenntir, framsögn og hlustun. Notast er við innlagnir námsefnis, námsefni á netinu, einstaklings- og hópverkefni og ýmis námsspil. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti leitað sér upplýsinga í handbókum og orðabókum. Mikil áhersla er lögð á að auka lestrarfærni og ánægju nemenda af lestri. Námsmat er eftir hverja lotu þar sem verkefnavinna er metin en einnig eru próf eftir hverja lotu og nemendur skila rafrænum verkefnum vikulega inn á moodle.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> sýnir góða samskiptahæfni, sýnir öðrum virðingu og umburðarlyndi og skilur gildi lýðræðislegra vinnubragða tekur þátt í samstarfi á jákvæðan og uppbyggilegan hátt
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> vinnur fjölbreytt verkefni sem reyna á læsi í víðtækum skilningi sýnir sjálfstæð vinnubrögð og beitir gagnrýnni hugsun
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> skilur að það eru mismunandi hópar í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli þjálfist í gagnrýnni hugsun á sjálfan sig og umhverfið
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> nýtir sér tungumálið á jákvæðan hátt til sköpunar velur sér réttan miðil og aðferð til að koma skoðunum og verkefnum á framfæri á fjölbreyttan hátt fær tækifæri til að virkja ímyndunaraflíð við fjölbreytta útfærslu verkefna

Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> • tekur tillit til skoðana annarra • vinnur með námsefni sem höfðar jafnt til beggja kynja og mismunar ekki ólíkum einstaklingum eða hópum
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> • tileinkar sér jákvæða orðræðu og siðferði í samskiptum

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Talað mál, hlustun og áhorf.	Skerpa 3, bókmenntatextar, efni úr sjónvarpi, útvarpi og neti.	<p>Getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða, tjáningu og fas.</p> <p>Getur hlustað af athygli og sýnt viðeigandi hegðun þegar aðrir flytja mál sitt.</p> <p>Getur tjáð sig af öryggi frammi fyrir bekkjarfélögum.</p> <p>Getur unnið í hóp, tekið virkan þátt í samræðum og rökstutt mál sitt.</p> <p>Getur flutt stutta ræðu óundirbúinn.</p> <p>Getur samið og flutt undirbúna ræðu.</p>	Verkefnavinna og flutningar.
Lestur og bókmenntir	Skerpa 3, bókmenntatextar.	<p>Skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftið eigið læsi, hefur jákvætt viðhorf til lestrar og getur valið sér lesefni við hæfi.</p> <p>Getur greint og skilið aðal- og aukaatriði í texta, hefur góðan lesskilning.</p> <p>Getur gert grein fyrir áhrifum texta og tilfinningum sem hann vekur.</p> <p>Getur fjallað um lesið efni út frá ákveðnum bókmenntahugtökum.</p> <p>Þekkir helstu gerðir myndmáls og getur lesið og túlkað ljóð af ýmsu tagi.</p> <p>Þekkir helstu atriði bragfræðinnar og getur greint þau í ljóðum.</p>	Verkefnavinna og kannanir.

Ritun	Skerpa 3, Ritunarbókin, ítarefni af ýmsu tagi.	<p>Getur gengið frá texta á stafrænu formi og hefur náð góðum tökum á notkun ritvinnsluforrita.</p> <p>Getur skipulagt ritun á skilvirkan og árangursríkan hátt allt frá hugmyndavinnu til birtingar og tekið tillit til athugasemda.</p> <p>Getur byggt upp texta, mótað máls- og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi.</p> <p>Getur skrifað texta á lipru og góðu málfari.</p> <p>Kann helstu reglur um stafsetningu og greinarmerki og getur nýtt þær í ritun.</p> <p>Getur skrifað heimildaverkefni, notað beinar og óbeinar tilvitnanir, vísað í heimildir og skráð heimildaskrá.</p> <p>Hefur gott vald á ritun fjölbreyttra textategunda, getur beitt viðeigandi stílbrögðum, uppsetningu og málsniði.</p> <p>Getur skrifað birtingarhæfan texta.</p> <p>Getur komið rökstuddri skoðun sinni á framfæri í rituðu máli.</p> <p>Getur viðað að sér upplýsingum úr ýmsum áttum, metið þær og greint og nýtt í eigin ritsmíðum.</p> <p>Getur skrifað áhugaverða, spennandi og blæbrigðaríka frásögn.</p>	Verkefnavinna og kannanir.
Málfræði	Skerpa 3, ítarefni af ýmsu tagi.	<p>Kann að fullgreina alla orðflokkja.</p> <p>Kann hugtökin fallstýring og áhrifssagnir.</p> <p>Kann að greina persónu, tölu og tíð sagnorða.</p> <p>Kann muninn á persónulegum og ópersónulegum sögnum.</p> <p>Kann hætti sagna og að greina þá í texta.</p> <p>Kann muninn á veikum og sterkum sögnum.</p> <p>Getur beygt sagnir í kennimyndum.</p> <p>Kann myndir sagna og að greina þær í texta.</p>	Verkefnavinna og kannanir.

	<p>Kann helstu hljóðbreytingar; hljóðvörp, hljóðskipti og klofningu.</p> <p>Kann að greina orðhluta.</p> <p>Kann að finna stofn orða og að nýta þá þekkingu við réttritun og orðmyndun.</p> <p>Kann að greina hvernig orð eru samsett.</p> <p>Kann helstu setningarhluta og að greina þá í texta.</p> <p>Kann beina og óbeina ræðu.</p> <p>Kann hugtökin setning, málsgrein og efnisgrein, kann að greina aðal- og aukasetningar.</p> <p>Þekkir dæmi um tilbrigði í orðaforða og málnotkun eftir aldri og búsetu fólks, þekkir til helstu framburðarmállýskna.</p> <p>Getur unnið skipulega, skilað verkefnum á réttum tíma og leggur metnað í námið.</p>	
--	---	--

10. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5

Kennsluaðferðir og skipulag:

Fyrirlestrar, innlögn frá töflu og af neti. Hópverkefni, nemendur vinna saman að lausn dæma. Kannanir og stöðumat á nemendum. Margmiðlun felst að mestu af heimadæmi á netinu og vinna með töflureikni. Umræður þar sem nemendur og kennarar ræða um námsefnið.

Kennslugögn: 8 – 10 5 og 6 og heimadæmi á netinu í Moodle.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í stærðfræði:

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn nýti stærðfræðiþekkingu sína á valin svið daglegs lífs. -Nemandinn fær verkefni við hæfi (valið í samráði við kennara og foreldra/forráðamenn).
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn glími við verkefni og þrautir þar sem lausnarleiðir eru ekki augljósar fyrir fram; þrautirnar geti verið með eða án talna, gestaþrautir jafnt og þrautir sem mæta fólk í daglegu lífi. -Nemandinn leysi einföld orðadæmi með því að setja upp jöfnur. -Nemandinn öðlist góða tilfinningu fyrir tölum og stærðum og áhrifum reikniaðgerða á þær þannig að hann geti lagt mat á útkomu. -Nemandinn öðlist svo góðan skilning á hugtökum og aðferðum í stærðfræði að honum sé tamt að nota þau við röksemdafærslur bæði í mæltu og rituðu máli. -Nemandinn lesi og skrifi háar og lágar tölur sem koma fyrir í texta, töflum og myndritum, ræðar tölur, mælitölur af ýmsu tagi og prósentur, lesi og skrifi um hækkun og lækkun, hlutfallslega breytingu og algengar óræðar tölur. -Nemandinn álykti og tjá sig um tölfræðilegar upplýsingar, meti ályktanir sem dregnar eru af gögnum og kynnist því sem þarf að varast þegar slíkar ályktanir eru dregnar.
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn noti kennslubækur og önnur hjálparögn stærðfræðinnar þ.m.t. hug- og tækjabúnað, við verkefnavinnu. -Nemandinn setji stærðfræðileg hugtök í samhengi við hversdagslega hluti til að öðlast betri skilning á þeim.
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn nýti stærðfræði á lifandi, fjölbreyttan og skapandi hátt.

	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn noti þekkingu sýna á flatarmáli og rúmmáli við hönnun og/eða gerð hluta í öðrum greinum t.d. smíðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn nýtir stærðfræði á fjölbreyttan hátt og á eigin forsendum. -Nemandinn temur sér skipuleg vinnubrögð. -Nemandinn tekur tillit til skoðana annarra og kemur á móts við þá í vinnu og vali hópverkefna.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -Nemandinn fær tækifæri til að vinna út frá styrkleikum sínum og byggir upp jákvætt viðhorf. -Nemandinn sýnir rétt vinnubrögð og beitir rökréttum vinnuaðferðum. -Nemandinn skipuleggur vinnu sína í samráði við kennara og foreldra/forráðamenn.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið
Rúmfræði og algebra	Kennslubók Átta-tíu 5. Verkefni á síðunni moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -getur notað algebru til að tákna samband stærða í rúmfræði -getur leyst rúmfræðileg viðfangsefni með því að setja upp og leysa jöfnur, svo sem að finna rúmmál þýramída, keilu og kúlu -kann og getur beitt reglu Pýbagórasar -getur fundið hnittpunkta og fjarlægðir í rétthyrndu hnitarkefni
Tölur og talnafræði	Kennslubók Átta-tíu 5. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -kann að nota veldarithátt og reikna með veldum -kann frumtölur og frumpáttun og getur nýtt frumpáttun til að finna stærsta sameiginlega þátt og samnefnara
Líkur	Kennslubók Átta-tíu 5. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -getur kannað líkur, skráð þær skipulega og túlkað niðurstöður
Reikningur og algebra, Algebra og jöfnur	Kennslubók Átta-tíu 5 og Átta-tíu 6. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -getur reiknað með almennum brotum og veldum -kann helstu reiknireglur og getur beitt þeim við þáttun og margföldun liðastærða -þekkir mun á jöfnum og ójöfnum og getur leyst fyrsta stigs jöfnur -kann að leysa saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum -kann leiðir til að sýna samband stærða með orðum, jöfnum, með því að setja gildi í töflur og teikna gráf

		<ul style="list-style-type: none"> -kann einkenni á jöfnu beinnar línu og getur fundið hallatölu beinnar línu og skurðpunkta hennar við ása hnítakerfisins -þekkir einkenni á annars stigs jöfnum og hvernig leysa má annars stigs jöfnur með þáttun -kann að þátta og margfalda saman liðastærðir -getur leyst saman tvær fyrsta stigs jöfnur með tveimur óþekktum stærðum
Tölfræði	Kennslubók Átta-tíu 6. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -kann að safna tölfræðilegum upplýsingum, flokka þær og velja framsetningu á niðurstöðum -kann algeng hugtök sem notuð eru til að lýsa gagnasöfnum, svo sem tíðni, hlutfallstíðni, meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi -kann leiðir til að sýna samband stærða með orðum, jöfnum, með því að setja gildi í töflur og teikna gröf
Horn	Kennslubók Átta-tíu 6. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -kann algeng hugtök og lögmál sem snerta þríhyrninga -kann að finna hornastærðir út frá gefnum forsendum -kann skil á einslögun
Prósentur	Kennslubók Átta-tíu 6. moodle.akureyri.is	<ul style="list-style-type: none"> -kann prósentreikning sem algengur er í samfélagini

10. bekkur

Námsgrein: Enská

Tímafjöldi á viku: 4

Kennsluaðferðir og skipulag:

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að meta og hagnýta sér þá þekkingu sem aflað er. Unnið er með grunnefni frá Menntamálastofnun og áhersla lögð á lestur, ritun, hlustun og framsögn. Notað er með grunnefninu námsefni á netinu, einstaklings- og hópverkefni.. Einnig er lögð áhersla á að nemendur geti leitað sér upplýsinga í orðabókum. Námsmat er eftir hvern kafla þar sem verkefnavinna er metin en einnig eru próf eftir flesta kafla.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi, vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt, temur sér siðfræðileg gildi í umgengni sinni við aðra,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Les upplýsandi texta og nýtir í verkefnavinnu, tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir, nýtir ýmis hjálparögn svo sem orðabækur og netmiðla,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans, þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna, nýtir hæfileika sína og skapar afurð.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum, fer eftir reglum í samskiptum sínum við aðra, tekur tillit til skoðana annarra
Heilbrigði	<ul style="list-style-type: none"> stuðlar að jákvæðum skólabrag, sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp,

	<ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt í samvinnuverkefnum, • nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra.
--	--

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hlustun	Grunnnefni frá MMS Kvikmyndaverkefni Útvarps- og sjónavarpsefni Tónlist Netið	<ul style="list-style-type: none"> • getur án vandkvæða fylgst með efni í fjöl- og myndmiðlum, sagt frá og unnið úr • getur hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim • getur hlustað af athygli og sýnt viðeigandi hegðun þegar aðrir flytja mál sitt 	Verkefnavinna Próf
Lesskilningur	Grunnnefni frá MMS Fréttagreinar Frjálslestrarbækur Netið	<ul style="list-style-type: none"> • getur lesið og skilið fyrirhafnarlítio aðgengilegt fræðsluefni • getur lesið og skilið smásögur og skáldsögur. Hefur jákvætt viðhorf til lestrar og getur valið sér lesefni við hæfi • getur aflað sér upplýsinga úr texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum • getur gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum texta • getur dregið ályktanir, lesið á milli línnanna og giskað á orð út frá samhengi 	Verkefnavinna Umræður Lesverkefni Lestur í tíma Próf
Samskipti	Grunnnefni frá MMS	<ul style="list-style-type: none"> • getur unnið í hóp, tekið virkan þátt í samræðum og rökstutt mál sitt • getur af öryggi tekið þátt í óformlegu spjalli 	Umræður Samvinna Hópverkefni
Frásögn	Grunnnefni frá MMS Frjálslestrarbóka-kynningar Kvikmyndaverkefni Sögugerð	<ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig áheyrilega og skýrt með eðlilegum framburði og viðeigandi tjáningu og talhraða • getur sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar í frásögnum • getur tjáð sig skipulega með undirbúið efni • getur flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi 	Frjálslestrarverkefni Undirbúningur og flutningur

Ritun	Grunnnefni frá MMS Kvikmyndir Sjónvarpsefni Frjálslestrarbækur Ritunarverkefni	<ul style="list-style-type: none"> getur skrifað skipulega texta, bæði formlega og óformlega, skipt í efnisgreinar og beitt algengustu greinarmerkjum og tengiorðum getur sýnt fram á góð tök á orðaforða getur sýnt fram á góð tök á meginreglum málnotkunar og stafsetningar getur virkjað hugarflugið og skáldað áhugaverða frásögn á lipru og góðu málfari getur komið rökstuddri skoðun sinni á framfæri í rituðu málí 	Ritunarverkefni Frjálslestrarbókaverkefni Uppsetning og frágangur Lykilsetning, rök, dæmi, niðurstaða Próf
Menningar-læsi	Grunnnefni frá MMS Kvikmyndir Útvarps- og sjónvarpsspættir Netið	<ul style="list-style-type: none"> þekkir dæmi um framburð ensku af helstu málsvæðum enskrar tungu 	Verkefnavinna
Námshæfni	Grunnbók frá MMS Orðabækur Netið	<ul style="list-style-type: none"> kann að nota orðabækur og önnur hjálparögn getur unnið skipulega, skilar verkefnum á réttum tíma og leggur metnað í námið 	Þýðingar Símat
Málfræði	Grunnnefni frá MMS Netið	<ul style="list-style-type: none"> kann fleirtölu nafnorða (nouns plural) kann ákveðinn og óreglulegan greini (definite and indefinite articles) kann tíðir sagna (verbs tenses) getur notað modal verbs kann lýsingarorð um þjóðarheiti getur notað skildagatíð í ritun (conditional tenses) 	Verkefnavinna Ritunarverkefni Próf

10. bekkur

Námsgrein: Danska

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Unnið er út frá hæfnivíðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla og er áherslan á hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarhæfni og námshæfni. Unnið er að námsmarkmiðum með þemavinnu þar sem ákveðnir þættir eru teknir fyrir hverju sinni og þjálfaðir. Nemendur taka þátt í vali viðfangsefna og leitast er við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta til að koma sem best til móts við mismunandi námsþarfir hópsins.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -kemur fram við samstarfsfólk sitt af virðingu og tillitssemi -vinnur sjálfstætt eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar -vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýnnin hátt -temur sér siðfræðileg gildi í umgengni við aðra -tekur þátt í vali viðfangsefna
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -les upplýsandi texta og nýtir í verkefnnavinnu -tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem hann þekkir -nýtir ýmis hjálparögogn svo sem orðabækur og netmiðla
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -tekst á við álitamál í ræðu og riti um málefni sem varða nærumhverfi hans -þróar með sér gagnrýna hugsun og kemur henni til skila
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> -virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við vinnu verkefna -nýtir hæfileika sína og skapar afurð
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -temur sér gagnrýna hugsun í greiningu sinni á aðstæðum -fer eftir reglum í samskiptum við aðra -tekur tillit til skoðana annarra
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -stuðlar að jákvæðum skólabrag -sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hópi -tekur þátt í samvinnuverkefnum -nýtir styrkleika sína í vinnu sinni og samskiptum við aðra

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hlustun	Hlustunaræfingar sem fylgja bók, tónlist, þættir og bíómyndir, gagnvirkar æfingar á nams.is	-Getur tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum og brugðist við efni þeirra.	-Hlustunarpróf -Unnin verkefni metin af kennara.
Lesskilningur	Textar í bókum, smásögur, textar á neti tengdir áhugamálum og tónlistartextar. Upplýsingatækni, önnur lönd, líffræði, lífsleikni, umhverfi og jafnrétti. Lesa smásögur og blaðagreinar og vinna verkefni við og ræða	-Getur aflað upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu. -Getur tileinkað sér efni tengt öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim. -Getur skilið megininntak lengri texta, t.d. blaðagreina, smásagna og unnið úr.	-Fjölvallssprungar við lesskilningstexta. -Vinnubók -Verkefni metin eftir fyrirfram gefnum matskvarða
Ritun	Verkefni við bíómyndir, power point verkefni og samtöl.	-Getur tjáð sig skriflega um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu. -Getur skrifað ýmsar gerðir af textum og hagað orðum sínum með lesanda í huga.	-Fjölvallssprungar við lesskilningstexta. -Vinnubók -Verkefni metin eftir fyrirfram gefnum matskvarða
Frásögn	Umræður í byrjun hvers tíma, spurningaspjöld upp á vegg. Umræður um smásögur, bíómyndir, samin samtöl og æfð.	-Getur beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju. -Getur fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið þátt í skoðanaskiptum.	-Jafningjamat eftir fyrirframgefnum viðmiðslista
Samskipti	Búa til myndbönd Power point verkefni	-Getur samið, æft og flutt frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra. -Getur tjáð sig skipulega með undirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á eða lesið.	-Sjálfsmat

Menningarlæsi	Tónlistarmyndbönd Myndbönd Kvikmynd Textar á mismunandi tungumálum	-Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d hvað er danska, norska, sánska, færeyska.	-Verkefni metin af kennara.
Námshæfni	Mismunandi lestraraferðir, samvinnunám, paravinna, skrifa, hlusta, nota netorðabækur og leiðréttigarforrit, vinna með orðaspjöld, vinna með forrit, hugtakakort. Nota netorðabækur og leiðréttigarforrit, nýta mismunandi námsforrit bæði á Neti og smáforrit.	-Getur beitt margvíslegum námsaðferðum -Getur nýtt sér öll helsu hjálpartæki	

10. bekkur

Námsgrein: Samfélagsfræði

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Í landafræði er markmiðið að nemendur kynni sér heimsálfurnar með tilliti til náttúru, loftslags, atvinnu, náttúruauðlinda, umhverfisvanda, íbúatalna, flatarmáls og höfðuborga.

Í þjóðfélagsfræði er markmiðið að nemendur íhugi stöðu sína bæði gagnvart nánasta umhverfi, íslensku samfélagi og umheiminum öllum ásamt því að þjáfast í umræðum um eigið samfélag og þann heim sem þau lifa í.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -fær tækifæri á velja verkefni við hæfi sem hefur áhrif á útkomu, - tekur tillit til skoðana annarra, - kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð, - lærir um lýðræði, til lýðræðis, í lýðræði, - tekur þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu, - getur metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan og gagnrýnan hátt
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> -öðlast þekkingu á menningarlæsi s.s. ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum, - tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengast viðfangsefninu, - nýtir tækni sem hentar til verkefnavinnu, - nýtir gagnvirkt námsefni
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> -notar kennslubækur og önnur hjálparöggn við vinnu sína, - er virkur og tekur þátt samvinnu
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> -nýtir tæknina á skapandi hátt, - virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á verkefnum, - nýtir hæfileika sína og skapar afurð
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> -fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi, - temur sér gagnrýna hugsun og skoðun,

	<ul style="list-style-type: none"> - fræðist um mismunun og forréttindi fólks í víðum skilningi, - tekur tillit til skoðana annarra, - metur og bregst við ólíkum skoðunum á fordómalausan hátt
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> -sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og í hóp, tekur þátt í samvinnuverkefnum, - fær tækifæri til að vinna út frá áhuga og styrkleikum, - beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsfram vindumarkmið	Mat
Heimsálfur:	Um víða veröld	<p>Þekkir nýtingu auðlinda og gildi verndunar með hliðsjón af sjálfbærri þróun.</p> <p>Getur útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftlags og hvernig þessir þættir móta ólik lífsskilyrði og búsetu.</p> <p>Þekkir helstu atríði varðandi Afríku með tilliti til náttúru, loftslags, atvinnu, náttúruauðlinda, umhverfisvanda og höfuðborga.</p> <p>Getur aflað sér upplýsinga um tiltekið land og komið því frá sér svo vel sé.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Verkefnabók sem nemendur skila reglulega yfir önnina, í henni eru einstaklings og hópverkefni. Kennari metur og veitir endurgjöf með matslistum. -hópverkefni -kynningar -Landafræðispil notuð til að nemendur átti sig betur á stöðu landa. -Umræður -sjálfsmat: Nemendur meta eigin frammistöðu og ígrunda eigin vinnu og vinnubrögð. Sóknarkvarðar verða notaðir til að gera nemendum grein fyrir til hvers er ætlast í verkefnum og einnig til að gefa þeim lýsandi endurgjöf.
Ýmis hugtök tengd félagsfræði og sálfræði. Samfélagið og samfélagslegar skyldur.	Á ferð um samfélagið	<p>Þekkir helstu hugtök tengd félagsfræði og sálfræði. Þekkir réttindi og skyldur í samféluginu.</p> <p>Getur komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn og í samstarfi við aðra.</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Umræður, -kaflapróf, -hópavinna -Gagnaöflun, viðtöl, netið og fl. -Verkefnabók sem nemendur skila reglulega yfir önnina, í henni eru einstaklings og hópverkefni. Kennari metur og veitir endurgjöf með matslistum -frammistaða í tínum -kynningar á verkefnum

10. bekkur

Námsgrein: Náttúrugreinar

Tímafjöldi á viku: 3

Kennsluaðferðir og skipulag:

Mikilvægt er að nemendur fái góða þekkingu í náttúrufræði og öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar. Þeir fá innsýn á ábyrgð mannsins á umhverfi sínu og mikilvægi góðs samspils hans við náttúru og tækni. Nemendur kynnast leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undirstöðupþætti sjálfbærrar þróunar. Þeir skynja þar með að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild. Virðing og ábyrgð hvers og eins á náttúrunni og verndun hennar skiptir höfuðmáli í nútímaþjóðfélagi og nemendur þurfa að geta tekið afstöðu til mála sem koma upp hvað varða náttúruvernd og nýtingu auðlinda. Nemendur kynnast nokkrum af grundvallarkenningum náttúrufræðinnar til að geta beitt þeim í áframhaldandi náttúrufræðinámi. Með því að ræða um viðfangsefnin eykst skilningur á hugtökum og vísindalæsi í náttúrufræði.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	– setur sér markmið við hæfi, – getur valið sér verkefni við hæfi og valið úrlausnarform sem honum hentar, – getur tekið afstöðu til álitamála varðandi náttúruna t.d. vegna verndunar og nýtingar náttúruauðlinda, – virðir umhverfi sitt og þær lífverur sem í því búa,
Læsi	– les í náttúruna og þekkir mikilvæg hugtök hennar, – les texta í náttúrufræði sér til gagns, vinnur með hann og útskýrir, – nýttir hugtök og efni náttúrufræðinnar í daglegu lífi og verkefnum sem hann glímir við, – fær tækifæri til að vinna ólik verkefni með hjálp ólíkra miðla til að auka vísindalæsi sitt,
Sjálfbærni	– getur greint samspil manns og náttúru og mikilvægi náttúruverndar, – þekkir undirstöðupþætti sjálfbærrar þróunar og getur nýtt sér hugmyndir sjálfbærni í eigin lífi, – temur sér lífsvenjur sem stuðla að eigin heilbrigði og heilbrigði náttúrunnar,
Sköpun	– sýnir frumkvæði og sjálfstæði við val og vinnu á verkefnum, – sýnir áhuga og er forvitinn um umhverfi sitt og fyrirbæri í náttúrunni, – fær tækifæri til að njóta umhverfisins og styrkja skilning sinn á því.
Jafnrétti	– fær tækifæri til að vinna verkefni út frá eigin forsendum og áhuga, – getur farið eftir reglum við úrlausn verkefna, – gerir sér grein fyrir að allir menn eru jafnir óháð kyni, kynhneigð og kynþætti, – getur rætt um mikilvægi fjölbreytileika í lífríki dýra, plantna og manna,

Heilbrigði og velferð	- getur unnið með öðrum að lausn verkefna, – nýtir eigin styrkleika við vinnu verkefna, – gerir sér grein fyrir eigin ábyrgð á heilsu og velferð með ástundun heilbrigðra lífsháttar
-----------------------	--

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
<ul style="list-style-type: none"> -Ljóstillífun. -Bruni. -Vistkerfi. -Sjálfbærni. -Erfðir. -Erfðatækni. -Þróun lífs. -Þróun jarðar. -Steingervingar. -Náttúruval. -Frumeindir -Orkugjafar -Sólkerfið -Árstíðaskipti 	<ul style="list-style-type: none"> -Kennslubók. -Tölvur. -Myndefni. -Ýmis efni og áhöld til tilrauna. -Ítarefni. 	<ul style="list-style-type: none"> - unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, - komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, - unnið vel og farið eftir fyrirmælum, - lesið texta í náttúrufræði sér til gagns og greint aðalatriði hans, - túlkað myndir og gröf, - beitt algengustu hugtökum í erfðafræði, vistfræði, þróunarfræði og ljóstillífun, - lýst ferlum ljóstillífunar og bruna og mikilvægi þeirra, - lýst hringrás kolefnis og orkuflæði í náttúrunni, - beitt vísindalegum vinnubrögðum við gerð einfaldra athugana, - útskýrt mikilvægi og ástæður náttúruverndar hérlandis og erlendis og komið með hugmyndir um úrbætur í umhverfismálum, - gert sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærarrar þróunar, - lýst nokkrum íslenskum vistkerfum og gert sér grein fyrir sérstöðu þeirra, - skýrt hugmyndir manna um náttúruval, hæfni, aðlögun og arfbundinn breytileika, - útskýrt hvernig ýmsir eiginleikar erfast milli kynslóða og unnið með algengustu hugtök erfðafræðinnar, - lýst notkun erfðatækniðar, kostum og göllum, - lýst myndun og þróun jarðarinnar, – sagt frá hugmyndum þróunarkenningarinnar um þróun lífs á jörðinni, –þekkt grunnbyggingu frumeinda, –skýrt hringrás orku og sjálfbærni í orku í framtíðinni, –þekkt uppbyggingu sólkerfisins okkar. 	

10. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Heimilisfræði er einnig valgrein í 10.bekk og miðast við hálfan veturinn. Kennt er í þrjár kennslustundir í senn í stað tveggja og eru nemendur því búnir nokkru áður en önninni líkur. Nemendur velja annars vegar um bakstur eða heimilisfræði. Í bakstursvali er eingöngu bakstur en í heimilisfræðivali er blandað, bakstur og matargerð ýmiskonar.

Kennslustundir eru að mestum hluta verklegar en fræðsla er í upphafi tímannna sem tengist viðfangsefnum hverju sinni.

Nemendur vinna 2-3 saman og velja oftast vinnufélaga.

Heimilisfræði er einnig kennd í lotum yfir veturinn þannig að allir nemendur í 10. bekk fá kennslu í heimilisfræði.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupbættir
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur skipta með sér verkum þannig að allir aðilar séu sáttir.
Læsi	Að geta lesið uppskriftir og áttað sig á að það þarf að fara eftir aðferð og á sama tíma þarf að skoða hvað á að vera mikið af hverju hráefni. Átta sig á tengslum milli aðferðar og hráefnis. Geta skipulagt vinnuna miðað við þær leiðbeiningar sem eru í uppskriftinni.
Sjálfbærni	Fara vel með matvæli og ræða um fæðusóun og hvernig má nýta matvæli sem best. Flokka úrgang.
Sköpun	Sköpun getur komið fram við matargerð, t.d. við bakstur og hvernig matur er borinn fram.
Jafnrétti	Sömu verkefni eru fyrir stráka og stelpur og sömu kröfur gerðar til þeirra.
Heilbrigði og velferð	Fræðsla og umræður um næringarfræði, hollt mataræði og að forðast öfgar í mataræði. Læri að elda hollan og næringarríkan mat. Áhersla lögð á mikilvægi hreinlætis við matargerð.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Megin viðfangsefni námssviðsins eru mismunandi aðferðir við bakstur svo sem hrært deig, hnoðað deig og gerdeig. Þjóðlegur bakstur s.s. kleinur og laufabrauð. Fjölbreytt matargerð bæði einföld og flóknari. Matargerð ýmissa landa.	Uppskriftir frá Námsgagnastofnun og kennara.	Nemendur geti unnið eftir uppskriftum og farið eftir aðferðum við bakstur og matargerð. Þjálfist í að nota eldhúsáhöld og rafmagnstæki.	Símat er í tímum sem byggir á lykilhæfnipáttum. Horft er sérstaklega á þættina frumkvæði, ábyrgð, samskipti og samstarf.
Nemendur vinna eftir uppskriftum og temja sér sjálfstæði og skipulag.		Gangi snyrtilega um vinnusvæði og skili því hreinu í lok tímans.	

Námsgrein: Leiklist

Tímafjöldi á viku: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur læra leiki og æfingar sem miða m.a. að aukinni hópméðvitund, og þjálfist í að fylgja fyrirmælum.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Heilbrigði og velferð	Að nemandi efli samábyrgð, virðingu og góðvild gagnvart hvort öðru.
Jafnrétti	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Læsi	Að nemandi sé læs á leiklist.
Sköpun	Að nemandi fái að uppgötva, njóta og virkja ímyndunaraflíð í gegnum leiklist.
Lýðræði og mannréttindi	Að nemandi fái tækifæri til að þroskast í gegnum leiklist á eigin forsendum.
Sjálfbærni	Að nemandi öðlist andlega, líkamlega og félagslega vellíðan með vinnu í gegnum leiklist.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Sköpun, tjáning Söngur Hreyfing, Lestur, upplestur og ritun Líkams- og raddbeiting Hlustun Áhorf	Ýmis bókmenntaverk og leikverk.	<ul style="list-style-type: none"> Unnið í hópi að fjölbreyttum leiklistarverkefnum. Bæði veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni og nýtt sér hana inn í vinnuferli í leiklist. Túlkað leikpersónu á sviði í góðu samspili við meðleikara, beitt rými, radd-og líkamsbeitingu á meðvitaðan hátt til þess að styrkja túlkun sína. Skrásett og rökstutt eigið vinnuferli í leiklist. Nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til þess að styrkja sköpun sína á markvissan hátt. 	Matsblað, gátlisti, sýnismappa Leiðsagnarmat

10. bekkur

Námsgrein: Textílmennt

Tímafjöldi í textílmennt er: Kennd í lotum yfir veturinn. Í list- og verkgreinum er skipt í fimm hópa og fimm tímabil. Í hverju fagi eru 4 kennslustundir á viku á hverju tímabili.

Textílmennt er einnig val hjá 10. bekk. Þeir sem velja það eru 2 tíma á viku hálfan veturinn.

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hópurinn er blandaður úr 8, 9, og 10. bekk. Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara eftir getu og reynslu af hönnun og saumaskap. Innlögn er fyrir hópinn en svo vinnur hver í sínu (verkefni sem hver velur sér) og er því kennslan er að mestu einstaklingskennsla.

Textílmennt er einnig kennd í lotum yfir veturinn þannig að allir nemendur í 9. bekk fá kennslu í textílmennt.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áherslupættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> -Að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin. -Að nemendur hafi góða vinnuaðstöðu og líði vel. -Að gagnkvæm virðing ríki á milli kennara og nemandra.
Læsi	<p>Umhverfislæsi: Nemendur læri á umhverfi sitt og að nýta sér þau tæki og tól sem nauðsynleg eru í þeirri vinnu sem þau eru hverju sinni.</p> <ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur geti lesið uppskriftir og leiðbeiningar.
Sjálfbærni	Við renum að endurnýta sem mest, sauma og prjóna úr gömlum efnum, gardínum, rúmfötum, flíkum ofl. Við göngum vel um skólastofuna og flokkum plast, pappír og liffrænt.
Sköpun	Nemendur hafi ákveðið val um td. verkefni, efni, liti, form eða annað. Nemandi skapar þá sitt eigið verk, gerir það að sínu og enginn annar á eins.
Jafnrétti	-Áhersla á að textílmennt sé jafnt fyrir bæði kynin.
Heilbrigði og velferð	Áhersla á rétta líkamsstöðu og rétta beitingu verkfæra, ásamt því að gera sér grein fyrir þeirri ógn sem getur stafað af verkfærunum séu þau ekki notuð rétt.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Hönnun og verktækni.	Námsefni búið til af kennara, ásamt handbókum og ýmsum tískublöðum. Einnig er notast við efni af netinu.	<ul style="list-style-type: none"> -Að nemendur læri að hanna og útfæra sína hugmynd. og noti til þess rétt verkfæri. -Að nemendur geti tekið upp mál og fundið út rétta fastastærð. -Að nemendur geti verið sjálfbjarga á saumavélina og nýtt sér öll helstu sporin, geti gert hnappagöt og saumað í rennilás. -Að nemendur geti tekið upp snið og saumað einfaldar flíkur með aðstoð og gert við fót. 	<p>Lykilhæfnipættir metnir og skráðir.</p> <p>Símat: Verk nemenda metin jafnt og þétt.</p> <p>Lokamat er byggist á þessu símati.</p>

10. bekkur

Námsgrein: Íþróttir

Tímafjöldi á viku: 2

Kennsluaðferðir og skipulag:

Innlögn, grunnþjálfun, leikir, leikfimiæfingar

Leiðir: Reynt er að nálgast námsmarkmiðin og örva þroskaþættina gegnum fjölbreytta leiki og leikæfingar. Stöðvahringir og fjöltímar er kennsluform sem mikið er notað.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Eftirfarandi áherslur eru skilgreindar fyrir grunnþætti menntunar í íþróttum:

Grunnþáttur	Áherslubættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til íþróttaiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu íþróttahússins. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama.
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í ýmsu formi við fjölbreyttar aðstæðum.
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháðkyni, menningu, fötlun, aldri og búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti.

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Grunnþjálfun, leikir og leikfimiæfingar	<p>Útiþróttir - ganga/hlaup, leikir og þrautir.</p> <p>Inniþróttir- áhöld/tæki sem þarf að nota fyrir helstu æfingar, leiki og íþróttagreinar.</p>	<ul style="list-style-type: none"> • bekkir samvinnu og sýnir samvinnu í leik og keppni • kann að nýta eigin líkamsþunga í styrktarþjálfun • getur notað hugmyndaflug, sköpunarkraft og tjáningu með fjölbreyttu hreyfinámi. • kann skil á reglum og leikfræði helstu íþróttagreina • bekkir gildi heilbrigðs lífernис • bekkir þjálfunarleiðir íþrótta og heilsuræktar og tileinkar sér þær 	<p>Námsmarkmið: þrep 19 og 20</p> <p>Hluti af stöðvaþjálfun.</p>

10. bekkur

Námsgrein: Sund

Tímafjöldi á viku: 1

Kennsluaðferðir og skipulag:

Hefðbundin sundkennsla í Sundlaug Akureyrar, reglur, leikir, allar sundaðferðir, björgunarsund, marvaði og stungur.

Grunnþættir menntunar þessa námssviðs

Grunnþáttur	Áhersluþættir
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> Nemendur fá að hafa einhver áhrif á einstaka kennslustundir s.s. með vali á verkefnum. Nemendum er boðið upp á góða aðstöðu til sundiðkunar og vel menntaða kennara. Virðing skal vera gagnkvæm milli nemenda og kennara/starfsfólks. Nemendur beri virðingu fyrir umhverfi og aðstöðu sundlaugarinnar og öðrum sundlaugargestum. Þegar skipt er í hópa eða lið, skal alltaf gætt jafnræðis.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> Hluti læsis er hlustun og lestur á umhverfi og líkama
Sjálfbærni	
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> Líkamstjáning í vatni
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að allir eru jafnir óháð kyni, menningu, fötlun, aldri, búsetu og líkamsbyggingu.
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> Áherslur á gildi næringar og hollrar fæðu, hvíldar og hreyfingar af öllu tagi ásamt hreinlæti

Áætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Námsframvindumarkmið	Mat
Bringusund, skriðsund, baksund, kafsund, flugsund, þolsund, björgunarsund með jafningja, tímataka og marvaði. Stunga	Námsmarkmið þrep 19 þrep 20	<ul style="list-style-type: none"> Getur synt 600m sund á lágm. 20 mín Getur synt 12 m kafsund Getur synt 25 m björgunarsund og bjargað af botni laugar Getur synt 100 m bringusund lágm 2:20 	Námsmarkmið í mentor

og leikur í vatni

- Getur synt 50 m skriðsund lágm. 61 sek
- Getur synt 50 m baksund lágm 70 sek